

Íslenski
vátryggingamarkaðurinn

 **Neytenda
samtökin**



Oft er talað um að vátryggingar á Íslandi séu dýrar. Hér er íslenski tryggingamarkaðurinn settur í alþjóðlegt samhengi og gerð er grein fyrir áhrifum fákeppni, skaðabótaréttar, skatta og samsetts hlutfalls á arðsemi. Sjónum er beint að samsettu hlutfalli skaðatrygginga og persónutrygginga, rekstrarformi gagnkvæmra félaga og áhrifum árangurstenginga launa lögmanna og tryggingasölumanna.

Hagnaður skaðatrygginga er lítill en sterkar vísbendingar eru um að hann sé mikill þegar litið er til persónutrygginga. Með hagræðingu, skýrari afmörkun bótaskyldu, samræmdu matsferli og aukinni samkeppni er unnt að lækka kostnað, bæta virkni kerfisins og tryggja sanngjarnari skiptingu ávinnings.

Skýrslan samanstendur af eftirfarandi köflum:

Staða og umhverfi vátrygginga

Byggt á meistararitgerð Hörpu Hjartardóttur í fjármálahagfræði við Hagfræðideild Háskóla Íslands frá júní 2024, leiðbeinandi Þórólfur Matthíasson prófessor.

Gagnkvæm tryggingafélög

Dr. Erlendur Ingi Jónsson

Séreignatrygging eða séreignasparnaður?

Útdráttur úr óbirtri grein Dr. Erlends Inga Jónssonar

Skaðabætur - ökutækjatryggingar

Dr. Erlendur Ingi Jónsson

Ritstjórn og ráðgjöf:

Breki Karlsson, Brynhildur Pétursdóttir og Þórólfur Geir Matthíasson

Ábyrgðarmaður:

Breki Karlsson

Umbrot:

Ámundi

Efnisyfirlit

Staða og umhverfi váttryggingafélaga á Íslandi	5
Starfsemi tryggingafélaga	5
Fjárfestingastarfsemi	6
Ávöxtun fjárfestingaeigna	6
Fjármagnstekjur og afkoma	7
Fjárfestingaeignir	8
Váttryggingastarfsemi	9
Verðlag, iðgjöld og afkoma	9
Samsett hlutfall	11
Tjón	12
Skaðabætur líkamstjóna	13
Arðsemi	14
Arðgreiðslur og endurkaup	14
Arðsemi eigin fjár	15
Innleiðing á IFRS 17	17
Rekstrarreikningur	17
Váttryggingaskuld	19
Samanburður við Norðurlönd	21
Iðgjöld, tjón og samsett hlutfall	21
Samsett hlutfall	22
Skaðabætur líkamstjóna á Norðurlöndum	24
Umfang tryggingageirans	25
Niðurstöður	26
Gagnkvæm tryggingafélög	29
Eignarhald og stjórnarhættir	29
Rekstrarform og fjármögnun	29
Hagnaðardreifing og neytendaáhersla	29
Gagnkvæm tryggingafélög í Evrópu	30
Gagnkvæm tryggingafélög á Norðurlöndum	30
Gagnkvæm tryggingafélög í Benelúx	31

Gagnkvæm tryggingafélög í Þýskalandi og Mið-Evrópu	31
Breytingar og þróun	31
Helstu kostir gagnkvæmra félaga	32
Ábati – endurgreiðsla	32
Lægra verð	32
Traust og tryggð	33
Aukin samkeppni og fjölbreytni	33
Áskoranir	34
Aðgengi að fé	34
Ábyrgð og áhættudreifing	34
Stjórnarhættir og skilvirkni	34
Stærð og sérhæfing	35
Samkeppnisskekkja	35
Lagarammar og framtíðarskilyrði	36
Lagaskilyrði	36
Er þörf á lagabreytingum?	36
Langtímaáhrif	37
Séreignartrygging eða séreignarsparnaður?	39
Helstu niðurstöður	39
Hvað er séreignarsparnaður?	40
Hvað er séreignartrygging?	41
Tillögur um umbætur	44
Skaðabætur – ökutækjatrýggingar	46
Flest mál undir 15% örorku	46
Þörf á samræmingu	49
Örorkumöt– fyrirkomulag og framkvæmd	50
Heimildaskrá	56

Staða og umhverfi váttryggingafélaga á Íslandi

Reglulega hefur skapast mikil umræða í samfélaginu um að tryggingar hér á landi séu of dýrar. Vissulega hafa tryggingar hækkað mikið í verði undanfarin ár, umfram almennt verðlag, á sama tíma og tryggingafélögin hafa skilað stórum upphæðum til hluthafa sinna í formi arðs og endurkaupa eigin hlutabréfa. Ætla má að tryggingar séu meðal stærri kostnaðarliða heimila á Íslandi og að meðalheimilið verji umtalsverðum fjárhæðum árlega í tryggingar, bæði lögbundnar og valkvæðar.¹ Íslendingar, bæði heimili og fyrirtæki, greiddu tryggingafélögunum fjórum rúma 95 milljarða króna í tryggingaiðgjöld árið 2023. Þá vakna eftirfarandi spurningar:

1. Eru tryggingar á Íslandi dýrar?
2. Ef svo er, af hverju eru tryggingar dýrar?
3. Hvers vegna hefur tryggingaverð hækkað svo mikið síðastliðin ár?
4. Hvað er til ráða?

Tryggingafélögin sem eru til skoðunar eru þau fjögur stærstu á Íslandi, Sjóvá-Almennar líftryggingar og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (sameiginlega kallað Sjóvá), Váttryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands hf. (sameiginlega kallað VÍS), Vörður líftryggingar hf. og Vörður tryggingar hf. (sameiginlega kallað Vörður) og TM líftryggingar hf. og TM tryggingar hf. (sameiginlega kallað TM). Öll eru félögin rekin sem hlutafélög og eru íslenskir lífeyrissjóðir meðal stærstu eigenda. Sjóvá er skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland en hin þrjú í gegnum móðurfélög sín. TM er í eigu Landsbankans, Vörður er í eigu Arion banka og VÍS í eigu Skaga.

Starfsemi tryggingafélaga

Tryggingafélög gera einstaklingum og fyrirtækjum kleift að draga úr fjárhagslegri áhættu tengdum rekstri og í daglegu lífi. Félögin hafa tryggt tekjustraum í formi iðgjalda en óvissa ríkir um tímasetningu og umfang útgreiðslna tengdum tryggingaratvikum. Stór þáttur af starfsemi tryggingafélaga felst einfaldlega í því að ávaxta tryggingarbætur vegna óorðinna eða óuppgerðra tryggingaratvika. (Örn Arnarson, 2019). Starfsemi tryggingafélaga er því í grunninn tvíþætt: annars vegar váttryggingastarfsemin sjálf, það er að segja gerð váttryggingasamninga og uppgjör tjóna sem er kjarninn í starfsemi félaganna. Hins vegar er það fjárfestingastarfsemi, sem er afleidd af váttryggingarhlutverkinu og felst í að mynda tryggingarsjóð til að takast á við aðstæður þar sem útgreiðslur vegna tjóna verða meiri á ákveðnu tímabili en sem nemur iðgjaldagreiðslum. Tryggingafélögin varðveita því töluverða sjóði, enda safna þau iðgjaldagreiðslum af gerðum samningum áður en möguleg útgreiðsla vegna tjóns á sér stað. Einn stærsti þáttur í starfsemi tryggingafélaga snýst um það hvernig ávaxta skuli þetta fé og því stunda tryggingafélögin öll umfangsmikla fjárfestingarstarfsemi (Snorri Páll Gunnarsson, 2017). Í váttryggingarsamningum taka tryggingafélögin á sig áhættu vegna mögulegra fjárhagslegra tjóna og

¹Vægi tryggingarútgjalda í Neysluverðsvísitölu Hagstofu Íslands (NVV) ræðst nú af hreinum útgjöldum heimilanna vegna trygginga, þ.e.a.s. af mun tryggingariðgjalda og bótagreiðslna. Vægi váttrygginga í NVV er nú rétt um 1% af heildarútgjöldum. Meðaltalið í Evrópu er allt að því tvöfalt hærra sem skýrist af meira vægi opinberra tryggingalausna á Íslandi en tilfellið er víða annars staðar. Fyrir 2024 miðaðist vægi tryggingarútgjalda í NVV við heildarútgjöld heimilanna án tillits til áhrifa bótagreiðslna.

reikna sér iðgjald af slíkri þjónustu með tryggingafræðilegum aðferðum. Væntar iðgjaldagreiðslur þurfa eðlilega að standa straum af framtíðarkröfum váttryggingataka auk annars kostnaðar sem hlýst af slíkri starfsemi.

Gerður er greinarmunur á váttryggingarekstri eftir því hvort um er að ræða skaða-tryggingar, þ.e.a.s. tryggingar á eignum og munum annars vegar, eða líf- og heilsu-tryggingar hins vegar. Umsýsla líf- og heilsu-trygginga er í dótturfélögum tryggingafélaganna. Þá eru tryggingarafurðir sem íslensk tryggingafélög selja ýmist lögbundnar tryggingar eða valkvæðar. Dæmi um lögbundnar tryggingar eru ökutækjatrýggingar og brunatrýggingar húseigna. Auk þess er kveðið á um skyldu til að slysatrýggja launþega í kjarasamningum sem líta má á sem millistig milli lögbundinna og valkvæðra trygginga. Að öðru leyti eru tryggingar valkvæðar (Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, e.d.).

Fjárfestingastarfsemi


Tryggingafélög, ásamt bönkum, lífeyrissjóðum og verðbréfa- og framtakssjóðum, verða ekki rekin með trúverðugum hætti nema þau hafi yfir umtalsverðu fjármagni að ráða. Skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum, hvort heldur eru í formi uppsafnaðra iðgjalda eða í formi innistæðna á sparnaðar- og viðskiptareikningum, safnast á skuldahlið efnahagsreiknings þessara félaga og stofnana. Þessu fé þarf að koma í ávöxtun. Af sjálfu leiðir því að tryggingafélög, auk banka og lífeyrissjóða, eru mikilvægir stofnanafjárfestar í hagkerfinu og ein helsta uppspretta og hreyfiafl fjármagns.

Ávöxtun fjárfestingaeigna

Ávöxtun fjárfestingaeigna tryggingafélaga á Ísland hefur verið nokkuð sveiflukennd síðastliðin 10 ár. Stýrivextir hafa mikil áhrif á almennt vaxtastig. Þegar almennt vaxtastig er lágt eykst eftirspurn eftir fjármagni. Fólki og fyrirtæki spara minna, lántaka eykst og fjárfestingar aukast, og gengi hlutabréfa hækkar.

Á mynd 1 má annars vegar sjá meðal nafnávöxtun fjárfestingaeigna VÍS, Sjóvá og TM síðastliðin 10 ár og hins vegar stýrivexti Seðlabanka Íslands. Sjá má að skörp stýrivaxtalækkun sem hófst árið 2019 hafði jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestingaeigna hjá tryggingafélögum árið 2021, þegar stýrivextir náðu sögulegu lágmarki, 0,75%. Meðalávöxtun hvers árs kemur fram í lok þess árs á myndinni.

Mynd 1:
Ávöxtun
fjárfestinga-
eigna og
stýrivextir



Heimild: Ársreikningar VÍS, Sjóvá og TM fyrir fjárhagsárin 2014-2023, Seðlabanki Íslands (e.d.).


Ef við berum Ísland saman við önnur tryggingafélög á heimsvísu þá var raunávöxtun fjárfestingaeigna nokkuð misjöfn árið 2021. Verðbólga á OECD svæðinu náði hæsta gildi í 30 ár í desember 2021 eða 6,6% (OECD, 2023a). Hækkun verðbólgu hefur mikil áhrif á virði ogávöxtun í nokkrum eignaflokkum, sér í lagi eignum með fastar tekjur (til dæmis skuldabréf á föstum vöxtum), þar sem kaupmáttur sjóðstreymisins minnkar yfir tíma. Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hækkaði árið 2021 og leiða má líkur að því að það hafi skilað eigendum þeirra tapi á árinu. Sterkur hlutabréfamarkaður árið 2021 hjálpaði þó tryggingafélögunum að vinna á móti því tapi. Ávöxtun var góð á helstu hlutabréfamörkuðum árið 2021. Japanska Nikkei 225 vísitalan hækkaði um 6%, FTSE 100 vísitalan breska hækkaði um 14%, þýska DAX vísitalan hækkaði um 16% og bandaríska S&P 500 vísitalan hækkaði um 27%. Þau tryggingafélög sem áttu stóran hluta fjármuna í hlutabréfum árið 2021 nutu góðs af þessari verðmætisaukningu hlutabréfa. En þrátt fyrir hækkun á hlutabréfmörkuðum varávöxtun fjárfestingaeigna heilt yfir lakari en á árinu 2020 (OECD, 2023a).

Árið 2022 var raunávöxtun almennt neikvæð á heimsmælikvarða. Skuldabréf eru jafnan stærsti einstaki eignarflokkur tryggingarféлага. Líftryggingafélög fjárfesta að mestu í verðbréfum með föstum tekjum á móti langtímaskuldum þeirra. Skaðatryggingafélög fjárfestu einnig að stærstum hluta í skuldabréfum eða um 50% í þeim 48 löndum sem rannsókn OECD náði til. Hins vegar er vert að minnast á að eignasamsetningin getur verið mjög breytileg milli landa. Markaðsvirði skuldabréfa og hlutabréfa féll á árinu 2022, í kjölfar hækkun stýrivaxta víða um heim. Hækkun stýrivaxta hefur áhrif til hækkunar áávöxtunarkröfu skuldabréfa sem lækkar virði þeirra auk þess að hlutabréfamarkaðir lækkuðu á heimsvísu. Vegna þessa skiluðu tryggingafélög verriávöxtun fjárfestingaeigna árið 2022 en 2021. Hins vegar skiluðu mörg félög jákvæðri nafnávöxtun á árinu en hafa ber í huga að miklu skiptir hvernig tryggingafélögin meta eignir sínar. Í einhverjum löndum eru eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem nær ekki utan um tap sem hlýst af lækkandi markaðsvirði. Tapið verður einungis til ef tryggingafélögin selja eignina eða halda henni ekki út líftíma hennar. Það getur því reynst erfitt að bera samanávöxtun á milli landa þar sem hún er ekki alltaf algjörlega samanburðarhæf. Það gæti þó breyst þar sem tryggingafélögin innleiddu samræmdan reikningsskilastaðal, IFRS 17, í byrjun árs 2023, en samkvæmt staðlinum fækkar þeim eignum sem eru metnar á kostnaðarverði. Eftir að hafa leiðrétt fyrir verðbólgu þá var raunávöxtun fjárfestingaeigna neikvæð í nánast öllum löndunum, með einungis nokkrum undantekningum, aðallega í Suður-Ameríku. Annars staðar, þar á meðal á Íslandi, var nafnávöxtun fjárfestingaeigna lægri en verðbólgan og raunávöxtun því neikvæð (OECD, 2023b).

Fjármagnstekjur og afkoma

Fjárfestingastarfsemin er mikilvægur þáttur í rekstri váttryggingaféлага. Afkoma af váttryggingarsamningum er nokkuð stöðug en afkoma af fjárfestingarstarfsemi getur verið ansi sveiflukennd. Síðastliðin 10 ár var afkoma af fjárfestingarstarfsemi að meðaltali um 56% af afkomu fyrir skatta váttryggingafélaganna. Þegar afkoma af fjárfestingarstarfsemi þurrkast út, eins og á árinu 2022, hefur það mjög mikil áhrif á hagnað félaganna. Váttryggingastarfsemi nægir því ekki ein og sér til þess að mæta arðsemiskröfu fjárfesta í hlutafélagi. Á mynd 2 má sjá afkomu váttryggingareksturs tryggingafélaganna auk fjárfestingarstarfsemi síðastliðin 10 ár, annars vegar í milljörðum króna og hins vegar hlutfallslega skiptingu.

Mynd 2:
Afkoma
starfspáttá
vátrygginga-
félaga



Skýring. Frá 2022 er miðað við IFRS 17 reikningsskilastaðla.

Heimild: Ársreikningar VÍS, Sjóvá, TM og Varðar fjárhagsárin 2014–2023.

Fjárfestingaeignir

Tryggingafélög eru umfangsmikil á fjármálamarkaði. Samkvæmt Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands námu eignir tryggingafélaga 323 milljörðum króna í lok árs 2023, sem er um 2,2% af heildarstærð fjármálakerfisins. Samtals átta lífeyrissjóðir og tryggingafélög eignir sem námu 46,5% af heildareignum fjármálakerfisins í lok árs 2023. Til samanburðar námu eignir viðskiptabankanna 33% af heildareignum á sama tíma (Seðlabanki Íslands, 2024a). Stærsti liðurinn á eignahlíð efnahagsreiknings tryggingafélaganna eru fjárfestingaeignir. Í lok árs 2023 námu fjárfestingareignir VÍS 65,3% af heildareignum félagsins, Sjóvá 78%, Varðar 93% og TM 79% (VÍS, 2024; Sjóvá, 2024; Vörður, 2024; TM, 2024). Það sýnir enn fremur hve umfangsmikil fjárfestingastarfsemin er fyrir félögin.

Eignasamsetning fjárfestingaeigna er nokkuð frábrugðin í skaðatryggingum og líftryggingum. Stærsti hluti fjárfestingaeigna í skaðatryggingum eru hlutabréf eða um 33% af safninu hjá öllum tryggingafélögunum. Hins vegar, ef horft er á líftryggingar, eru nánast engin hlutabréf í safninu. Þar er stærsti eignaflokkurinn ríkisskuldabréf sem er meira en helmingurinn af safninu. Á sama tíma eru ríkisskuldabréf um 23% af eignasafni skaðatrygginga. Næst stærsti flokkurinn í bæði skaða- og líftryggingum er fyrirtækjaskuldabréf eða um 26% af eignasafni skaðatrygginga og 29% af eignasafni líftrygginga (Fjármálaeftirlitið, e.d.).

Hlutabréf eru áhættusöm fjárfesting en ríkisskuldabréf almennt talin mjög áhættulítill fjárfesting. Fjárfestingasafn líftryggingafélaga ber því töluvert minni áhættu en fjárfestingasafn skaðatrygginga. Ástæðan fyrir því er einna helst hve ólíkar skuldbindingar skaða- og líftryggingar eru. Eigna- og skuldastýring líf- og skaðatrygginga leiðir því til ólíkrar eignastýringar fjárfestingaeigna þar sem skuldbindingar líftrygginga eru almennt til lengri tíma. Skaðatryggingasamningar eru venjulega einungis til eins árs í senn og þurfa að geta mætt óvæntum tjónagreiðslum með stuttum fyrirvara (Ross, 2022). Skaðatryggingar þurfa því talsvert af auðseljanlegum eignum sem hægt er breyta fljótt í laust fé. Kröfur á hendur líftrygginga geta oft verið fyrirsjáanlegri sem gerir líftryggjendum kleift að fjárfesta í minna seljanlegum eignum og fylgja „kaupa og halda“ stefnu (Gründl o.fl., 2016).


Vátryggingastarfsemi

Vátryggingastarfsemi snýst fyrst og fremst um að dreifa áhættu sem einstakir tryggingatakar standa frammi fyrir. Greitt er fyrir áhættuna til tryggingafélaganna með iðgjöldum sem eru fundin út frá útreikningi á líkum á að tjón eigi sér stað og umfangi hvers tjóns. Því fleiri sem tryggja sig – því minna verður staðalfrávik tjónatíðni og tjónsupphæðar í hverju tryggingaratviki. Tryggingafélög kunna að verðmeta áhættu hjá ólíkum einstaklingum á mismunandi vegu sem þýðir að það er ekki eitt iðgjald og föst verðskrá sem gildir fyrir alla. Það reynist því oft á tíðum erfitt að bera saman iðgjald á milli tryggingafélaga og landa þar sem erfitt getur reynst að búa til áhættusnið (e. *risk profile*) sem er sambærilegt milli landa. Áhættumat tryggingafélaga ætti að gera það að verkum að verð trygginga endurspegli kostnaðinn við að veita þær – sem gerir þær efnahagslega skilvirkar innan þeirra marka sem eðlislægir markaðsbrestir setja. Þar sem hvert tryggingafélag styðst við eigið mat á líkum á áföllum skapar það jafnframt samkeppnisumhverfi sem gefur þeim félögum forskot sem afla bestra upplýsinga og notast við bestu áhættumatslíkönin. Virk samkeppni á þessu sviði eykur og bætir hag neytenda (Örn Arnarson, 2019).

Verðlag, iðgjöld og afkoma

Heildariðgjöld tryggingafélaganna fjögurra námu 95,1 milljörðum króna árið 2023. Iðgjöldin hafa vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár en þau voru undir 50 milljörðum króna árið 2015. Á Mynd 3 má sjá þróun iðgjalda tryggingafélaganna fjögurra. Samfelldur árlegur vöxtur iðgjalda hefur verið um 7,5% á ári sem er vöxtur umfram verðbólgu.


Mynd 3:
Heildariðgjöld
vátrygginga-
félaga



Heimild: Ársreikningar VÍS, Sjóvá, TM og Varðar fjárhagsárin 2015-2023.

Á Mynd 4 má sjá þróun vísitölu neysluverðs annars vegar og undirliggjandi vísitölu ýmissa vátryggingareksturs hins vegar frá byrjun árs 2015. Eins og sjá má glögglega á myndinni hafa tryggingar, þá sér í lagi bílatryggingar og ábyrgðartryggingar, hækkað meira á þessu tímabili en vísitala neysluverðs. Það þýðir að tryggingar hafa hækkað í verði umfram almennt verðlag.

Mynd 4:
Vísitala
neysluverðs
og trygginga



Heimild: Hagstofa Íslands (e.d.-c).

Verðlag trygginga á Íslandi hefur einnig hækkað töluvert umfram önnur lönd. Árið 2022 var meðalhækkun líftrygginga þeirra 51 landa sem skýrsla OECD náði til -3,9% raunlækkun og 6,2% nafnhækkun. Lækkun líftrygginga að raunvirði á Íslandi nam -1% og nafnhækkun 8,5%. Í skaðatryggingum var meðaltalið 14,1% raunhækkun og 2,9% nafnhækkun, á meðan á Íslandi varð raunlækkun um 1,5% en nafnhækkun um 8,0% (OECD, 2023b).

Vægi trygginga í vísitölu neysluverðs hefur verið nokkuð sveiflukennt auk þess sem Hagstofa Íslands hefur breytt flokkunum og aðferðafræði við útreikning. Í desember 2025 töldust tryggingar 0,87% af heildarútgjöldum í NVV. Þar af 0,33% vegna trygginga tengdum húsnæði og 0,53% vegna trygginga tengdum samgöngum. Í mars 1997 töldust tryggingarútgjöld vegna NVV 2,57% af heildarútgjöldum. Ekki eru aðrir flokkar en húsnæðistryggingar og bílactoryggingar taldir til tryggingarútgjalda. Ástæða þess að hlutdeild trygginga í heildarútgjöldum í vísitölugrunninum lækkar svo mikið milli ára 1997 og 2025 er breyting á útreikningi vísitölunnar. Árið 1997 voru iðgjaldagreiðslur til tryggingafélaga taldar sem tryggingarútgjöld, en árið 2025 voru það aðeins mismunur iðgjaldagreiðslna og bótagreiðslna til heimilanna sem töldust tryggingarútgjöld í útgjaldagrunni vísitölunnar. Ef horft er á einkaneyslu, þá hefur hlutfall trygginga dregist saman á síðustu árum. Hlutfallið var 0,9% árið 2024 sem var það lægsta sem verið hefur síðan árið 2001. Hagstofan telur aðeins mismun tryggingariðgjalda og bótagreiðslna sem einkaneysluútgjöld. Á síðustu 30 árum var hlutfall tryggingarútgjalda í einkaneyslu hæst árin 2010 og 2011 eða 1,3% (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Það þarf þó ekki að þýða að neysla á tryggingum hafi dregist saman, frekar að önnur einkaneysla hafi aukist umfram kaup á tryggingum. Ef horft er á tryggingahluta einkaneyslu á verðlagi hvers árs þá var það nokkuð stöðugt á árunum 2010-2015 en tók svo að hækka árið 2016-2022. Tryggingar lækkuðu svo úr 19,6 milljörðum króna í 19,4 milljarða króna árið 2023 (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 162.400 heimili á Íslandi árið 2022. Að meðaltali fóru því árlega 121.000 krónur af einkaneyslu hvers heimilis í tryggingar árið 2022.

Þrátt fyrir hækkandi verð og aukið vægi í vísitölunni hefur váttryggingastarfsemin almennt ekki verið arðbærasta starfsemi váttryggingafélaganna. Mikilvægt er að váttryggingastarfsemin standi undir sér, þ.e. að iðgjöld standi undir tjónakostnaði og rekstrarkostnaði vegna starfseminnar. Staða grunnrekstursins endurspeglast í

svokölluðu samsettu hlutfalli en það sýnir tjóna- og rekstrarkostnaðar sem hlutfall af iðgjöldum váttryggingafélaganna og verður nánar fjallað um í næsta kafla. Það er einnig mikilvægt að váttryggingareksturinn sé ekki rekinn með tapi þar sem mikið flókt er á verðbréfamörkuðum og váttryggingafélögin geta því ekki reitt sig á að fjárfestingartekjur haldist stöðugar og jafni halla á undirliggjandi rekstri (Fjármálaeftirlitið, 2016).


Samsett hlutfall

Samsett hlutfall er mælikvarði á hversu vel rekstur váttryggingahluta tryggingafélaga gengur. Í einföldu máli er þetta hlutfall iðgjalda annars vegar og útgjalda vegna váttrygginga hins vegar. Samsett hlutfall er fengið sem samtala tjónagreiðslna og rekstrarkostnaðar sem hlutfall af iðgjaldatekjum ársins. Kostnaðurinn er þrenns konar: tjónagreiðslur tímabilsins, greiðslur til endurtryggjenda og annar rekstrarkostnaður tengdur váttryggingastarfsemi (skrifstofukostnaður, auglýsingar, rekstur skoðanastöðva og svo framvegis). Rekstrarkostnaður vegna fjárfestingarstarfsemi er ekki hluti af samsettu hlutfalli enda ekki markmiðið að iðgjöld standi undir þeim kostnaði. Markmið tryggingafélaga er að á hverju ári standi iðgjöldin undir tjónagreiðslum og öðrum kostnaði félagsins (Hayes, 2020; Sjóvá, 2019)

$$\text{Samsett hlutfall} = \frac{\text{Tjón} + \text{hluti endurtryggjenda} + \text{rekstrarkostnaður}}{\text{Iðgjöld}}$$

Samsetta hlutfallið er sett fram sem prósentutala. Hlutfall undir 100% gefur til kynna að tryggingafélagið hagnist á váttryggingarsamningum á meðan hlutfall yfir 100% þýðir að útgjöld félagsins vegna rekstrar og tjóna séu meiri en tekjur af iðgjöldum. Þrátt fyrir að samsetta hlutfallið sé hærra en 100%, gæti tryggingafélagið samt sem áður verið arðsamt, enda eru fjárfestingatekjur ekki teknar inn í samsetta hlutfallið (Hayes, 2020). Samsett hlutfall tryggingafélaganna á árunum 2014 til 2023 má sjá á Mynd 5. Samsetta hlutfallið er tekið úr ársreikningum félaganna og frá 2022 er miðað við IFRS 17 reikningsskilastaðla.


Mynd 5:
Samsett
hlutfall
trygginga-
félaga



Á þessu tímabili hefur samsetta hlutfallið hjá íslenskum váttryggingafélögum verið á bilinu 89-110% en það er nokkuð hærra hlutfall en almennt þekkist í nágrannalöndunum. Samsett hlutfall allra tryggingafélaganna fjögurra á tímabilinu var að meðaltali 97,2%. Það þýðir að 97,2% af iðgjöldum fór í að greiða tjón, rekstrarkostnað og endurtryggingar og afgangurinn þá einungis 2,8% af iðgjöldum.

Hægt er að kafa dýpra í hlutfallið og skoða samsetta hlutfallið fyrir hvern tryggingaflokk fyrir sig. Ef einungis er horft á skaðatryggingar þá er samsetta hlutfallið hærra en fyrir tryggingafélagið í heild. Sögulega hefur reynst erfitt fyrir tryggingafélögin að halda samsettu hlutfalli skaðatrygginga undir 100%. Einn stærsti tryggingaflokkur skaðatrygginga, og sá sem hefur verið hvað mest í umræðunni, er ökutækjatryggingar.

Mynd 6:
Samsett
hlutfall
ökutækja-
trygginga



Það sést að þessi tryggingaflokkur hefur reynst tryggingafélögunum erfiður ljár í þúfu. Samsetta hlutfallið hefur ítrekað lent norðan við 100% sem þýðir að félögin hafa þá ítrekað greitt með þessum tryggingum. Öll félögin fjögur hafa upplifað talsverðar sveiflur yfir árin, sem bendir til þess að þessi starfspáttur sé almennt ekki stöðugur, sem er eðlilegt miðað við breytilegt eðli tjónatiðni og kostnaðar.


Líftryggingar hafa almennt verið töluvert hagstæðari rekstur fyrir tryggingafélögin enda samsetta hlutfallið nokkuð lægra en í tilfelli skaðatrygginga. Frá 2017-2023 hefur samsett hlutfall líftrygginga tryggingafélaganna fjögurra verið á milli 53-78%, að meðaltali 65,3%. Þetta þýðir að rekstur líftryggingar hefur verið arðbær á meðan skaðatryggingar hafa sögulega ekki skilað hárrí arðsemi. Hins vegar eru líftryggingar töluvert minni starfspáttur en skaðatryggingar. Árið 2023 námu iðgjöld vegna líftrygginga um 9,1% af öllum iðgjöldum tryggingafélaganna fjögurra, en afkoma af líftryggingum allra félaga var samtals 2.994 milljónir króna, sem var hærra en heildar afkoma af váttryggingarsamningum tryggingafélaganna. Skaðatryggingar voru því í einhverjum tilfellum að skila tapi.

Tjón

Tjónakostnaður er stærsti kostnaðarliður váttryggingastarfseminnar og þar af leiðandi stærsti áhrifapáttur samsetta hlutfallsins. Tjónaútgreiðslur tryggingafélaganna námu rúmlega 70 milljörðum króna árið 2023, samanborið við tæplega 62 milljarða króna árið 2022. Tjónaútgreiðslur hafa, líkt og iðgjöldin, vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár en þær voru um 38 milljarðar króna árið 2015. Samfelldur árlegur vöxtur tjóna hefur verið um 7,1% á ári sem er rétt undir árlegum vexti iðgjalda, sem nam um 7,5% á sama tíma.

Á árabílinu 2014 til 2023 voru tjón sem hlutfall af iðgjöldum tryggingafélaganna á bílinu 68-86%. Tjónin eru því sá liður sem hefur mest áhrif á samsetta hlutfallið. Í þessu samhengi er áhugavert að skoða tjónahlutfall ökutækjatrygginga sérstaklega þar sem ökutækjatjón eru með stærstu útgjöldum tryggingafélaganna. Á Mynd 7 má sjá tjónahlutfall ökutækjatrygginga. Tjónahlutfallið er unnið úr ársreikningum félaga og frá 2022 er miðað við IFRS 17 reikningsskilastaðla.

Mynd 7:
Tjónahlutfall
ökutækja-
trygginga



Það sést að tjónahlutfall ökutækjatrýgginga er almennt hátt og því stærsti kostnaðarliðurinn í starfseminni. Það er því mikilvægt fyrir tryggingafélögin að reyna að halda þessum kostnaðarlið niðri hvort sem það er með sterkum skilmálum tryggingasamninga eða forvarnarstarfsemi. Stórtjóngetaeinnig haft mikil fjárhagsleg áhrif á tjónahlutfallið. Þá getur hækkanði viðgerðarkostnaður og freistnivandi hjá tryggingartökum eða bifreiðaverkstæðum einnig haft áhrif á hátt tjónahlutfall. Ásamt ökutækjatjónum eru brunatjón með þeim stærstu sem tryggingafélögin eiga við. Bætt brunatjón hafa farið upp og niður á milli ára en árið var 2023 einstaklega slæmt í þeim efnum. Bætt brunatjón námu rúmlega 6,4 milljörðum króna árið 2023, samanborið við tæplega 2,5 milljarða króna árið áður. Bætt brunatjón hafa ekki verið hærri en 5 milljarðar króna síðan árið 2000 (Húsnæðismálastofnun, 2024).

Vátryggingasvik geta einnig verið áhrifabáttur í tjónahlutfalli og geta valdið almenningi fjárhagslegu tjóni, þar sem slík útgjöld munu óhjákvæmilega leiða til hækkunar á iðgjöldum. Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu hafa áætlað að um 3-7 milljarðar tapist árlega vegna tryggingasvika (Nadine Guðrún Yaghi og Birgir Olgeirsson, 2021). Sé sú tilgáta rétt, að 3-7 milljarðar hafi tapast árlega á verðlagi 2021, jafngildir það 5-13% af öllum tjónakostnaði tryggingafélaganna það ár.

Skaðabætur líkamstjóna

Réttur til bóta vegna umferðarslysa byggir á lögum nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Útreikningur bóta, ef bótaréttur er til staðar, fer samkvæmt skaðabótalögum 50/1993.

Í tilfelli umferðarslysa er það lögbundin ábyrgðartrygging ökutækja og lögbundin slysatrygging ökumanns og eiganda sem standa straum af bótagreiðsum, óháð því hver ber sök á slysinu. Skaðabótalög nr 50/1993 gera greinarmun á tveimur megintilvikum bóta: varanlegum miska, sem lýtur að skerðingu á lífsgæðum, og varanlegri örorku, sem lýtur að skertri starfsgetu og tekjumissi til framtíðar.

Varanlegur miski (einnig kallað læknisfræðileg örorka) metur í raun þá skerðingu á lífsgæðum sem bótaþoli verður fyrir. Varanlegur miski er metinn eftir stigum og hæst er varanlegur miski 100% sem þýðir þá að viðkomandi sé nánast ósjálfbjarga. Bætur reiknast í samræmi við metið hlutfall miska og ekki er tekið tillit til starfs, tekna eða þjóðfélagsstöðu svo allir eru metnir til sama miska fyrir sams konar áverka. Algengur metinn miski vegna hálsmeiðsla og/eða bakverkja af völdum bílsslysa er um 5-20%. Miskabætur eru því ekki bætur fyrir fjárhagslegt tjón, heldur líkamlegt og andlegt (Slysabætur, e.d.).

Varanleg örorka metur hvernig geta einstaklings til þess að vinna og þar af leiðandi afla sér tekna yfir ævina er. Til dæmis þýðir 10% varanleg örorka að búist sé við því að einstaklingur geti aflað sér 10% minni tekna yfir ævina en ella (Slysabætur, e.d.). Ekki er neitt lágmark sérstaklega tekið fram í skaðabótalögum varðandi lágmarksprósentu varanlegrar örorku. Það geta því verið talsverðar upphæðir sem greiddar eru út árlega af tryggingafélögum vegna miskabóta og varanlegrar örorku. Guðmundur Sigurðsson (2020) framkvæmdi rannsókn sem fjallaði um tjónagreiðslur tryggingafélaganna vegna líkamstjóna. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar greiddu váttryggingafélögin út rúmlega 8 milljarða króna árið 2016 á grundvelli skaðabóta vegna líkamstjóna sem hlutust af umferðaslysum. Það ár fengu einnig um 1.200 manns örorkumat um varanlega örorku á bilinu 1-15%. Þessi hópur fékk greidda ríflega 5 milljarða í bætur það ár. Guðmundur komst einnig að þeirri niðurstöðu að tekjur þessa hóps hafi verið um 2,2% lægri tæplega 4 árum eftir stöðugleikatímamarkpunkt en viðmiðunarlaun sem voru til grundvallar örorkumatinu. Metin varanleg örorka var hins vegar 7,3% að meðaltali. Heildartjón tryggingafélaganna það ár, samkvæmt ársreikningum, nam rúmlega 42 milljörðum króna. Það þýðir því að tæplega 12% af öllum tjónum þess árs hafi verið greidd út í bætur vegna minni háttar tjóna til fólks sem varð fyrir litlu sem engu fjártjóni. Þetta verður að teljast sterk vísending um að þarft sé að endurskoða skaðabótalögin og framkvæmd örorkumats hér á landi þegar um lága örorku og lítið líkamlegt tjón er að ræða.

Arðsemi


Ávöxtun hlutabréfa gagnvart hluthöfum birtist með tvennum hætti. Annars vegar með breytingu á virði hlutarins og hins vegar með arðgreiðslum og/eða endurkaup félags á eigin bréfum (Ásgeir Þórðarson o.fl., 1994). Tryggingafélögin á Íslandi eru öll skráð á skipulegan verðbréfamarkað með óbeinum eða beinum hætti, eitt þeirra er skráð félag og hin þrjú dótturfélög skráðra félaga. Þrátt fyrir misgóða afkomu af váttryggingarekstrinum hafa tryggingafélögin skilað ríkulegri ávöxtun til hluthafa sinna á 10 ára tímabili (2014-2024). Hlutabréfaverð hefur hækkað auk þess að félögin hafa skilað fé til hluthafa sinna í gegnum arðgreiðslur og endurkaup á eigin bréfum. Frá byrjun árs 2015 til 17. desember 2024 hækkaði til að mynda hlutabréfagengi Sjóvá um 294%, eða 14,7% árlegur meðalvöxtur, og gengi VÍS (nú Skaga) hækkaði um 126% eða 8,5% árlegur meðalvöxtur. Á sama tíma hækkaði heildarvísitalan, OMXIGI, um 209% eða 11,9% árlegur meðalvöxtur.

Arðgreiðslur og endurkaup

Tryggingafélögin hafa sett sér stefnu um greiðslur til hluthafa og fjármagnsskipan. Almennt er horft til þess að hámarka arðsemi eigin fjár að teknu tilliti til áhættu, gjaldþols, framtíðarhorfa og tækifæra til eigin vaxtar. Til að mynda hjá VÍS skal árlega vera greiddur arður til hluthafa sem nemur að lágmarki 40% af hagnaði og til viðbótar skal líta til viðbótargreiðslna til hluthafa í formi endurkaupa eða annarra leiða til þess að uppfylla markmið um eiginfjárhlutfall og hámörkun á arðsemi eigin fjár (VÍS, 2022). Sjóvá hefur einnig sett félaginu stefnu um arðgreiðslur. Hjá Sjóvá miðar arðgreiðslustefna Sjóvá við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði ársins til hluthafa í formi arðs, þó þannig að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða á bilinu 1,4-1,7 (Sjóvá, 2024).

Samtals hafa tryggingafélögin fjögur greitt tæplega 75 milljarða króna til hluthafa frá árinu 2014 til 2024 í formi arðgreiðslna og endurkaupa eigin hlutabréfa. Arðgreiðslur og endurkaup tryggingafélaganna má sjá á Mynd 8 og Mynd 9.


Mynd 8:
Arðgreiðslur
trygginga-
félaganna



Heimild: Ársreikningar VÍS, Sjóvá, TM og Varðar fjárhagsárin 2014–2023.

Miklar umræður í fjölmiðlum um arðgreiðslur tryggingafélaganna fóru af stað í mars 2015 sem ollu því að VÍS, Sjóvá og TM drógu áform sín um arðgreiðslur til baka. Könnun á vegum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) leiddi einnig í ljós að um þriðjungur af viðskiptavinum þessa tryggingafélaga fengu iðgjöld sín lækkuð í framhaldi af mótmælum við arðgreiðsluáformin (Á undan áætlun, 2016). Þess má geta að hefðu félögin verið skipulögð sem gagnkvæm tryggingafélög hefði að minnsta kosti hluti arðgreiðslna gengið til baka til tryggingataka. Líta má til tryggingafélaga á Norður-löndum í því samhengi.

Mynd 9:
Endurkaup
trygginga-
félaganna




Heimild: Ársreikningar VÍS, Sjóvá og TM fjárhagsárin 2014–2023.

Arðsemi eigin fjár

Arðsemi eigin fjár (e. return on equity, ROE) segir til um hversu vel tekst að ávaxta fjármagn sem bundið er í félaginu. Arðsemi eigin fjár finnst með því að deila hreinum hagnaði félagsins með eigin fé þess. ROE er góður mælikvarði á hversu skilvirkt fyrirtæki er í að búa til hagnað. Því hærra sem hlutfallið er, því betur gengur stjórnendum félagsins að búa til hagnað og vöxt úr fjármagni hluthafa (Fernando, 2024). Á Mynd 10 má sjá arðsemi eigin fjár tryggingafélaganna síðastliðin 10 ár auk óvegins meðaltals.

Mynd 10:
Arðsemi
eigin fjár



Heimild: Ársreikningar VÍS, Sjóvá, TM og Varðar fjárhagsárin 2014–2023.

Eins og sjá má á myndinni hefur arðsemin verið nokkuð breytileg ef horft er til síðustu ára, og var afgerandi hæst hjá þeim öllum árið 2021 sem var einstaklega gott ár á hlutabréfamarkaði enda vextir í sögulegu lágmarki.² Arðsemi tryggingafélaganna var þá um 35% að meðaltali, hæst hjá Sjóvá tæplega 42%. Árið 2022 var heldur erfiðara á verðbréfamörkuðum, vextir tóku að hækka á ný og var arðsemi tryggingafélaganna að meðaltali um 3%, hæst hjá Sjóvá 11,6% og lægst hjá Verði -2,1%. Það sést glögglega á þessari mynd hvað fjárfestingar hafa mikil áhrif á arðsemi tryggingafélaganna þar sem arðsemi eigin fjár hækkar í takt við góðar tekjur af fjárfestingaeignum. Frá 2015–2023 var meðalarðsemi eigin fjár tryggingafélaganna 16,8%. Árið 2023 var arðsemi tryggingafélaganna að meðaltali 12,1%. Til samanburðar var arðsemi Arion banka 13,6%, Íslandsbanka 11,3% og Landsbankans 11,6% (Sveinn Ólafur Melsted, 2024).

Þegar horft er á arðsemina vaknar spurningin, hver er eðlileg arðsemiskrafa félaga í tryggingarekstri? Þar sem félögin eru öll rekin sem hlutafélög þá gera hluthafar eðli málsins samkvæmt arðsemiskröfu. Ef engin arðsemi væri af fjármagninu hefðu hluthafar engan hvata til að fjárfesta í tryggingafélagi þar sem hærri arðsemi með lægri áhættu fengist annars staðar. Arðsemiskrafa hlutabréfa er hærri en skuldabréfa og innlána enda er hluthafinn að taka meiri áhættu (Ásgeir Þórðarson o.fl., 1994).

Árið 2022 skiluðu flest tryggingafélög þeirra landa sem fjallað var um í skýrslu OECD hagnaði þrátt fyrir hækkandi verðbólgu á heimsvísu og aðrar áskoranir sem félögin sem hafa þurft að kljást við. Hins vegar var arðsemin lægri en árið 2021 í yfir 50% landanna. Líklega er lakari afkoma á fjárfestingarstarfsemi að hafa áhrif, þar sem að stýrivextir voru hækkaðir víða. Vátryggingafélög hafa einnig þurft að eiga við hækkandi rekstrarkostnað og auknar tjónagreiðslur, sérstaklega í skaðatryggingum. Í sumum löndum gat hækkandi kostnaði verið fleytt út í iðgjaldið en ekki alls staðar. Þá gæti lækkunin einnig átt sér skýringar í framúrskarandi arðsemi sem sum tryggingafélög náðu árið 2021, á tíma efnahagsbata (OECD, 2023b).

² Verð á eignum á borð við hlutabréf og skuldabréf sem bera fasta vexti stendur gjarnan í öfugu hlutfalli við almennt vaxtastig, lágt þegar vextir eru háir og hátt þegar vextir eru lágir. Vaxtastig hefur því mikil áhrif á verðmæti eignasafna tryggingafélaga. Lækkandi vextir skapa gengishagnað en hækkandi vextir gengistap.

Innleiðing á IFRS 17

Vátryggingafélögum ber, samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi (nr. 100/2016) að semja ársreikning fyrir hvert almanaksár og að beita við það alþjóðlegum reikningsskilastöðlunum. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru nú notaðir víðast hvar í heiminum sem gerir samanburð reikningsskila á milli félaga töluvert auðveldari (Deloitte, 2022). Þann 1. janúar 2023 tók gildi IFRS 17, nýr reikningsskilastaðall um vátryggingarsamninga sem kom í stað IFRS 4 (Deloitte, 2022). Samkvæmt IFRS 4 voru ekki gerðar sértækar kröfur um bókun vátryggingarsamninga. Það varð til þess að vátryggingarsamningar voru færðir með ólíkum hætti og ólíkum reikningsskilaaðferðum sem voru mismunandi á milli landa og voru jafnvel mismunandi innan sama fyrirtækis (IFRS, 2017b). Meginmarkmið með innleiðingu IFRS 17 var að auka gegnsæi, samanburðarhæfni og trúverðugleika fjárhagsupplýsinga vátryggingafélaga (IFRS, 2017a).

Stærsta breytingin snýr að því hvernig vátryggingarsamningar eru settir fram í ársreikningnum. IFRS 17 krefst þess að vátryggingafélög flokki alla samninga í eignasöfn. Eignasafn samninga inniheldur alla þá samninga sem eru með sambærilega áhættu og sambærilega stýringu, til dæmis eftir tegund trygginga. Í hverju safni er vátryggingarsamningum skipt í flokka, á grundvelli þess hvort þeir séu íþyngjandi í upphafi eða hvort líkur séu á að þeir verði það síðar. Flokkur vátryggingarsamnings er metinn í upphafi vátryggða tímabilsins eða frá þeim degi sem iðgjald er á gjalddaga, hvort sem kemur á undan, eða þegar flokkurinn verður íþyngjandi (Deloitte, 2022; KPMG, 2020). Safn vátryggingarsamninga er metið í upphafi með hliðsjón af því framtíðarsjóðstreymi sem þarf til að uppfylla samninganna (e. fulfilment cash flows, FCF) og samningsbundnu áhættuálagi (e. contractual service margin, CSM). Framtíðarsjóðstreymi samnings er vænt núvirt sjóðstreymi að teknu tilliti til áhættu, bæði fjárhagslegrar áhættu og áhættu sem ekki er af fjárhagslegum toga. CSM er hagnaður sem félagið innleysir síðar samhliða veittri þjónustu í framtíð. Fyrir íþyngjandi samninga er CSM núll. Sérstakar matskröfur eiga við um íþyngjandi samninga, endurtryggingarsamninga og vátryggingarsamninga með fjárfestingaráhættu vátryggingarataka (Deloitte, 2022; IFRS 2017a).

Rekstrarreikningur

Við innleiðingu IFRS 17 reikningsskilastaðalsins tóku öll tryggingafélögin upp ný hugtök í rekstrarreikningi. Iðgjöld breyttust í tekjur af vátryggingarsamningum og kostnaður af vátryggingarsamningum kom í stað bæði tjóna ársins og annars rekstrarkostnaðar af vátryggingastarfsemi. Hluttur endurtryggjenda í iðgjaldatekjum og hluttur endurtryggjenda í tjónum voru sameinaðir í eina tölu, afkoma af endurtryggingasamningum. Þessir liðir mynda saman afkomu af vátryggingum sem sýnt er sem millisumma á undan fjárfestingatekjum. Tveir megin starfspættir tryggingafélaganna, vátryggingar og fjárfestingar, eru því gerðir upp með aðgreindum hætti í rekstrarreikningi líkt og þau gerðu einungis áður í starfspáttayfirliti. Eftir IFRS 17 innleiðingu er því auðveldara að lesa úr ársreikningum afkomu á vátryggingum annars vegar og fjárfestingum hins vegar, enda skýrt í rekstrarreikningi (TM, 2024; Sjóvá, 2024; VÍS, 2024, Vörður, 2024).

Það er ekki alveg sambærilegt á milli tryggingafélaga hver áhrifin af innleiðingunni voru. Hjá Sjóvá er vildarafsláttur (ágóðahlutdeild) nú undir liðnum rekstrarkostnaður af vátryggingastarfsemi en kom áður til lækkunar á tekjum. Fjárfestingatekjur eru óbreyttar fyrir utan að þær eru nú án tekna vegna greiðsludreifingar sem tilheyrir

nú tekjum af váttryggingarsamningum. Fjármagnsliðir váttryggingarsamninga eru breyting á tjónaskuld eldri ára sem rekja má til breytinga á hagrænum þáttum, sem áður var undir sérlið tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar váttryggingarskuldar. Aðrar tekjur og rekstrarkostnaður samanstanda af liðum sem tengjast ekki váttryggingarsamningum með beinum hætti og annar fjármagnskostnaður eru vaxtagjöld vegna leiguskulda (Sjóvá, 2024). Áhrif innleiðingarnar á rekstur félagsins er að afkoma fyrir skatta árið 2022 hefði verið um 3,6% lægri með IFRS 17. Afkoma af váttryggingarsamningum hefði verið töluvert hærri en innleiðing IFRS 17 hefði hækkað afkomu af váttryggingarsamningum um tæplega 60%, úr 954 milljónum króna í 1.522 milljónir króna. Á móti kemur að afkoma af fjárfestingum hefði verið um 20% lægri, úr 1.907 milljónum króna í 1.526 milljónir króna. Það skýrist einkum vegna tekna af greiðsludreifingum sem tilheyra nú váttryggingahlutanum en ekki fjármagnsliðum. Samsett hlutfall félagsins nam 95,8% fyrir innleiðinguna en hefði verið 94,6% árið 2022 með IFRS 17 aðferðum (Sjóvá, 2023; Sjóvá, 2024).

Hjá VÍS nettaðist virðisrýrnun viðskiptakrafna (23 m.kr.) á móti váttryggingartekjum og fræðslukostnaður (17 m.kr.) var nettaður á móti öðrum tekjum. Þá flokkast nú liðurinn tæknilegar vaxta og gengisbreytingar sem fjárfestingagjöld. Fjármagnskostnaður sem stafar af útreikningi skuldbindingar vegna orðinna tjóna svo sem vöxtun, breyting á vöxtum til núvirðingar og verðbólguálag er fært í rekstrarreikningi sem fjármagnsliðir váttrygginga, sem er hluti af afkomu fjárfestinga. Afslættir voru færðir úr tekjum í kostnað og einnig færðist örlítill kostnaður úr tryggingakostnaði yfir í almennan rekstrarkostnað sem lækkaði tjónahlutfallið en hækkaði kostnað-arhlutfallið óverulega. Afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatt nam 694 milljónum króna og fjárfestingarstarfsemi 360 milljónum króna árið 2022. Samtals nam því rekstrarafkoma fyrir skatt 1.054 milljón króna. Eftir innleiðingu IFRS 17 hefði afkoma af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatt verið neikvæð um 112 milljónir króna og afkoma af váttryggingastarfsemi numið 1.201 milljón króna. Rekstrarafkoma hefði verið sú sama, einungis er um tilfærslu á milli starfspátta að ræða hjá VÍS. Það hefur einnig áhrif á samsetta hlutfallið sem var 99,2% árið 2022 en hefði verið 95% með IFRS 17 (VÍS, 2023; VÍS 2024c).


Hjá TM færast nú niðurfelld iðgjöld og ágóðahlutdeild sem kostnaður af váttryggingum í stað þess að dragast frá iðgjöldum. Rekstrarkostnaði er deilt á milli váttrygginga og fjárfestinga með svipuðum hætti og áður með aðgerðabundnu kostnaðarlíkani (e. activity based costing). Fjármagnsliðir váttrygginga eru gengisbreytingar skuldbindinga vegna váttryggingarsamninga auk breytinga á skuldbindingu orðinna tjóna sem er tilkomin vegna vöxtunar skuldbindinga orðinna tjóna fyrri ára ásamt áhrifum breyttra vaxta og verðbólguvæntinga á skuldbindingu vegna orðinna tjóna fyrri ára í lok árs. Afkoma váttrygginga fyrir tekjuskatt árið 2022 hefði verið 29% hærri með IFRS 17 en afkoma fjárfestinga hefði verið neikvæð um 207 milljón króna, í stað 51 milljóna króna hagnað af fjárfestingum. Samsetta hlutfallið var 95,3% árið 2022 en hefði verið 94,2% með IFRS 17 (TM, 2023; TM, 2024).

Hjá Verði hafði IFRS 17 innleiðingin nokkuð afgerandi áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2022. Tap fyrir skatta nam 847 milljónum króna, sem hefði verið 177 milljón króna tap fyrir skatt miðað við IFRS 17. Samsett hlutfall félagsins nam 99,2% fyrir innleiðinguna en hefði verið 93,3% árið 2022 með IFRS 17 aðferðum. Samkvæmt starfspáttayfirliti árið 2022 nam tap af fjármálastarfsemi 2.106 milljónum króna og afkoma skaða- og líftrygginga 1.259 milljónum króna. Samkvæmt endurgerðu starfspáttayfirliti fyrir árið 2022 eftir innleiðingu IFRS 17 nam tap af fjárfestingarstarfsemi 1.217 milljónum

króna og afkoma skaða- og líftrygginga 1.040 milljónum króna. Munurinn liggur því að mestu í betri niðurstöðu af fjárfestingarstarfsemi hefði IFRS 17 staðallinn verið til grundvallar árið 2022 en váttryggingarekstur hefði líka skilað 219 m.kr. betri niðurstöðu sem endurspeglast einnig í hagstæðara samsettu hlutfalli (Vörður, 2023; Vörður, 2024).

Á Mynd 11 má sjá áhrif IFRS 17 á samsetta hlutfall váttryggingafélaganna fjögurra.

Mynd 11:
Samsett hlutfall
fyrir og eftir
innleiðingu
IFRS 17



Heimild: Ársreikningar Sjóvá, VÍS, TM og Varðar fjárhagsárið 2023.

Samsetta hlutfallið hefði verið lægra með IFRS 17 árið 2022 hjá öllum félögunum. Það sýnir að afkoma váttryggingastarfseminnar hefði verið betri í öllum tilfellum ef IFRS 17 hefði alltaf verið beitt. Ýmsar ástæður eru fyrir breyttu samsettu hlutfalli sem geta verið mismunandi á milli félaga þar sem þau hafa ekki verið að skilgreina allt með sambærilegum hætti. Það hefur mikil áhrif að tekjur af váttryggingarsamningum eru hærri sem er að miklu leyti tilkomið vegna tilfærslu á tekjum vegna greiðsludreifingar sem áður var hluti af fjárfestingatekjum. Þess ber þó að geta að TM tekjufærir ekki vexti vegna greiðsludreifingar iðgjalda sem váttryggingatekjur heldur sem fjárfestingatekjur (TM, 2024). Einnig færir TM breytingar vegna verðbólguvæntinga meðal fjármagnsliða váttryggingarsamninga sem hefur áhrif á samanburð á milli félaganna. Þá er fjármagnskostnaður sem stafar af útreikningi skuldbindingar vegna orðinna tjóna svo sem vöxtunar, breytinga á vöxtum til núvirðingar og verðbólguálags færður sem fjármagnsliðir váttrygginga, sem er hluti af afkomu fjárfestinga hjá VÍS og Sjóvá (Sjóvá, 2024; VÍS, 2024).

Váttryggingaskuld


Váttryggingaskuld er sú skuldbinding sem verður til vegna gerðra váttryggingarsamninga. Váttryggingaskuldin er metin sem meðaltal framtíðarfjárstreymis vegið með líkindum, auk áhættuálags. Tekið er tillit til áhrifa tímasetninga og greiðslna með áhættulausum vaxtaferli. Áhættuálagi er bætt við til að tryggja að váttryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur váttryggingarfélög taki sem þóknun fyrir að standa við skuldbindingar sem váttryggingaskuld félagsins er ætlað að mæta (Fjármálaeftirlitið, 2019).

Fyrir innleiðingu IFRS 17 skiptist váttryggingaskuld í iðgjaldaskuld, tjónaskuld og ágóðahlutdeild. Með IFRS 17 reikningsskilastöðlum varð sú breyting á að í stað þess að skiptast í iðgjaldaskuld og tjónaskuld kallast váttryggingaskuldin nú skuldbinding vegna váttryggingarsamninga og skiptist í skuldbindingu vegna eftirstæðrar váttrygg-

ingarverndar (e. Liability for remaining coverage, LRC) og skuldbindingu vegna orðinna tjóna (e. Liability for incurred claims, LIC). Skuldbinding vegna eftirstæðrar váttrygg-ingarverndar (LRC) samanstendur af innborguðum tekjum vegna váttryggingarverndar sem tilheyrir síðari tímabilum, frestuðum kostnaði við öflun samninga, skuldbindingu vegna íþyngjandi samninga og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri váttryggingarvernd. Til einföldunar er það áætluð skuldbinding vegna gildandi váttryggingarsamninga fram að næstu endurnýjun þeirra, það er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaráhættu sem hefur verið greiddur en ekki verið veittur. Skuldbinding vegna orðinna tjóna (LIC) samanstendur af besta mati á núvirtum framtíðargreiðslum við uppgjör skuldbindingarinnar og áhættuálagi vegna þeirrar óvissu sem matið felur í sér. Besta matið tekur tillit til alls kostnaðar sem tilheyrir veittri váttryggingarvernd á gildistíma váttryggingarsamninga, auk ágóðahlutdeildar og skulda sem tilheyra orðnum tjónum. Helsti munurinn á iðgjaldaskuld og skuldbindingu vegna eftirstæðrar váttryggingarverndar er sá að nú er einungis færð skuldbinding sem nemur mótteknum iðgjöldum vegna váttryggingarsamninga sem tilheyra síðari tímabilum og því eru engar viðskiptakröfur sem myndast eigna megin vegna iðgjalda sem eftir standa af samningstímanum. Með IFRS 17 falla niður óheimt iðgjöld og skuldbinding vegna þeirra og því lækka heildarskuldir og heildareignir verulega hjá öllum fjórum tryggingafélögunum (TM, 2024; Sjóvá, 2024; VÍS, 2024, Vörður, 2024).

Í grunninn hafði innleiðingin þau áhrif að skuld vegna váttryggingarsamninga í árs-öbyrjun árið 2023 er umtalsvert lægri en samkvæmt fyrri aðferðum. Annars teljast einungis fyrirframgreidd iðgjöld til iðgjaldaskuldar, eins og útskýrt var að ofan, sem veldur talsverðri lækkun á skuldinni og samsvarandi lækkun á viðskiptakröfum. Hins vegar hefur útreikningur á tjónaskuld breyst sem veldur því að útkoman er hærri en áður. Á Mynd 12 má sjá að váttryggingaskuld (sem heitir nú skuldbinding vegna váttryggingarsamninga) breyttist eftir innleiðingu IFRS 17.

Mynd 12:
Váttryggingaskuld
fyrir og eftir
IFRS 17



Heimild: Ársreikningar Sjóvá, VÍS, TM og Varðar fyrir árið 2023.


Samanburður við Norðurlönd

Til þess að setja váttryggingastarfsemi tryggingafélaga á Íslandi í víðara samhengi er gott að skoða váttryggingastarfsemi á Ísland í samanburði við Norðurlöndin og eftir atvikum önnur lönd í EES eða OECD. Váttryggingageirinn er stór hluti af hagkerfinu í nágrannalöndum okkar vegna fjárhæðar iðgjalda sem innheimt eru, umfangs fjárfestinga og því mikilvæga efnahagslega hlutverki sem hann gegnir við að lágmarka áhættu. Viðtæk tryggingastarfsemi er á öllum Norðurlöndunum og er nokkur samþjöppun á markaðinum. Í Danmörku stóðu fjögur stærstu tryggingafélögin fyrir um 55% af öllum váttryggingarsamningum árið 2022. Í Noregi voru 4 stærstu með 77% á markaðinum sama ár, 80% í Svíþjóð og 90% í Finnlandi. Í Danmörku er Tryg stærsta tryggingafélagið með 23% markaðshlutdeild. Tryg er jafnframt eitt af stærstu tryggingarfélögum Noregs. Líkt og hérlandis eru stærstu einstaka tegundir trygginga á Norðurlöndunum ökutækjatrýggingar, brunatrýggingar, heimilistrýggingar og slysa- og sjúkratrýggingar (Sampo Group, 2024).

Iðgjöld, tjón og samsett hlutfall

Það eru tveir mælikvarðar sem algengir eru til þess að áætla mikilvægi og stærð tryggingageirans og bera saman á milli landa. Í fyrsta lagi eru það iðgjöld í hlutfalli af VLF (e. insurance spending eða insurance penetration) og iðgjöld á mann (e. insurance density). Iðgjöld sem hlutfall af VLF sýna hlutfallslegt mikilvægi váttryggingastarfsemi í hagkerfinu innanlands. Á Mynd 13 má sjá hlutfallið á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin og meðaltal OECD landanna. Gögnin sýna heildariðgjöld skaða- og líftrygginga í hverju landi.

Mynd 13:
Iðgjöld sem
hlutfall af VLF




Heimild: OECD (2024c).

Í Danmörku er hlutfallið nokkuð stöðugt og var töluvert hærra en annars staðar fram til ársins 2021 þegar hlutfallið í Svíþjóð tók stökk. Þetta gefur til kynna nokkuð sterkan tryggingageira í hagkerfi landanna. Á Íslandi er hlutfallið einnig stöðugt, þó töluvert lægra en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en sambærilegt við Finnland frá 2018. Hlutfallið í Svíþjóð hefur hækkað nokkuð á síðustu árum, frá 8,8% árið 2019 í 11,1% árið 2021. Það gæti bent til samdráttar í VLF eða auknum umsvifum eða verðhækkunum á tryggingamarkaði.

Á Mynd 14 má sjá heildariðgjöld tryggingafélaganna, bæði skaða- og líftrygginga, á mann, í íslenskum krónum miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands í lok hvers árs.

Mynd 14:
Iðgjöld á
mann

Þúsund krónur



Heimild: OECD (2024a).


Líkt og iðgjöld í hlutfalli við VLF er Danmörk með töluvert hærri iðgjöld á mann en hin löndin og þá sérstaklega Ísland og Finnland. Það gefur til kynna að Danir kaupi meira af tryggingarafurðum en íbúar hinna landanna. Í gögnunum má einnig sjá flökt á milli ára, sérstaklega hækkun á milli 2020 og 2021, sem gæti bent til breytinga á efnahagsaðstæðum, breyttrar verðlagningar á tryggingum eða lýðfræðilegra breytinga. Vissulega er ekki hægt að lesa of mikið í það þar sem breyting á gengi bandaríkjadals gagnvart krónu á milli ára er einnig að hafa áhrif. Nota má OECD meðaltalið sem viðmið þegar einstaka land er skoðað. Ísland er þar langt undir en Danmörk, Noregur og Svíþjóð eru hærri.

Þessar myndir gætu samræmst því að tryggingar á Íslandi og Finnlandi séu ódýrari en á hinum Norðurlöndunum. Líklegra er þó að Íslendingar og Finnar kaupi minna af tryggingarafurðum en aðrir Norðurlandabúar. Það getur einnig haft áhrif að umtalsverður hluti trygginga í Danmörku eru sambærilegar og viðbótarlífeyrissparnaður hér á landi, sem fellur þá undir lífeyriskerfið hér.

Samsett hlutfall

Eins og áður hefur komið fram er samsett hlutfall einn mikilvægasti mælikvarði á rekstur váttryggingastarfsemi. Mynd 15 sýnir samsett hlutfall skaðatrygginga á Íslandi, hinum Norðurlöndunum og EES.

Mynd 15:
Samsett hlutfall
skaðatrygginga
á Norðurlönd-
um og EES




Heimild: Eiopa (e.d.).

Það sést að rekstur skaðatryggingastarfsemi er hagkvæmari á hinum Norðurlöndunum. Sem dæmi, þá skar Ísland sig úr með samsett hlutfall yfir 100% árið 2022 en í Danmörku var það 84%, í Finnlandi 88%, í Noregi 90% og í Svíþjóð 92%. Að meðaltali hafa EES löndin einnig náð að halda samsettu hlutfalli skaðatrygginga undir 100%, síðast 97% árið 2022. Þá vaknar spurningin, hver ástæðan fyrir þessu mun?

Á Mynd 16 má sjá kostnaðarhlutfallið á Íslandi, Norðurlöndum og EES samkvæmt EIOPA. Það sem helst kemur á óvart hér er að á meðan Ísland er töluvert yfir nágrannalöndum sínum í samsettu hlutfalli er kostnaðarhlutfallið lægra. Árið 2022 nam kostnaðarhlutfallið 20%, á meðan kostnaðarhlutfallið í Danmörku og Noregi nam 25%, í Svíþjóð 27% og í Finnlandi 30%. Þá nam kostnaðarhlutfallið 29% að meðaltali hjá EES löndunum. Þetta er einkum áhugavert í ljósi þess að Ísland er töluvert fámennara og því ætti stærðarhagkvæmni að vera meiri á Norðurlöndunum. Á móti kemur að hér eru töluvert færri tryggingafélög, einungis fjögur, á meðan í til dæmis Danmörku voru gögnin fengin frá 46 félögum í skaðatryggingum (Eiopa, e.d.).

Mynd 16:
Kostnaðar-
hlutfall
skaðatrygginga
á Norðurlönd-
um og EES




Heimild: Eiopa (e.d.).

Það sem þetta þýðir hins vegar er þá að tjónahlutfall er þeim mun hærra hér á landi en gengur og gerist á Norðurlöndum, þar sem hinn hluti samsetta hlutfallsins er tjónahlutfall. Ýmsar ástæður geta verið fyrir hærra tjónahlutfalli hér á landi. Það gæti verið að auðveldara sé að fá tjón bætt hér á landi en erlendis, áhætta á tjónum gæti einfaldlega verið meiri, verra veður, verri vegir, hlutfallslega minni notkun almenningssamgangna eða aðrir þættir gætu einnig haft áhrif. Einnig er líklegt að viðgerðarkostnaður sé töluvert hærri hér á landi en í Norðurlöndunum, enda kostnaður meiri við að koma varahlutum hingað en til meginlands Evrópu. Þá hefur verið bent á að kostnaður vegna líkamstjóna í kjölfar umferðarslysa vegi þungt, sbr. umfjöllun í kafla 4.2.1

Skaðatryggingatjón á hvern íbúa segja sömu sögu. Í Danmörku og á Íslandi eru tjón á hvern íbúa töluvert hærri en í hinum Norðurlöndunum. Árið 2022 nam tjón á hvern íbúa um 161 þúsund krónum hér á landi (OECD, 2024b; OECD, 2024d). Skaðatryggingatjón á hvern íbúa, í íslenskum krónum miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands í lok hvers árs, má sjá á Mynd 17.

Mynd 17:
**Skaðatrygginga-
tjón á hvern íbúa**

Þúsund krónur



Heimild: OECD (2024b) og OECD (2024d).

Mikilvægt er að komast til botns í því hvað veldur svo háum útgreiðslum tjóna hér á landi, enda hefur hátt tjónahlutfall bein áhrif á iðgjöld og því hærra sem tjónahlutfallið er því minna svigrúm er fyrir auknum útgreiðslum tjóna án þess að hækka iðgjöldin.

Skaðabætur líkamstjóna á Norðurlöndum

Í Norðurlöndunum eru einnig til staðar skaðabótalög sem taka á skaðabótamálum og skaðabótum eftir slys líkt og á Íslandi. Hér er einnig gerður greinarmunur á varanlegri örorku (e. *permanent loss of earning capacity*) og varanlegum miska (e. *permanent injury*). Einstaklingur sem vinnur skrifstofustarf gæti til dæmis sinnt starfi sínu 100% þrátt fyrir að hafa misst fótinn. Hins vegar getur það að missa fót skipt sköpum fyrir lífsgæði og getu til þess að sinna áhugamálum og afþreyingu og getur þar af leiðandi valdið háum varanlegum miska þrátt fyrir að valda ekki tekjutapi. Eftir bílslys eða vinnuslys eru skaðabætur fyrir varanlegan miska greiddar af tryggingafélögum. Í flestum löndum eru velferðarkerfi sem greiða bætur til einstaklinga sem hljóta varanlega örorku en greiða bætur vegna varanlegs miska eftir bílslys í gegnum ábyrgðartryggingu ökutækja (Elrud, 2020).

Í Danmörku eru bæði greiddar skaðabætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku. Varanlegur miski eftir slys þarf að vera að minnsta kosti 5% til að sá slasaði eigi rétt á skaðabótum. Læknisfræðilegt mat er framkvæmt eftir ákveðnum fyrirfram skilgreindum stöðlum sem ákvarða hversu miklir áverkar eru eftir slys (Forsikringsoplysningen, e.d.). Til þess að eiga rétt á greiðslu vegna varanlegrar örorku þarf örorkan að jafnaði að vera metin að lágmarki 15% (European Commission, e.d.-a). Á hverju ári er upphæð skaðabóta fyrir varanlegan miska endurskoðuð. Árið 2024 er greiðsla fyrir 100% varanlegan miska rúmlega milljón danskar krónur sem gerir um 20,5 milljónir íslenskra króna miðað við gengi í byrjun árs 2024. Það þýðir einnig að greiðsla fyrir 5% varanlegan miska (lágmarkið) nemur rúmlega milljón íslenskum krónum (Arbejdsmarkedets Erhvervssikring, e.d.).

Í Noregi eru greiddar skaðabætur fyrir varanlegan miska út frá læknisfræðilegu mati. Til þess að eiga rétt á skaðabótum í Noregi þarf varanlegur miski að vera að lágmarki 15%. Skaðabætur fyrir varanlegan miska eru staðlaðar og taka ekki til greina starf eða tekjur viðkomandi (Advokatfirmaet Unneland, e.d.; PersonskadeAdvokat1, e.d.). Þetta er frábrugðið fjárhagslegu tjóni sem fólk getur orðið fyrir sem er reiknað út frá raunverulegum tekjum og gjöldum hvers og eins. Eftir vinnuslys í Noregi geta einstaklingar einnig átt rétt á greiðslum frá NAV (National Insurance Scheme; Advokatfirmaet Unneland, e.d.).

Í Svíþjóð eru bætur úr ábyrgðartryggingum ökutækja reiknaðar samkvæmt reglum skaðabótaréttar. Hlutfall varanlegs miska getur verið á milli 1-99%. Matstöflur fyrir varanlegan miska eru birtar á heimasíðu Tryggingastofnunar Svíþjóðar. Um er að ræða ábyrgðartryggingu sem bætir tjón allra sem lenda í árekstri við vélknúið ökutæki. Mál með meiðslum sem leiða til varanlegs miska yfir 10% eru metin sérstaklega af umferðarslysanefnd til að tryggja að bætur séu bæði sanngjarnar og samræmdar (Carina Pettersson, munnleg heimild, 17. apríl 2024; Elrud, 2020). Þetta þýðir því að einstaklingur getur fengið bætur einungis fyrir 1% varanlegan miska.


Í Finnlandi gilda lög um ábyrgðartryggingu ökutækja og skaðabótalög. Í skaðabótalögum kemur fram að einstaklingur sem hefur hlotið áverka eigi rétt á bótum til þess að greiða lækniskostnað og annan kostnað vegna meiðslanna, auk bóta vegna tekjumissis, þjáningar og varanlegs miska (Tort Liability Act, 1974). Skaðabætur vegna varanlegs miska eru greiddar í samræmi við hlutfall miska. Meiðslaflokkur 1-5 fær eingreiðslu en flokkar 6-20 fá samfelldar skaðabætur (European Commission, e.d.-b). Ekki er minnst á lágmarkshlutfall í lögum um ábyrgðartryggingu ökutækja en þar kemur fram að það er enginn réttur á skaðabótum vegna þjáninga eða tímabundinna meiðsla ef áverkinn er minniháttar (Motor Liability Insurance Act, 2016).

Þetta gæti skýrt að einhverju leyti muninn á annars vegar Danmörku og Íslandi og hins vegar Noregi. Skaðatryggingatjón á hvern íbúa í Noregi eru töluvert lægri en á Íslandi og í Danmörku. Þegar löndin eru borin saman þarf þó að hafa í huga að þótt að lágmarkshlutfall varanlegs miska séu ólík geta töflurnar yfir hvernig varanlegur miski er metinn einnig verið ólíkar á milli landanna.

Umfang tryggingageirans

Á Mynd 18 má sjá heildareignir tryggingafélaga á Norðurlöndum í hlutfalli við verga landsframleiðslu.

Mynd 18:
Heildareignir
tryggingafélaga í
hlutfalli við VLF



Heimild: Eiopa (e.d.), IMF (2024), Seðlabanki Íslands (2024b) og Hagstofa Íslands (e.d.-d).

Árið 2016 voru heildareignir váttryggingafélaganna á Íslandi 206,4 milljarðar króna eða 8,2% af VLF. Þar af voru heildareignir skaðatrygginga um 189,8 milljarðar króna og líftrygginga um 16,6 milljarðar króna. Síðan þá hafa eignir í báðum flokkum vaxið nokkuð jafnt og þétt. Árið 2023 voru heildareignir komnar í 323,1 milljarð króna eða um 7,6% af VLF (Seðlabanki Íslands, 2024b og Hagstofa Íslands, e.d.-d). Það er töluvert minna en sést á Norðurlöndunum. Í þessu samhengi er þó vert að nefna að líftryggingastarfsemi er töluvert stærri í Norðurlöndunum en á Íslandi. Hlutdeild líftrygginga af heildartryggingum í Danmörku var 73,8% árið 2022, 55,5% í Noregi og 80,9% í Svíþjóð miðað við iðgjöld. Því er öfugt farið á Íslandi en líftryggingar voru 9,1%

af heildartryggingum miðað við iðgjöld árið 2022 (Eiopa, e.d.). Það sem gæti útskýrt muninn er lífeyriskerfið. Líftryggingar og lífeyrir geta oft verið nokkuð sambærileg og hér á landi greiða lífeyrissjóðir makalífeyri til maka látins sjóðsfélaga auk barnalífeyris með börnum látinna sjóðsfélaga. Einnig er val um að greiða í viðbótarlífeyrissparnað hér á landi sem erfist að fullu til eftirlifandi maka (Lífeyrismál, e.d.). Ástæðan fyrir svo ólíkri samsetningu líftrygginga og skaðatrygginga í tryggingageiranum á Íslandi og Norðurlöndum getur því verið vegna þess að stór hluti af þeim líftryggingum sem tilheyra tryggingageiranum á Norðurlöndunum geta einfaldlega tilheyrt lífeyriskerfinu hér á landi.

Niðurstöður

Tryggingar hafa hækkað meira í verði síðustu ár en almennt verðlag. Heildariðgjöld tryggingafélaganna fjögurra námu 95,1 milljörðum króna árið 2023 og hafa að meðaltali vaxið um 7,5% árlega frá 2015. Hins vegar hefur afkoma af váttryggingastarfsemi einni og sér ekki vaxið á sama hátt. Samsetta hlutfall tryggingafélaganna fjögurra hefur að meðaltali verið 97,4% síðastliðin 10 ár sem þýðir að einungis 2,6% af iðgjöldum eru eftir þegar tekið er tillit til rekstrarkostnaðar af váttryggingastarfsemi, tjóna og endurtrygginga. Það er því ekki hægt að halda því fram að tryggingafélögin skili ofurhagnaði af tryggingastarfsemi né að þarna sé mikið rými til þess að lækka tryggingar. Þá sérstaklega ökutækjatrýggingar þar sem samsetta hlutfallið hefur oft á tíðum verið hærra en 100%. Þetta sést enn fremur í samanburði við Norðurlöndin þar sem samsetta hlutfallið er lægra en hér á landi og tryggingareksturinn því almennt að skila betri afkomu. Hér má þó benda á að með innleiðingu IFRS 17 varð rekstur tryggingafélaganna samanburðarhæfari en áður þar sem oft voru mismunandi bókhaldsreglur á milli landa og jafnvel á milli fyrirtækja innan sömu landa. Með IFRS 17 hefði samsett hlutfall árið 2022 verið lægra hjá öllum tryggingafélögunum svo mögulega hefur innkoma IFRS 17 haft jákvæð áhrif á mælda afkomu váttryggingastarfsemi til framtíðar. Líftryggingar hafa hins vegar verið að skila góðri afkomu og samsetta hlutfallið hefur verið vel undir 100%. Það er því hægt að færa rök fyrir því að verðið á þeim gæti verið lægra. Þó ber að hafa í huga að mun lengri tími liður að jafnaði milli iðgjaldagreiðslu og bótagreiðslna í tilfelli líftrygginga en munatrygginga. Meðan líftryggingarafurð er „ný“ má búast við að samsett hlutfall tengt þeirri afurð sé hátt um allmörg ár. Hins vegar eru líftryggingar ekki lögbundnar tryggingar og eru einungis lítill hluti af þeim tryggingum sem váttryggingafélögin bjóða upp á.

Erfitt er að finna eitt svar við því af hverju samsetta hlutfallið í skaðatryggingunum er hærra hér en á Norðurlöndunum. Tryggingarnar gætu hreinlega verið dýrari erlendis. Einfaldur samanburður á kostnaði dæmigerðra kaupenda ökutækjatrýgginga benda frekar til þess að tryggingar séu dýrari á Íslandi en hinum Norðurlöndunum. Erfitt er þó að bera saman iðgjöld þar sem kostnaður tryggingataka tekur mið af kennimerkjum sem ekki eru auðsamanborin milli landa. Kostnaðarhlutfallið er lægra hér sem bendir til ákveðinnar rekstrarhagkvæmni en hins vegar er tjónahlutfallið töluvert hærra en á Norðurlöndum sem veldur hærra samsettu hlutfalli. Ýmislegt getur haft áhrif á hærra tjónahlutfall, eins og verri veður og vegakerfi, hærri laun, dýrari viðgerðarkostnaður og svo má lengi telja. Það sem vekur helst athygli í þeim efnum er að hérlendis er að hversu stór þáttur bóta vegna minniháttar líkamstjóna er. Í Noregi eru einungis greiddar út bætur vegna varanlegs miska ef miskinn er hærri en 15% á meðan ekkert slíkt gólf er að finna í íslenskum skaðabótalögum. Í Danmörku er heldur ekki greidd út varanleg örorka nema örorkan sé metin að lágmarki 15% og varanlegur miski

5%. Meira en helmingur af greiddum skaðabótum hér á landi vegna líkamstjóna eru vegna tjóna þar sem varanlegur miski er metinn minni en 15%. Mikilvægt er að endurskoða hvernig tjón eru greidd út hér á landi til þess að lágmarka tjónagreiðslur sem gæti skilað sér vasa neytenda í formi bættra iðgjalda. Allsherjar endurskoðun á skaðabótalögum er þörf og á því hvernig örorkumat fer fram. Ísland gæti til dæmis tekið kerfið í Noregi til fyrirmyndar sem myndi gera það að verkum að bætur fyrir minniháttar meiðsli væru úr sögunni og þannig væri hægt að lækka tjónagreiðslur. Með virkri samkeppni myndi slíkt leiða til lægri iðgjalda fyrir tryggingataka.

Vátryggingastarfsemi er hins vegar ekki eini starfspáttur tryggingafélaganna sem skilar ávöxtun en þar vegur fjárfestingarstarfsemin þungt. Fjárfestingarstarfsemin hefur almennt skilað tryggingafélögunum góðri ávöxtun og hefur skipt sköpum í afkomu og arðsemi eigin fjár síðastliðin ár. Með vel ígrunduðum fjárfestingum og stöðugri afkomu fjárfestinga væri hægt að reka tryggingafélag vel án þess að þurfa að lækka samsett hlutfall. Tryggingafélögin hafa því getað skilað hluthöfum sínum ríkulegri ávöxtun síðustu ár þrátt fyrir misgóða afkomu af vátryggingastarfsemi. Vátryggingafélögin fjögur eru öll hlutafélög og sem slík þá er ákveðin krafa frá fjárfestum um ávöxtun, annars væri erfitt að finna fjárfesti til að leggja fé til félagsins. Það þýðir að ef tryggingafélögin eiga að vera rekin sem slík þá verða þau alltaf með kröfu um arðsemi. Má því velta fyrir sér hvort hægt væri að reka tryggingafélag sem gagnkvæmt félag í dag, þar sem þeir tryggðu væru einnig eigendur. Þar sem stærstu tryggingar okkar eru lögbundnar, þ.e. ökutækja- og brunatrygging húseigna, en einnig er spurning hvort eðlilegt sé að hlutafélög með arðsemismarkmið hluthafa að leiðarljósi séu rétt rekstrarform félaga sem innheimta gjöld sem ríkið setur á þegna sína.

Vegna innbyggðra markaðsbresta getur vátryggingamarkaður ekki verið fullkomlega skilvirkur. Ef markaðir eru ekki skilvirkir mun það leiða til taps fyrir einhvern aðila. Eins og rakið var í upphafi eru helstu ástæður markaðsbresta á tryggingamarkaði ósamhverfar upplýsingar, hrakval og freistnivandi sem tryggingafélög allsstaðar í heiminum búa við og leiða til hærri iðgjalds en ef markaðir væru fullkomlega skilvirkir. Ástæða fyrir hagkvæmari tryggingarekstri á Norðurlöndunum gæti einnig verið að sérhæfð þekking tryggingafélaganna á Norðurlöndum sé meiri í ljósi stærðar og þar af leiðandi minni óskilvirkni vegna ósamhverfra upplýsinga. Þá gætu tryggingafélögin á Norðurlöndunum mögulega átt auðveldara með að gera greinarmun á þeim einstaklingum sem eru líklegri til þess að lenda í tjóni eða ekki og geta aðlagð verðlagninguna sína að þeim.

Þá vekur athygli að íslensku tryggingafélögin fjárfesta skaðatryggingasjóðum í sveiflukenndum háávöxtunareignum meðan sambærilegir sjóðir vegna líftrygginga eiga ríkisskuldabréf og skyldar eignir. Þar sem líftryggingaskuldir eru til lengri tíma ættu þær eignir frekar að þola sveiflur og geta fjárfest í hlutabréfum en ekki skaðatryggingar. Það vekur upp spurninguna hvort auðveldara sé að velta sveiflum á afkomu yfir í hærri iðgjöld, þar sem skaðatryggingar eru að stóru leyti lögbundnar.

Á tryggingafélög eru settar auknar kvaðir hvað varðar fjárhagslegt heilbrigði af eftirlitsaðilum. Tryggingafélög fylgja ákveðnum reikningsskilastöðlum og eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Talnaefnið sem þessi úttekt byggir á staðfestir ekki fullyrðingar á þá leið að tryggingafélögin séu að safna upp óþarflega stórum tjónasjóðum til að skapa sér fjárfestingartekjur. Það er ekki séríslenskt fyrirbæri að vátryggingaskuld sé stærsta skuldbindingin á efnahagsreikning tryggingafélaganna en það sést einnig í Norðurlöndunum. Þá er vátryggingaskuld á Íslandi töluvert minni í samanburði við verga landsframleiðslu en í Norðurlöndunum og þá sérstaklega

miðað við Danmörku. Vátryggingaskuldin er reiknuð eftir ákveðnum kröfum IFRS 17 og Solvency II sem gildir fyrir öll tryggingafélög sem fylgja þessum stöðlum. Vátryggingaskuld er ætlað að mæta þeim vátryggingarsamningum sem gerðir hafa verið. Því fleiri samningar – því stærri verður vátryggingaskuldin. Það er því ekki hægt að halda því fram að tryggingafélögin hafi verið að safna stórum sjóðum til þess að greiða út arð, þar sem útreikningar á vátryggingaskuld fylgja ítarlegum reglum og sérstaklega eftir innleiðingu á IFRS 17.

Tryggingamarkaðir eru almennt nokkuð samþjappaðir á öllum Norðurlöndunum og á Íslandi. Það vekur þó upp spurningar um hvort að tryggingafélög á Norðurlöndunum sem virðast ná hagkvæmari rekstri gætu hafið rekstur hér á landi og hrist upp í markaðinum. Aðgangshindranir eru vissulega til staðar en það ætti þó ekki að geta komið í veg fyrir að erlend tryggingafélög væru hér með starfsemi. Tryggingar eru nokkuð einsleit vara og hafi nýr aðili getu til þess að bjóða þær á lægra verði er alls ekki ólíklegt að neytendur og fyrirtæki myndu færa viðskipti sín yfir. Við sjáum einnig að hér á landi hafa verið að myndast vistkerfi (e. ecosystems) hjá tryggingafélögum og bönkum. Arion banki keypti Vörð, Landsbankinn keypti TM (af Kviku). Vís er dótturfélag Skaga sem einnig á dótturfélögin Fossar fjárfestingarbanka og Íslensk verðbréf. Það eru því ýmis tækifæri til krosssölu á milli trygginga og bankapjónustu, aukinnar skilvirkni og stærðarhagkvæmni. Vert er að benda á að sé lagaleg umgjörð vátryggingarstarfseminnar, meðal annars með tilliti til bóta fyrir líkamstjón, önnur á Íslandi en á hinum Norðurlöndum getur sú staðreynd ein og sér skýrt litinn áhuga norrænna félaga á að koma inn á íslenska markaðinn.

Nýjar tæknibreytingar eru alltaf að koma fram á sjónarsviðið og nú hefur spunagreind (e. generative AI) rutt sér til rúms með gríðarleg tækifæri fyrir hinar ýmsu greinar. Spunagreind gæti til dæmis gjörbylt áhættumati, vinnslu tjóna, markaðssetningu og öðrum rekstrarþáttum með tilheyrandi lækkun kostnaðar. Með samspili gagna og gervigreindar væri mögulega hægt að draga úr ósamhverfum upplýsingum á milli tryggingarkaupenda og veitenda og þannig lágmarka markaðsbresti vegna þessa, sem gæti haft áhrif til lækkunar á iðgjöld.

Sama hvað verður í þessum efnum er ljóst að tryggingafélög eru mikilvæg fyrir hagkerfið hérlandis og nauðsynlegt að finna gott jafnvægi á verðlagningu og arðsemi til framtíðar.

Gagnkvæm tryggingafélög

Tryggingamarkaðurinn á Íslandi samanstendur alfarið af hlutafélögum sem starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að undanskildu VPV Lebensversicherung AG sem starfar hér á grundvelli starfleyfis án starfstöðvar í gegnum umboðsmann og er eftirlitsskyld í heimalandi sínu, Þýskalandi. Svo hefur ekki alltaf verið; fram til ársins 1989 störfuðu hér gagnkvæm tryggingafélög með umtalsverða markaðshlutdeild. Félögin hurfu af sviðinu þegar þeim var breytt í hlutafélög, m.a. vegna aukinna krafna um fjármagn og samkeppnisbreytinga. Í ljósi umræðu um neytendahagsmuni og samkeppni á tryggingamarkaði hefur vaknað áhugi á að kanna kosti og galla þess að endurvekja gagnkvæm tryggingafélög hérlandis.

Eignarhald og stjórnarhættir

Gagnkvæm tryggingafélög (einnig nefnd gagnkvæm váttryggingafélög) eru í eigu viðskiptavina sinna, þ.e. tryggingataka. Öfugt við hlutafélög, sem eru í eigu hluthafa sem leggja fram hlutafé, verða váttryggingatakar sjálfkrafa félagsmenn og meðeigendur í gagnkvæmu félagi (FME, 2016). Í slíkum félögum er eignarhaldið dreift meðal tryggingataka og oftast gildir reglan einn maður, eitt atkvæði á aðalfundum, óháð umfangi viðskipta. Stjórnarhættir taka mið af þessu; stjórn er gjarnan skipuð fulltrúum úr hópi félagsmanna eða kjörin af þeim. Þetta fyrirkomulag getur tryggt að hagsmunir stjórnenda og félagsmanna fari saman, þar sem stjórnendur bera ábyrgð gagnvart eigendum sem jafnframt eru viðskiptavinir.

Rekstrarform og fjármögnun

Gagnkvæm félög eru rekin án hlutafjár; þau safna engu eigin fé frá utanaðkomandi fjárfestum heldur byggja á stofnsjóði (sé stofnfé lagt fram) og fyrst og fremst á eigin rekstrarafkomu til að mynda varasjóði. Hagnaði er ekki dreift til hluthafa (þar sem engir slíkir eru) heldur annað hvort endurfjárfest í félaginu, lagður fyrir í áhættuvarúðarsjóði eða honum skilað aftur til félagsmanna t.d. í formi lægri ið-gjalda eða endurgreiðslu. Gagnkvæm váttryggingafélög byggja þannig á sam-ábyrgð félagsmanna; ef félagið þarf á auknu fjármagni að halda bera tryggingatakarnir þá ábyrgð að leggja það til (FME, 2016). Í reynd þýðir þetta að fjárhagslegur styrkur slíks félags verður að koma innan frá, með rekstrarafgangi eða framlögum félagsmanna fremur en með hlutafjárútboði. Í nútíma váttryggingastarfsemi hefur þessi eiginleiki orðið áskorun, þar sem sífellt strangari kröfur eru gerðar um eigið fé og gjaldþol váttryggingafélaga. Ýmis gagnkvæm félög hafa þó fundið lausnir, t.d. með stofnun varasjóða, útgáfu skuldabréfa eða samruna við önnur gagnkvæm félög, til að styrkja fjárhagsgrundvöll sinn.

Hagnaðardreifing og neytendaáhersla

Eitt megineinkenni gagnkvæmra félaga er hvernig hagnaður og ávinningur af rekstrinum skilar sér til tryggingataka. Þar sem ekki þarf að greiða arð til hluthafa getur rekstrarafkoman nýst beint til að bæta kjör félagsmanna. Þetta getur gerst með tvennu móti: Annars vegar með lægri iðgjöldum og betri kjörum fram í tímann og hins vegar með beinum endurgreiðslum eða „hagnaðarskiptum“ til félagsmanna ef afkoma leyfir. Í raun hefur grunnhugmynd samtryggingar verið sú

að hafa reksturinn á kostnaðarverði fyrir félagsmenn, þ.e. að iðgjöld standi undir tjónum og kostnaði en ekkert umfram það sé innheimt nema til að mynda eðlilegan varasjóð. Í framkvæmd er þó nauðsynlegt að félög afli sér nokkurs afkomuöryggis með jákvæðri afkomu, en munurinn felst í ráðstöfuninni: Ábati rennur til tryggingataka hjá gagnkvæmu félagi í stað fjárfesta í hlutafélagi. Dæmi um þetta sést hjá gagnkvæmum félögum nágrannaþjóðanna. Í Noregi hefur t.d. Gjensidige, eitt stærsta váttryggingafélag landsins, starfað á grundvelli gagnkvæms eignarhalds; arðurinn sem hlut Gjensidigestiftelsen (sjóðs í eigu viðskiptavina) er greiddur er endurgreiddur til tryggingataka sem „viðskiptavinagreiðsla“ eða arðgreiðsla. Á undanförnum 15 árum hefur Gjensidigestiftelsen þannig greitt um 25 milljarða NOK til váttryggingataka Gjensidige, og árið 2022 fengu viðskiptavinir rúmlega 2,3 milljarða NOK endurgreidda sem sinn hlut af hagnaði (Gjensidigestiftelsen, 2023). Í Danmörku er Tryg, sem er leiðandi tryggingafélag, að meirihluta í eigu TryghedsGruppen sem starfar líkt og gagnkvæmur sjóður. TryghedsGruppen hefur nú í tíu ár í röð samþykkt að greiða út svokallaðan „aðildarbónus“ (d. medlemsbonus) til tryggingataka, sem nemur 6% af greiddum iðgjöldum þeirra á ári (Tryghedsgruppen, 2025). Þetta sýnir með skýrum hætti hvernig hagnaðardreifing í gagnkvæmu fyrirkomulagi getur verið neytendum í hag og aukið virði þjónustunnar fyrir þá.

Gagnkvæm tryggingafélög í Evrópu

Evrópuríki hafa langa reynslu af gagnkvæmum tryggingafélögum og gegna þau víða stóru hlutverki á markaðnum. Þróunin hefur þó verið mismunandi eftir löndum; sums staðar eru slík félög burðarásar í tryggingakerfinu, annars staðar hafa þau vikið fyrir hefðbundnum hlutafélögum. Almenn gildir að í Vestur-Evrópu og á Norðurlöndum er markaðshlutdeild gagnkvæmra og samvinnurekinna tryggingafélaga veruleg, á meðan þau eru fáséð í Suður- og Austur-Evrópu (OECD 2023). Sögulegar og menningarlegar ástæður útskýra þennan mun að hluta; í löndum með ríkari samvinnu- og samtryggingarhefð hafa slík félög haldist sterk, en í ríkjum sem hafa minni hefð fyrir slíku félagaformi eða töldu það tengjast úreltum félagsrekstri hefur þeim hnignað.

Gagnkvæm tryggingafélög á Norðurlöndum

Á Norðurlöndum eru gagnkvæm tryggingafélög fyrirferðarmikil. Í Svíþjóð er hlutdeild gagnkvæmra félaga í váttryggingum til dæmis um 45% í skaðatryggingum (OECD, 2023). Á meðal stórra félaga má nefna Länssförsäkringar (samtök svæðisbundinna gagnkvæmra félaga) og Folksam. Í Finnlandi er staðan svipuð, en þar er hlutdeild gagnkvæmra félaga um eða yfir 40% í skaðatryggingum (OECD, 2023) og þar eru meðal annarra félög eins og LähiTapiola og Ilmarinen, auk tryggingahluta samvinnubankans OP. Félög þessi starfa öll án hefðbundinna hluthafa. Í Danmörku og Noregi starfa einnig rótgróin gagnkvæm tryggingafélög. Í Danmörku var Tryg áður gagnkvæmt félag (TryghedsGruppen heldur í dag utan um þann arf eins og áður nefnt) og einnig starfa þar í landi minni gagnkvæm félög, t.d. á sviði líftrygginga og sjúkratrygginga. Í Noregi var Gjensidige (en nafn þess þýðir beinlínis „gagnkvæmt“) um áratuga skeið hreint gagnkvæmt félag, en því var breytt í hlutafélag með skráningu á markað árið 2010. Þó heldur sjálfseignarstofnunin Gjensidigestiftelsen, sem á 62% hlutafélagsins, áfram að miðla hagnaði til tryggingataka og samfélagsins alls, og endurspeglar þannig uppruna félagsins (Gjensidigestiftelsen, 2023). Í Noregi eru einnig önnur

gagnkvæm félög, einkum á sviði lífeyris- og líftrygginga. Þar má nefna KLP (Kommunal Landspensjonskasse), sem er í eigu opinberra vinnuveitenda og sjóðfélaga og hefur yfir 30% markaðshlutdeild í líftryggingum (OECD, 2023). Reynslan á Norðurlöndum bendir til þess að gagnkvæm tryggingafélög geti vaxið og dafnað samhliða hefðbundnum félögum; neytendur þar njóta þjónustu slíkra félaga sem jafnan skora hátt í ánægju. Til að mynda mælast Länsförsäkringar og Folksam gjarnan ofarlega í könnunum um ánægju tryggingataka í Svíþjóð, og í Noregi hefur Gjensidige notið mikils trausts neytenda, ekki síst vegna þess að þeir finna beint fyrir ábatanum í formi endurgreiðslna.

Gagnkvæm tryggingafélög í Benelúx

Í Hollandi á samvinnu- og gagnkvæmur rekstur djúpar rætur. Stærsta trygginga-samsteypa Hollands, Achmea, á uppruna sinn í samvinnuhreyfingu bænda og vinnandi fólks, og er enn í dag rekin sem gagnkvæmt/félag. Achmea (sem rekur merki eins og Interpolis og Zilveren Kruis) er ekki skráð á markað og er í eigu sjóðs félagsmanna. Félagið er meðal stærstu tryggingafélaga í Benelúx og hefur veitt viðskiptavinum sínum arð í formi betri kjara. Hollenskur tryggingamarkaður er fjölskiptur, en gagnkvæm og samvinnufélög halda þar um þriðjungs hlut í sumum greinum (um 31% í skaðatryggingum árið 2010 (OECD, 2023) og sennilega svipað eða meira nú, enda hafa samvinnufélög eflst á síðustu árum). Belgía hefur einnig sín gagnkvæmu tryggingafélög. Þar má nefna P&V (Pensioen en Verzekeringen), sem er gagnkvæmt félag með umtalsverða stærð á belgíska markaðnum, auk samtaka gagnkvæmra sjúkratryggingarsjóða (Mutualités) sem veita líf- og heilsutryggingar. Í Lúxemborg er tryggingageirinn smár, en þó starfa þar nokkur gagnkvæm félög eða samvinnufélög á sviði vátrygginga sem þjóna afmörkuðum hópum (t.d. starfsmannatryggingar). Benelúx-ríkin sýna að samvinnuformið getur átt við í nútímaumhverfi fjármála; félög þar hafa lagað sig að breyttum tímum, sameinast eða myndað stór samsteypufélög til að mæta kröfum, án þess að gefa alfarið upp á bátinn hinn gagnkvæma grundvallarhug.

Gagnkvæm tryggingafélög í Þýskalandi og Mið-Evrópu

Þýskur vátryggingamarkaður er blanda af risastórum hlutafélögum (svo sem Allianz) og fjölda sterkra gagnkvæmra tryggingafélaga. Gagnkvæm vátryggingafélög hafa lengi verið við lýði í Þýskalandi og mörg slík eiga rætur sínar að rekja til 19. og 20. aldar þegar þau þjónuðu tilteknum stéttum eða landshlutum. Í dag starfa fjölmörg gagnkvæm félög í Þýskalandi og sum þeirra hafa vaxið og náð yfir landamæri. Til dæmis er HUK-Coburg eitt stærsta skaðatryggingafélag Þýskalands, sérstaklega í bifreiðatryggingum þar sem það er með um 12 milljónir viðskiptavina, en um eitt af hverjum sex þýskum heimilum tryggir ökutæki hjá félaginu. HUK-Coburg er rekið á samvinnugrundvelli með kjörnum fulltrúum úr röðum félagsmanna. Annað dæmi er Debeka, stórt gagnkvæmt líf- og sjúkratryggingafélag, sem þjónar milljónum þjóðverja (m.a. opinberum starfsmönnum) og er þekkt fyrir stöðugleika og góð kjör. R+V Versicherung, sem tengist samvinnuböndum (Raiffeisen- og Volksbanken), er einnig öflugt félag með samvinnueign, sérstaklega í líftryggingum. Í Austurríki, Sviss og víðar í Mið-Evrópu finnast hliðstæð gagnkvæm félög, þó þau séu heldur veikari en í Þýskalandi.

Breytingar og þróun

Samþjöppun hefur verið nokkur meðal gagnkvæmra félaga í Evrópu á undanförnum áratugum. Smærri gagnkvæm félög hafa sameinast til að ná betri

hagkvæmni og til að mæta strangara regluverki. Þá hefur einnig mörgum gagnkvæmum og samvinnufélögum verið breytt í hlutafélög. Í Bretlandi og nokkrum öðrum löndum voru fjölmörg gagnkvæm tryggingafélög og samsvarandi félög (s.s. vátryggingadeildir samvinnubanka) áður fyrr, en á tíunda áratug síðustu aldar og í upphafi þessarar aldar var mörgum þeirra breytt í hlutafélög (svokallað demutualisation). Markaðshlutdeild gagnkvæmra félaga í Bretlandi þannig fór niður fyrir 10% (OECD, 2023). Hins vegar hefur víða orðið viðsnúningur eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna 2008. Traust á hagnaðardrifnum fjármálafyrirtækjum beið þá víða verulegan hnekki, en gagnkvæm félög komu betur undan henni. Í kjölfar bankakrísunnar óx þannig iðgjaldavelta gagnkvæmra tryggingafélaga á heimsvísu hraðar en hjá hlutafélögum, og juku þau markaðshlutdeild sína nokkuð (Swiss Re Institute, 2016). Hlutur gagnkvæmra og samvinnurekinna tryggingafélaga í Evrópu hefur þannig aukist úr um fjórðungi markaðarins árið 2007 og upp í um þriðjung árið 2022. Þá eru stjórnvöld yfirleitt sammála um að fjölbreytni í rekstrarformi styrki fjármálakerfið. Eftir fjármálakreppuna hafa margar þjóðir litið svo á að mikilvægt sé að viðhalda bæði hlutafélögum og gagnkvæmum félögum til að auka virkni, stöðugleika og samkeppni (Swiss Re Institute, 2016). Reynslan frá Evrópu er sú að gagnkvæm tryggingafélög geta gegnt veigamiklu hlutverki í blandaðri markaðshagkerfi, þar sem þau bjóða neytendum hagstæða valkosti og efla viðnámsþrótt markaðarins í heild.

Helstu kostir gagnkvæmra félaga

Ábati – endurgreiðsla

Stærsti kosturinn er líklega beinn fjárhagslegur ávinningur sem tryggingatakar geta notið. Eigendur tryggingafélagsins og viðskiptavinir eru einir og hinir sömu og því njóta þeir velgengni félagsins, hvort sem er með endurgreiðslu iðgjalda, iðgjaldalækkun eða með traustari varasjóði. Þannig rennur hagnaður beint til þeirra í stað þess að hluti iðgjalda renni í vasa hluthafa. Neytendur hjá gagnkvæmu félagi geta því fengið „endurgreiddan“ hluta af iðgjaldinu sínu ef reksturinn gengur vel, eins og dæmi frá nágrannalöndum sýna fram á, t.d. 6% árlegur meðlimabónus til danskra tryggingataka Tryg, eða útgreiðslur Gjensidige til norskra viðskiptavina. Þannig verða tryggingakaupin ekki einungis viðskipti heldur einnig þátttaka í rekstri sem getur skilað ávinningi aftur til neytandans umfram það sem þarf í varasjóði. Þessi þáttur eykur hagræna sanngirni og getur létt á útgjöldum heimila til lengri tíma litið.

Lægra verð

Gagnkvæm félög hafa ekki hvata til að hámarka skammtímahagnað á kostnað viðskiptavina, þar sem „hagnaðarmarkmiðið“ er í raun að veita félagsmönnum hagkvæma og góða þjónustu. Þau geta því stillt iðgjöldum í hóf miðað við áhættu og kostnað, án arðsemiskrafna hluthafa. Rannsóknir og reynsla benda til þess að gagnkvæm tryggingafélög geti boðið samkeppnishæf eða lægri iðgjöld, sérstaklega á sviðum eins og bifreiðatryggingum og heimilistryggingum þar sem þau hafa stærstan markað. Tildæmis hefur þýska gagnkvæma félagið HUK-Coburg vakið athygli fyrir hagstæð iðgjöld í bílactoryggingum og náð stórri markaðshlutdeild, og sambærileg þróun sást áður hjá gagnkvæmum félögum á Norðurlöndum. Þar sem ekki þarf að skapa fjárhagslega ávöxtun fyrir utanaðkomandi eigendur er hægt að einbeita sér að langtíma stöðugleika í verðlagningu. Gagnkvæm félög geta þar af leiðandi forðast miklar iðgjaldasveiflur milli ára, jafnvel þótt

hagsveiflur verði, því markmiðið er að viðhalda jöfnu og sanngjörnu iðgjaldi fyrir félagsmenn yfir tíma. Slíkt fyrirkomulag er neytendum í hag, sérstaklega þegar kemur að lögboðnum tryggingum (svo sem ökutækjatrýggingum) þar sem stöðugleiki og fyrirsjáanleiki í kostnaði skiptir máli.

Traust og tryggð

Þar sem neytendur sjálfir fara með eignarhald í gagnkvæmu félagi er líklegra að hagsmunir þeirra séu hafðir í forgrunni í allri ákvarðanatöku. Það dregur úr hættu á að þjónusta sé skert eða kröfum tjónþola hafnað í gróðaskyni; frekar hefur félagið hvata til að viðhalda trausti og tryggð félagsmanna. Reynslan sýnir að gagnkvæm félög njóta oft meira trausts og tryggðar en hefðbundin félög. Félög eins og Länsförsäkringar, Folksam, Achmea og HUK-Coburg hafa áunnið sér orðspor fyrir trausta og sanngjarna viðskiptahætti, sem má að hluta rekja til eignarhaldsformsins. Neytendur finna að þeir eru ekki bara „viðskiptavinir númer X“, heldur raunverulegir meðlimir með ákveðin réttindi. Þeir geta m.a. tekið þátt í kosningu stjórnar eða ályktunum um stefnu félagsins, sem veitir þeim rödd í mótun þjónustunnar. Slíkt eykur neytendavernd, því vægi einstaklinga og samtakamáttur þeirra eykst innan félagsins. Eignaraðild neytenda stuðlar að meiri upplýsingagjöf og ábyrgð gagnvart þeim; gagnkvæm félög þurfa að útskýra ákvarðanir sínar fyrir félagsmönnum á aðalfundum og í samskiptum og þannig skapast gagnsæi sem kemur öllum til góða. Traust er lykilþáttur í tryggingastarfsemi – neytendur treysta á að félagið standi við skuldbindingar sínar ef á reynir – og gagnkvæmt eignarhald getur eftir það traust með því að draga úr tortryggni um að félagið reyni að komast hjá greiðsluskyldu til að hagnast.

Aukin samkeppni og fjölbreytni

Innkoma og tilvist gagnkvæmra tryggingafélaga á markaði getur stóraukið samkeppni og valkosti fyrir neytendur. Á fákeppnismörkuðum, eins og þeim íslenska, geta slík félög veitt nauðsynlegt mótvægi við hefðbundin hlutafélög. Í skýrslu Neytendasamtakanna árið 2009 var vakin athygli á samþjöppun á íslenskum tryggingamarkaði og þeirri hættu að samkeppni væri takmörkuð, sem leiddi til hærri verðs fyrir neytendur. Gagnkvæmt tryggingafélag, rekið án arðsemiskröfu fjárfesta, gæti boðið lægra verð, eða einfaldlega þvingað hin félögin til að halda verði niðri – og jafnframt kynnt nýjar áherslur í þjónustu (svo sem meiri ráðgjöf, forvarnir eða sérsniðnar lausnir). Slíkt myndi jafnframt brýna fyrirtæki sem fyrir eru til að keppa enn harðar um hylli neytenda. Þá má nefna að gagnkvæm félög geta fyllt upp í bresti á markaði þar sem þau eru gjarnan stofnuð til að þjóna hópum sem ekki fá hagstæð kjör hjá hefðbundnum félögum. Má sem dæmi nefna tryggingar fyrir tiltekna stéttir (bændur, iðnaðarmenn o.s.frv.) eða tiltekna hluta markaðar (svo sem ökutækjatrýggingar o.fl.). Þannig geta þau bætt framboð á tryggingum þar sem skortur er á valkostum. Heildarniðurstaðan er sú að tilvist gagnkvæmra félaga getur stuðlað að virkari markaði þar sem neytendur hafa úr fleiri kostum að velja og geta fundið tryggingar sem hæfa þeirra þörfum á betri kjörum.

Áskoranir

Þrátt fyrir marga kosti fylgja gagnkvæmu félagaformi einnig ýmsir gallar og áskoranir sem mikilvægt er að greina, sérstaklega með hliðsjón af því hvort slíkt form hentar á íslenskum tryggingamarkaði.

Aðgengi að fé

Stærsta rekstrarlega áskorunin er fjármögnun og gjaldþol. Gagnkvæm félög hafa ekki möguleika á að leita til hluthafa eftir hlutafé eins og hefðbundið er þar sem engir eru hluthafarnir og ekki hægt að selja hlutabréf á markaði til að auka eigið fé. Vaxi félagið ört eða lendi í miklum tjónatöpum (til dæmis vegna hamfara) getur reynst erfitt að sækja aukið fjármagn. Í vissum tilvikum geta vátryggingatakar í raun verið krafðir um aukaframlög bæri svo undir. Sú leið er þó í raun ófær í nútímaumhverfi, þar sem fáir neytendur búast við að þurfa skyndilega að leggja félaginu til aukafé umfram samningsbundin iðgjöld og hafa því ekki til þess tiltækt fé. Því reiða gagnkvæm félög sig fyrst og fremst á uppsafnaðan hagnað frá fyrri árum til að auka eigið fé sitt. Þetta getur hamlað vexti þeirra, samanborið við hlutafélög sem geta farið í hlutafjárútboð eða fengið sterka fjárfesta til liðs við sig. Einnig getur þetta leitt til þess að gagnkvæm félög verði afar varfærin í starfsemi, sem er að sumu leyti kostur (meiri varfærni þýðir sjaldnar áföll), en getur líka dregið úr getu þeirra til auka þjónustu eða taka þátt í nýsköpun. Í Evrópu hefur raunin verið sú að fjöldi smærri gagnkvæmra félaga hefur annað hvort sameinast til að ráða við auknar gjaldþolskröfur eða umbreyst í hlutafélög til að ná í nýtt fjármagn. Íslenski tryggingamarkaðurinn er mjög lítill og því yrði nýtt gagnkvæmt félag líklega smátt í sniðum til að byrja með, og þyrfti því að uppfylla lágmarkskröfur laga um eigið fé með framlagi stofnfjáreigenda eða stofnfélaga. Að tryggja slíkt stofnfé gæti verið erfitt nema með stuðningi sterkra bakhjarla svo sem ríkisins, félagasamtaka eða fjármálastofnana, þar sem almenna neytendur skortir kannski hvata til að leggja fram verulegt fé í upphafi.

Ábyrgð og áhættudreifing

Í gagnkvæmu félagi hvílir endanleg ábyrgð á félagsmönnum. Þótt tryggingatakar séu almennt ekki persónulega ábyrgir umfram stofnframlag sitt eða iðgjöld í venjulegum rekstri bera þeir óbeina fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum gagnkvæms félags (FME, 2022). Standi félagið ekki undir skuldbindingum sínum gæti, samkvæmt laganna hljóðan, þurft að skerða réttindi félagsmanna (t.d. lækka greiðslur úr líftryggingum) eða krefja þá um bein fjárframlög. Í reynd eru til varúðarreglur og eftirlitsaðili (Fjármálaeftirlit Seðlabankans) á að grípa inn í ef félag er líklegt til standast ekki og áður en það fer undir gjaldþolskröfur. Neytendur kunna þó að vera tregari til að skipta yfir í félag þar sem þeir fræðilega bera þessa áhættu. Í hlutafélagi bera hluthafar áhættuna af rekstrartapi að því marki sem hlutafé þeirra nær til, en í gagnkvæmu félagi er það samtryggingin sem ber hana. Þessi þáttur, þótt fremur fræðilegur sé í sterkum félögum, getur verið hamlandi í markaðssetningu gagnkvæms félags og sumir gætu spurt „Get ég verið rukkaður um meira ef illa gengur?“ jafnvel þó líkurnar séu hverfandi. Því er mikilvægt að skýrt regluverk sé til að takmarka beina fjárhagsábyrgð félagsmanna og uppfræða neytendur um að slík ábyrgð sé fyrst og fremst óbein.

Stjórnarhættir og skilvirkni

Hjá hlutafélögum fylgjast hluthafar og fjármálamarkaðir náið með afkomu, krefjast skilvirkni og umbunar eða refsar stjórnendum með hækkandi eða læk-

andi gengi hlutabréfa. Í gagnkvæmu félagi er ekki sami sýnilegi þrýstingur; félagsmenn eru fjölmargir, dreifðir og oft lítt virkir í stjórn félagsins. Hætta er á að stjórnendur gagnkvæms félags stjórnist af öðrum hagsmunum en heildarinnar eða að ákveðin værukærð nái yfirhöndinni ef aðhald er ekki nægt. Rannsóknir hafa sýnt að félagsmenn í gagnkvæmum félögum nýta oft ekki atkvæðarétt sinn eða hafa takmarkaðan áhuga á stjórnun félagsins, sem veikir innra aðhald (Swiss Re Institute, 2016). Þetta getur leitt til þess að sum gagnkvæm félög eru ekki eins árangursdrifin og mögulegt væri. Það er þó ekki algilt; mörg stór gagnkvæm félög hafa sterkt innra eftirlit og aga sem stenst fyllilega samanburð við hlutafélög. Til að sporna við þessu hafa sum gagnkvæm félög innleitt sérstakar reglur um stjórnarhætti, t.d. að fulltrúaráð, kjörið úr hópi viðskiptavina, fundi reglulega með stjórnendum. Jafnframt verður að hafa í huga að samkeppni á markaði setur þrýsting á öll fyrirtæki og ef gagnkvæmt félag sinnir ekki viðskiptavinum vel eða er rekið á óhagkvæman hátt missir það fljótt traust félagsmanna, sem gætu þá kosið breytingar eða einfaldlega flutt viðskipti sín annað. Því má segja að markaðurinn sjálfur setji þeim aðhald að vissu leyti, þó ekki í formi verðs á hlutabréfamarkaði, heldur með orðspori og viðskiptatryggð.

Stærð og sérhæfing

Gagnkvæm félög hafa gjarnan, sérstaklega áður fyrr, starfað innan tiltölulega þröngs ramma og þjónustað ákveðna starfsstétt, landsvæði eða tegund trygginga. Nútímatryggingamarkaður kallar gjarnan á fjölbreytt vöruúrval, breiðan hóp viðskiptavina og fjártækninýjungar. Lítil gagnkvæm félög eiga í erfiðleikum með að fjárfesta í dýrum upplýsingakerfum, netlausnum og nýjum vörum (t.d. netöryggistryggingum og persónumiðuðum tryggingum) nema þau myndi bandalög eða taki höndum saman við önnur félög. Í sumum Evrópulöndum hafa gagnkvæm félög einmitt stofnað sameiginleg þjónustufyrirtæki eða samhæft innviði. Länsförsäkringar í Svíþjóð er gott dæmi, þar sem 23 sjálfstæð svæðisbundin gagnkvæm félög reka sameiginlegan vettvang upplýsingatækni, bankþjónustu og endurtrygginga. Á litlum markaði þar sem fyrir eru rótgróin stöndug fyrirtæki er spurning hvort gagnkvæmt félag gæti komist á koppinn og staðið eitt og sér, eða væri komið á fót í samvinnu við eða með aðild að samlagi á stærri markaði.

Samkeppniskekka

Að lokum má nefna að ef einungis eitt gagnkvæmt félag starfar á markaði ásamt nokkrum hlutafélögum gæti það staðið höllum fæti ef regluverk eða viðskipta-umhverfi hyglir hlutafélögum um of. Til dæmis, ef skatthlutföll, frádráttarmöguleikar eða reikningsskilarammar taka mið af hlutafélögum (sem greiða arð, hafa hlutafé o.s.frv.), gæti gagnkvæma félaginu fundist því mismunað. Sem dæmi má nefna að áður fyrr var talað um „bótasjóði“ hjá tryggingafélögum sem eins konar eign váttryggingataka, en eftir lagabreytingar 1994 var það hugtak tekið út og tryggingaskuld færð til samræmis við evrópskar reikningsskilareglur. Slíkar breytingar, sem voru nauðsynlegar og eðlilegar, sýna þó að regluverkið getur breyst og gagnkvæmt félag þarf að fylgja þeim breytingum jafnt sem önnur. Í versta falli gætu verið til smáatriði í reglum sem óviljandi gera gagnkvæmu formi erfiðara fyrir, t.d. skorður á hvernig það megi safna stofnfé eða hvernig fara skuli með sameiningar gagnkvæmra félaga. Þetta þarf að greina og uppræta ef til stofnunar gagnkvæms félags kæmi, svo tryggja megi jafnræði á markaði.

Lagarammar og framtíðarskilyrði

Lagaskilyrði

Íslensk löggjöf hindrar ekki að tryggingastarfsemi geti verið rekin í formi gagnkvæms félags, þó slíkt fyrirkomulag hafi ekki verið við lýði í þrjá áratugi. Í 7. Gr laga um váttryggingastarfsemi (nú nr. 100/2016, áður nr. 60/1994) er tilgreina að váttryggingafélög geta verið hlutafélög eða váttryggingarfélag sem hlotið hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki, auk þess sem tekið er fram að félög sem stofnuð eru með sérliögum til að reka váttryggingastarfsemi megi reka þessa starfsemi í lögmætu félagsformi, „enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og önnur félög..“. Þetta þýðir að formlega bannar ekkert stofnun og rekstur gagnkvæms tryggingafélags á Íslandi í dag svo fremi sem slíkt sé heimilað með lagasetningu á Alþingi. Þetta þýðir einnig að gagnkvæm tryggingarfélag sem eiga heimilisfestu á Evrópska Efnahagssvæðinu geta hafið starfsemi hér að skilyrðum sem nefnd eru í lögum nr. 100/2016 uppfylltum. Með vísan til félagafrælsisreglu stjórnarskrárinnar auk jafnræðisreglu má álykta að íslenskt samvinnufélag eða félag sem byggir á gagnkvæmni myndi fá jákvæða afgreiðslu á Alþingi yrði farið fram á setningu sérлага um starfsemi slíks félags. Eftir samruna Brunabótafélags Íslands og Samvinnutrygginga, sem leiddi af sér stofnun hlutafélagsins VÍS árið 1989, hafa engin gagnkvæm váttryggingafélög starfað hér. Öll starfandi tryggingafélög; VÍS, Sjóvá, Tryggingamiðstöðin (TM) o.fl., eru hlutafélög. Lögin kveða á um að sama eftirlit og gjaldþolskröfur gildi, óháð félagaformi, sem tryggir jafna samkeppnisstöðu að nafninu til. Í framkvæmd mætti því nú þegar sækja um starfsleyfi fyrir gagnkvæmt tryggingafélag, svo framarlega sem uppfyllt eru skilyrði um lágmarks eigið fé, áhættustýringu, endurtryggingasamninga o.s.frv. sem Fjármálaeftirlit Seðlabankans setur.

Er þörf á lagabreytingum?

Þó formlega sé lagalegur grundvöllur fyrir gagnkvæmu félagi gæti þurft að skoða nánar hvort laga- og reglugerðarumhverfið henti slíku félagi í framkvæmd. Í ljósi umræðunnar að framan má nefna nokkur atriði:

- Aukinn sveigjanleiki í fjáröflun: Lagaumgjörðin gæti þurft að leyfa gagnkvæmu félagi að afla stofnfjár eða ábyrgðarfjár á sveigjanlegan hátt. Á Norðurlöndum er þekkt úrræði svokallað garantíkapital (ábyrgðarhlutafé) hjá gagnkvæmum félögum, sem er eins konar blanda, þ.e. fjárfestar leggja til tímabundið hlutafé eða skuldabréf sem búa yfir tilteknum rétti (t.d. vöxtum eða takmörkuðum atkvæðisrétti), en það styrkir félagið án þess að taka það alfarið úr höndum félagsmanna. Slík úrræði þyrftu að vera möguleg hér, ef stofna ætti gagnkvæmt félag, til að tryggja að það geti safnað sveigjanlegu rekstrarfé þegar þörf krefur. Þetta gæti krafist fínþússunar á váttryggingalöggjöfinni eða félagarétti, þó líklegt sé að núverandi lög heimili ýmiss konar blandaðar lausnir (t.d. að gagnkvæmt félag stofni dótturfélag sem taki við ábyrgðarbréfum).
- Stofnstyrkir eða hvatar: Til að gagnkvæm tryggingaáform nái flugi gæti þurft utanaðkomandi stuðning til frumstofnunar. Ríkið gæti, ef pólitískur vilji er fyrir hendi, ívilnað slíkri stofnun með beinum eða óbeinum hætti. Það gæti verið í formi skattalegra hvata (t.d. tímabundins skattaafsláttar af iðgjöldum hjá gagnkvæmu félagi til að hjálpa því að vaxa) eða jafnvel beins stofnstyrks gegn því að félagið þjóni afmörkuðum neytendahópum. Slíkar aðgerðir

yrðu þó að samræmast samkeppnisreglum; þær mætti réttlæta með vísan í neytendavernd og markaðsjöfnun, en yrðu að framkvæmast varlega til að raska ekki samkeppni með ósanngjörnum hætti. Einnig mætti hugsa sér að samtök (t.d. verkalyðsfélög eða lífeyrissjóðir) leggi gagnkvæmu félagi til stofnfé og taki þannig þátt í eignarhaldinu fyrir hönd sinna félagsmanna. Slík samvinnuaðferð myndi draga úr áhættu einstaklinga og dreifa byrðinni. Lagalega séð þyrfti að tryggja að slíkt eignarhald samræmdist formi gagnkvæms félags og líklega þyrfti viðkomandi stofnfjáraðili að koma fram sem fulltrúi fjölda félagsmanna en ekki sem hefðbundinn hluthafi. Þetta er tæknilegt atriði sem hægt væri að útfæra í samþykktum félagsins við stofnun.

- Eftirlit og regluverk aðlagað: Einnig mætti huga að því að laga eftirlitskröfur að smærri og einfaldari aðila. Evrópskar reglur (Solvency II reglugerðin) gera nú þegar ráð fyrir hlutfallslegu eftirliti, þar sem minni váttryggingafélög lúta einfaldari reglum að hluta. Mikilvægt er að tryggja að þessi sveigjanleiki nýtist ef gagnkvæmt félag kæmi fram, svo það standi ekki frammi fyrir sömu yfirþyrmandi skriffinskukröfum og risafélög. Það er nefnilega neytendahagsmunamál að samkeppni fái þrífist; ef regluverkið er of íþyngjandi fyrir nýja aðila fá neytendur ekki notið ávinnings af nýliðum á markaði. Ísland gæti í samræmi við EES-reglur sett ákveðin mörk þar sem einfaldara regluverk gildir, t.d. ef félagið er undir ákveðinni stærð. Þó verður að passa jafnvægið; eftirlit með tryggingafélagi verður að vera traust til að vernda tjónþola og tryggingataka.

Langtímaáhrif

Ef gagnkvæm tryggingafélög fengju aftur að spretta fram á Íslandi gæti það haft talsverð áhrif á þróun markaðarins. Neytendur myndu að öllum líkindum njóta aukins valfrelsis og hugsanlega hagstæðari kjara, eins og rakið hefur verið. Hitt er svo, að hefðbundin félög myndu bregðast við, hugsanlega með lægra verði og/ eða meiri hagsmunagæslu fyrir viðskiptavinum (t.d. lengri tryggingasamningum eða dýpri afsláttarkerfum fyrir tryggja viðskiptavinum) til að viðhalda tryggnu. Í slíku samkeppnisumhverfi gætu allir neytendur notið góðs af, óháð því hvort þeir skipta við gagnkvæma félagið eða ekki, því þrýstingurinn myndi dreifast um markaðinn. Til lengri tíma gæti myndast blandað tryggingakerfi þar sem gagnkvæmt félag næði kannski 15–30% hlutdeild, svipað og að meðaltali í Evrópu (OECD, 2023). Gögn frá Swiss Re benda til þess að fjölbreytt eignarhaldsform í tryggingakerfinu auki stöðugleika og dragi úr líkum á kerfisbundnum áhættuáföllum, því einsleitir hvatar og hegðun aðila á markaði verða fjölbreyttari (Swiss Re Institute, 2016). Til að slíkt jafnvægi náist þarf hins vegar að skapa rekstrargrundvöll fyrir gagnkvæm félög – til staðar þarf að vera traustur hópur félagsmanna, nægjanlegt stofnfé og skýrt virði í huga neytenda (þ.e. fólk þarf að sjá ástæðu til að skipta, svo sem lægra verð eða betri þjónustu).

Margt bendir til þess að gagnkvæm tryggingafélög geti orðið verðmæt viðbót við íslenskan tryggingamarkað frá neytendasjónarmiði. Helstu kostir eru beinn fjárhagslegur ábati fyrir tryggingataka, sterkur neytendafókus og aukin samkeppni, en helstu gallar snúa að fjármögnun og hugsanlega veikara stjórnarlegu aðhaldi. Evrópsk reynsla, sérstaklega frá Norðurlöndum, Benelúx og Þýskalandi, sýnir að slík félög geta starfað hlið við hlið við hlutafélög og jafnvel náð umtalsverðri stærð, ef rétt er á spilum haldið. Íslensk löggjöf heimilar slíkan

rekstur nú þegar, en til að hann blómstri kann að þurfa fínstillingu á regluverki og stuðning í upphafi. Hagsmunir neytenda af því að fá gagnkvæmt tryggingafélag inn á markaðinn gætu verið verulegir í formi betri kjara og valkosta, en um leið verður að tryggja að slíkt félag standist öll fagleg skilyrði og reki sig á öruggan hátt. Með skynsamlegum breytingum og samstarfi gæti gagnkvæmur rekstur orðið öflugur þáttur í framtíð íslensks tryggingamarkaðar, neytendum og samfélaginu öllu til heilla.

Séreignartrygging eða séreignarsparnaður?

Lífeyrissparnaður er ein mikilvægasta fjármálaákvörðun sem neytendur taka yfir ævina. Ávinningurinn af því að velja eina leið umfram aðra getur numið tugum milljóna króna við starfslok. Því skiptir höfuðmáli að neytendur þekki kosti og galla sparnaðarleiða, átti sig á eigin áhættuvilja og -þoli, og endurskoði ákvörðun sína reglulega. Markaðsaðstæður og lagaskilyrði breytast. Það sem var gott árið 2026 kann að vera minna aðlaðandi 2036. Lífið býður einnig sífellt upp á óvæntar upptakomur, bæði gleðilegar og dapurlegar. Þá er kostur að geta lagað lífeyrissparnaðinn að breyttum aðstæðum. Mikilvægi gagnsæis, virkrar samkeppni og víðtæks vöruúrvals er skýrt og á ekki síður við þegar kemur að lífeyri en öðrum mörkuðum.

Helstu niðurstöður

Almennt er séreignarsparnaður hagkvæmari leið sé litið til kostnaðar. Iðgjöldin fara óskert í ávöxtun og það er enginn beinn upphafskostnaður. Rekstrarkostnaður er oft hóflegur og innifalinn í gengi sjóðsins. Heildaráhrif gjalda á ávöxtun eru því takmörkuð. Árlegur kostnaður dæmigerðs séreignarsjóðs nemur um 0,5–1,0% af eignum, og er því samsvarandi skerðingu árlegrar raunávöxtunar (RIY). Séreignartryggingar eru dýrari. Þær sameina sparnað og váttryggingu, en þeim fylgir yfirleitt flóknara fyrirkomulag og meiri kostnaður. Iðgjöld bera oft upphafspóknar og sölukostnað sem dragast frá greiddum iðgjöldum (e. „front-loaded cost“), og því er einungis hluti hvers iðgjalds lagður fyrir til ávöxtunar. Hjá dæmigerðri séreignartryggingu renna allt að 20–35% af hverju iðgjaldi í kostnað fyrst um sinn. Eftir það leggst árlegur umsýslukostnaður ofan á (oft um 1% af inneign). Heildarkostnaður séreignartrygginga getur því dregið verulega úr raunávöxtun sparnaðarins. Oft nema áhrifin um 1–2% á ári. Á lengri sparnaðartíma, 25–40 árum, getur þessi munur leitt til 25–35% lægri lokainneignar fyrir neytandann samanborið við ef enginn kostnaður væri.

Áhætta og sveigjanleiki: Séreignarsparnaður er sveigjanlegri; binditími er enginn og neytandi getur breytt sparnaðarleiðum, eða skipt um vörsluaðila hvenær sem er án beins kostnaðar. Séreignarsparnaður erfist að fullu og hægt er að taka hann út frá 60 ára aldri, annað hvort í einu lagi eða sem mánaðarlegar greiðslur eftir þörfum.

Séreignartryggingar krefjast hins vegar langtímasamnings við tryggingafélag, eða til allt að 30–40 ára. Þær eru mun ósveigjanlegri og breytingar eða uppsögn samnings getur kostað verulega mikið. Komi til uppsagnar fyrstu árin fást iðgjöld aðeins að hluta endurgreidd. Tryggt endurkaupsvirði er oft einungis um 60–70% af greiddum iðgjöldum sé hætt að greiða mjög snemma. Virðið fer hækkandi upp í 80–90% eftir því sem líður á samningstímann. Þannig getur neytandi tapað drjúgum hluta af sparnaði sínum hætti hann snemma í séreignartryggingu. Þá eru útborgunarreglur séreignartrygginga oft fastmótaðar samkvæmt samningi. Til dæmis kann samningur að gera ráð fyrir ævilöngum mánaðarlegum lífeyri en ekki frjálsri ráðstöfun fjárhæðarinnar. Slíkt dregur úr sveigjanleika en tryggir á móti að neytandi fengi lífeyri til æviloka, sama hversu lengi hann lifir (vernd gegn „langlífisáhættu“).

Mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir þessum eðlis- og kostnaðarmun og áhættu áður en það tekur ákvörðun um hvorn kostinn það velur. Til að hámarka

ávinning lífeyrissparnaðar ættu neytendur að fá nægjanlegt svigrúm til að kynna sér gjaldskrár vörsluaðila vandlega. Forðast ætti lausnir með flóknum eða ógagnsæjum gjöldum og meta þarf hvort loforð um lágmarksávöxtun eða höfuðstólsvernd réttlæti aukinn kostnað. Einnig er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir eigin þörfum, t.d. hvort það kys sveigjanleika og fulla eignarheimild yfir sparnaði (sem séreignarsparnaður veitir) eða lífeyrisréttindi með ábyrgð (sem séreignartryggingar geta gert). Krefja verður seljendur lífeyristrygginga um skýra framsetningu á heildarkostnaði og áhrifum hans (t.d. með upplýsingum um hlutfallslega skerðingu á ávöxtun, sbr. RIY) og hvetja neytendur til að gera samanburð áður en samningar eru gerðir.

Hvað er séreignarsparnaður?

Séreignarsparnaður er viðbótarlífeyrissparnaður sem launþegar geta valið að greiða til viðbótar við skyldusparnað í lífeyrissjóð. Samkvæmt kjarasamningum er heimilt að ráðstafa allt að 4% af heildarlaunum sínum í slíkan sparnað og fá almennt 2% mótframlag frá vinnuveitanda. Þannig jafngildir séreignarsparnaður strax „launahækkun“ um 2% fyrir launþega sem nýta sér hann. Framlöggin eru lögð inn á séreignarreikning á nafni sparnaðaraðilans, í vörslu lífeyrissjóðs, banka eða verðbréfafyrirtækis.

Séreignarsparnaður er eign launþegans. Hann er aðskilinn frá samtryggingarsjóði (skyldulífeyri) og safnast upp á einstaklingsreikningi. Tilgreind séreign er skyldulífeyrissparnaður sem einnig er færður í einstaklingsreikning og frá 2017 hafa launþegar mátt ráðstafa 3,5% af 15,5% lögbundnu iðgjaldi í séreign, skv. ákvæðum kjarasamninga. Tilgreind séreign fylgir svipuðum reglum og viðbótarsparnaður (erfist o.s.frv.) nema að hún er hluti af skylduiðgjaldi og ekki reiknast á hana áunnin lífeyrisréttindi (t.d. ekki réttur til ævilangs lífeyris úr samtryggingu fyrir þann hluta).

Sérstaða séreignarsparnaðar: Séreignarsparnaður nýtur skattaívilnunar – framlög eru frádráttarbær frá tekjum (ekki greiðist tekjuskattur af þeim fyrr en við útgreiðslu) og ekki er lagður fjármagnstekjuskattur á vexti/ávöxtun sparnaðarins. Þessi stað er greiddur tekjuskattur af útborguðum séreignarlífeyri síðar. Þetta er oft kallað EET (e. „Exempt-Exempt-Taxed“). Séreign í lífeyrissjóðum eða banka er varin fyrir kröfuhöfum – ekki má ganga að henni ef eigandi séreignar lendir í gjaldþroti. Framlöggin og ávöxtun safnast upp í séreignarsjóði sem er aðskilinn frá samtryggingarsjóði; séreignardeildir lífeyrissjóða eða séreignarsjóðir bankanna lúta eftirliti Seðlabanka/Fjármálaeftirlits og falla undir ábyrgðarsjóði að hluta (t.d. Tryggingarsjóð innstæðueigenda ef um innlán er að ræða, en ekki ef um verðbréfasjóði er að ræða).

Úttekt og erfðir: Séreignarsparnaður (þ.m.t. tilgreind séreign) erfist að fullu við andlát. Einnig má nýta séreignarsparnað fyrir fram til að greiða inn á húsnæðislán eða til fyrstu íbúðakaupa, samkvæmt tímabundnum heimildum (árið 2023–2025 má nýta allt að 500 þús. kr. á ári skattfrjálst til slíkra nota).

Útgreiðslur má hefja frá 60 ára aldri, eða 5 árum fyrir lögbundinn eftirlaunaaldur. Heimilt er að fá séreign greidda út í einu lagi eða með reglubundnum hætti eftir óskum sparnaðareiganda, sem skapar sveigjanleika við ráðstöfun sparnaðarins.

Hvað er séreignartrygging?

Séreignartrygging er lífeyris- eða fjárfestingatrygging. Í grunninn er gerður vátryggingarsamningur við tryggingafélag, sem hefur það markmið að safna upp séreign til útgreiðslu síðar meir, oft sem lífeyri. Séreignartryggingar sameina þannig fjárfestingarþátt og tryggingarþátt. Iðgjöld eru greidd líkt og í séreignarsjóð (oft 2–4% af launum auk 2% mótframlags launagreiðanda) en iðgjöldin renna til tryggingafélags í stað lífeyrissjóðs. Tryggingafélagið ávaxtar iðgjöldin samkvæmt skilmálum samningsins og lofar að veita ákveðnar greiðslur síðar (t.d. lífeyri frá tilteknum aldri eða eingreiðslu). Algengt er að slíkir samningar bjóði tryggðalágmarksávöxtun eða höfuðstólsvernd á sparnaðinum, t.d. að lokagreiðsla verði ekki lægri en 80–90% af nafnverði greiddra iðgjalda, og/eða ævilangan lífeyri óháð því hversu lengi er greitt. Þannig bæta séreignartryggingar við sig áhættuþáttum sem venjulegur sparnaður felur ekki í sér: tryggingafélagið tekur á sig markaðsáhættu að hluta (lofar lágmarksgreiðslu) og/eða lífsáhættu (lofar ævilöngum greiðslum). Fyrir þetta innheimtir félagið sérstakt tryggingaiðgjald og ábyrgðargjald sem hluta af kostnaði samningsins.

Dæmi um séreignartryggingar á Íslandi: Flestar séreignartryggingar eru boðnar af erlendum líftryggingafélögum sem starfa hér á landi í gegnum miðlara. Þau eru meðalannars: Allianz Lífeyristrygging (markaðssett sem „Viðbótarlífeyrir Allianz“), Bayern-Versicherung (markaðssett sem „Bayern Líf“), VPV Lebensversicherung og áður Líftryggingafélag Íslands (Lífis) lífeyrissöfnun. Þessar vörur eru oft kenndar við „þýsku sjóðina“ þar sem félögin eru þýsk. Samningarnir eru yfirleitt í erlendri mynt (evrum) og því fylgir þeim gengisáhætta fyrir neytandann; inneignin sveiflast með gengi evru gagnvart krónu. Á móti gæti gjaldeyristrygging veitt stöðugleika glati krónan verðgildi sínu. Séreignartryggingar eru oft auglýstar með áherslu á öryggi: „tryggður lífeyrir“, „90% höfuðstólsvernd“, „lágmarksávöxtun X%“ o.s.frv.. Hins vegar fylgir þeim yfirleitt meiri kostnaður og minni sveigjanleiki.

Sérstaða séreignartrygginga: Lífeyristryggingarsamningur er í grunninn vátrygging. Samningurinn er yfirleitt við erlendan aðila, sem þýðir að þarlend lög geta gilt um hann (t.d. þýskir skilmálar og þýsk löggjöf). Samningar eru oft margar blaðsíður, oft á tveimur tungumálum þar sem þýskur texti gengur framar íslenskum, sem gerir íslenskum neytendum oft erfitt að skilja efni þeirra til fulls. Fjármálaeftirlit Seðlabankans veitir vátryggingafélögum starfsleyfi og hefur eftirlit með neytendavernd, en uppfylling loforða (greiðslna í framtíð) er undir stöðugleika og getu viðkomandi tryggingafélags komin. Þetta er svokölluð mótaðilaáhætta (counterparty risk) fyrir neytandann. Þekkt er þegar Seðlabankinn varaði við fjárhagsstöðu slóvakíska vátryggingafélagsins NOVIS í janúar 2025 í kjölfar afturköllunar starfsleyfis þess, en félagið hafði um hrið selt tryggingar á Íslandi. Verði tryggingafélag gjaldþrota kann að reyna á hvort og að hvaða marki sparnaðurinn er tryggður. Hins vegar eru þýsk líftryggingafélög undir ströngu eftirliti þarlendra yfirvalda og þurfa að uppfylla ýmis greiðsluhæfisskilyrði.

Réttindi til útgreiðslu úr séreignartryggingu fara eftir samningi: Oft erfist inneignin líkt og önnur séreign, en undanþágur kunna að gilda. Til dæmis er algengt að makatrygging sé innifalin í séreignartryggingu eða að við andlát sé greidd út lágmarkstrygging (annað hvort uppsöfnuð inneign eða a.m.k. tiltekið hlutfall af greiddum iðgjöldum, eftir því hvort er hærra). Í stuttu máli má segja að séreignartrygging sé blanda af sparnaði og tryggingu þar sem neytandinn fórnar hluta sveigjanleika og mögulegrar ávöxtunar fyrir að fá ákveðin tryggð réttindi (lágmarksútborgun, lífeyri til lífstíðar o.s.frv.).

Munurinn á séreignarsparnaði og séreignartryggingu

- **Eignarhald og kröfuréttur:**

- Séreignarsparnaður er sparifé sem neytandinn á beint. Inneignin er á hans eigin nafni (t.d. inneign í séreignardeild lífeyrissjóðs eða bankareikningur) og hann hefur ótvíræðan kröfurétt á umsamdar útgreiðslur þegar viðmiðunaráldri er náð.
- Séreignartrygging er hins vegar krafa á tryggingafélag – samningur um tiltekna greiðslu í framtíð. Inneignin er ekki aðskilin í vörslu neytanda heldur hluti af tryggingaskuld félagsins. Neytandinn er vátryggður aðili með tiltekna skilmálatryggingu en ekki beinn eigandi að (hluta af) verðbréfasafni.

- **Erfðaréttur:** Við andlát fer séreignarsparnaður í erfðameðferð eins og annað fjármagn (greiddur út til erfingja, oft maka og barna, skv. reglum sjóðsins). Tilgreind séreign (sem er hluti skylduiðgjalds) erfist einnig með sama hætti (skipt milli maka og barna). Í séreignartryggingu er algengt að samningurinn kveði á um að makalífeyrir eða dánarbætur komi í stað inneignar: t.d. að maki fái lífeyri í X ár eða að börn fái barnalífeyri, fremur en að full inneign greiðist út strax. Sumir samningar tryggja þó að a.m.k. uppsöfnuð inneign eða greidd iðgjöld (að hluta) komi til útborgunar við fráfall. Í stuttu máli má segja að séreignarsparnaður erfist sem fjármunir en séreignartrygging virkjar vátryggingavernd við fráfall (eftirlífendur fá bætur samkvæmt samningi).

- **Útgreiðslur:** Séreignarsparnaði má ráðstafa að vild eftir 60 ára aldur; taka hann allan út eða dreifa. Tekjuskattur er greiddur af því sem tekið er út hverju sinni. Í samræmi við það getur neytandi hámarkað skattahagræði með því að dreifa úttekt yfir nokkur ár (nýta persónuafslátt ár hvert o.s.frv.). Séreignartryggingar eru oftast en ekki miðaðar við lífeyrisgreiðslur og samningurinn getur t.d. tryggt ævilangan lífeyri frá 67 ára aldri. Þá er ekki endilega val um eingreiðslu; í staðinn fær viðkomandi mánaðarlegar greiðslur ævilangt, sem dreifir skattbyrði og tryggir tekjur til æviloka. Slíkt fyrirkomulag kemur þó niður á sveigjanleika, ekki er hægt að fá „allt út“ jafnvel þótt maður vildi (nema kannski að litlu leyti).

- **Binditími og uppsögn:** Alltaf má hætta að safna séreignarsparnaði tíma-bundið eða endanlega, án sekta. Launagreiðandi hættir þá að leggja inn og reikningurinn stendur einfaldlega áfram ávaxandi (eða frystur ef hann er í bankareikningi). Einnig má skipta um vörsluaðila með litlum fyrirvara; lífeyrissjóðir og bankar leyfa flutning milli sjóða, oft án kostnaðar (sumir bankar krefjast einhvers gjalds). Séreignartryggingar fela hins vegar í sér skuldbindingu um greiðslur til ákveðins árafjölda. Uppsögn áður en samningstími er liðinn getur leitt til þess að tryggingafélagið greiði út svokallað innlausnarvirði (eða uppsagnarvirði), sem er iðgjöld að frádregnum kostnaði. Þar sem kostnaðurinn fellur að mestu til fyrstu árin er uppsagnarvirði fyrstu árin mun lægra en greidd iðgjöld. Sem fyrr segir eru oft aðeins 60–70% iðgjalda tryggð ef samningi er slitið snemma. Margir samningar leyfa reyndar alls ekki fulla uppsögn fyrstu tvö árin, engin útgreiðsla fæst þá, enda er kostnaðurinn þá ógreiddur að fullu. Eftir að lágmarks binditíma lýkur má færa samninginn í „iðgjaldafrístand“ (hætta að greiða frekar) en láta hann halda áfram að ávaxtast fram að lokum.

Yfirlit samanburðar má sjá í töflu 1 hér að neðan, sem dregur saman helstu einkenni leiðanna frá sjónarhóli neytenda:

Tafla 1.

Samanburður á séreignarsparnaði og séreignartryggingu.

Viðbótarlífeyrissparnaður	Séreignarsparnaður	Séreignartrygging
Eignarhald	Einstaklingsreikningur hjá sjóði/banka; neytandi á inneign beint.	Vátryggingasamningur; inneign er hluti af tryggingaskuld félagsins.
Framlag (2–4% + 2%)	Iðgjald fer óskert inn á sparnaðarreikning.	Hluti iðgjalds fer í kostnað (sölulaun o.fl.), hluti í ávöxtun.
Ávöxtun	Fer eftir fjárfestingarleið (markaðsáhætta hjá neytanda; engin lágmarksábyrgð).	Oft tryggð lágmarksávöxtun /höfuðstóll; takmörk á upphæð lífeyris (trygging tekur markaðsáhattu að hluta).
Kostnaður	Enginn upphafskostnaður. Rekstrarkostnaður oft 0,5–1%	Hár upphafskostnaður sem dreginn er af fyrstu iðgjöldum. Árlegur kostnaður oft um 1%
Sveigjanleiki	Mikill: Hægt að breyta um fjárfestingarleið, skipta um vörsluaðila eða stöðva sparnað tímabundið án refsingar.	Lítill: Binditími samnings; uppsögn/breyting kostar. Lítið svigrúm til að aðlagja eftir á.
Útgreiðsla	Frá 60/62 ára; eingreiðsla eða dreift að ósk lífeyristaka. Tekjuskattur reiknast við útgreiðslu, en hægt er að dreifa henni yfir mörg ár og nýta þannig persónuafslátt.	Oft föst: t.d. mánaðarlegur lífeyrir frá 67 ára og ævilangt. Ekki alltaf val um að fá útgreidda alla upphæðina í einu (nema samningur leyfi). Tekjuskattur reiknast við útgreiðslu.
Erfðir	Erfist að fullu sem fjáreign samkvæmt erfðalögum.	Fer eftir samningi: Maki/börn geta átt rétt á lífeyri/bótum. Inneign ekki endilega greidd út í einu lagi nema sem hluti af skilmálum.
Áhætta	Markaðsáhætta, gengis- og verðbólguáhætta á neytanda (ávöxtun getur verið há eða lág). Engin mótaðilaáhætta (aðgreind eign).	Mótaðilaáhætta. Minni markaðsáhætta þar sem oft er lágmarks-trygging. Gengisáhætta af útgreiðslu í erlendri mynt. Langlífisáhætta tryggð með ævilöngum lífeyri.

Heimildir: Samansett úr upplýsingum frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Seðlabanka Íslands og Aurbjörg fjármálaráðgjöf.

Niðurstaðan er sú að séreignarsparnaður er almennt mun hagkvæmari kostur fyrir langflesta neytendur en séreignartrygging. Helstu atriði sem styðja þá ályktun:

- **Heildarkostnaður er lægri:** Í hefðbundnum séreignarsjóði greiðir neytandi að jafnaði um 0,5–1,0% á ári í kostnað og engan upphafs- eða uppsagnarkostnað. Í séreignartryggingu fer mun hærra hlutfall iðgjalda í kostnað, sérstaklega fyrstu árin (allt að 15–30% yfir fyrstu 5 árin), auk þess sem árlegur umsýslukostnaður er svipaður (um 1%). Þetta veldur því að raunávöxtun séreignartryggingar er almennt um 0,5–1,0 prósentustigi lægri á ári. Það kann að hljóma lítilvægt en lokainneign getur verið allt að 20–25% lægri eftir áratuga iðgjaldagreiðslur.
- **Sveigjanleiki og réttindi eru meiri:** Neytandi sem leggur fyrir í séreignarsjóð getur alltaf skipt um vörsluaðila án verulegs kostnaðar, hætt tímabundið eða breytt framlagi, og síðan hafið úttekt hvenær sem hann kysir eftir 60 ára aldur (í einu lagi eða dreift). Séreignartrygging bindur hendur neytanda mun meira og uppsögn innan samningstíma getur kostað allt að 20–40% af uppsafnaðri inneign. Breytingar eru takmarkaðar og ekki alltaf heimilar. Útgreiðslumynstur ræðst af skilmálum, oft fastur lífeyrir og ekki val um eingreiðslu.
- **Erfðir og eignarréttur eru skýrari:** Við andlát erfist séreignarsparnaðurinn að fullu. Í lífeyristryggingu erfist inneign ekki, þó maki og börn geti fengið makalífeyri eða aðrar bætur. Við val á sparnaði eða tryggingu þarf að vega og meta þetta.
- **Áhætta og tryggingavernd:** Helstu rök fyrir séreignartryggingu eru að þær tryggja oft lágmarksávöxtun, örorkulífeyri og ævilangan lífeyri. En réttlætir það kostnaðinn við þær? Á Íslandi eru margir neytendur þegar varðir, a.m.k. að hluta. Skyldulífeyrissjóðir veita örorku- og makalífeyri, almannatryggingar tryggja grunnlífeyri til æviloka, og með dreifðu séreignasafni má milda sveiflur. Fyrir þorra almenningsleikur ríkurvafi á að sú viðbótartryggingavernd sem séreignartryggingar veita sé þess virði. Sér í lagi ætti fólk sem á langt í lífeyristöku að hugsa málið vel. Það hefur talsvert svigrúm til að þola sveiflur og þarf að vera sveigjanlegt þar sem lífið býður oft upp á fyrirvaralitla snúninga, óvæntar barneignir, skyndilega framhaldsnámsmöguleika og svo framvegis. Fyrir fólk sem á styttra eftir í lífeyristöku, einn til tvo áratugi, er séreignartryggingaleiðin dýr þar sem stór hluti iðgjalda fer í að greiða þóknanir.

Fyrir langflest ætti séreignarsparnaður að vera sjálfgefið val. Séreignartrygging er sérhæft val sem hentar tilteknum aðstæðum, en krefst mikillar yfirlegu og skilnings á fórnarkostnaði.

Tillögur Neytendasamtakanna um umbætur

1. Banna á árangurstengd laun tryggingasölumanna, líkt og nú þegar gildir um sölu séreignarsparnaðar. Árangurstengd laun skapa óæskilegan hvata til að þrýsta á um sölu vöru sem jafnvel hentar ekki kaupandanum. Þetta er sérlega mikilvægt þar sem um er að ræða eina mikilvægustu fjármálaákvörðun ævinnar.

2. Framsetningu auglýsinga og söluefnis lífeyristrygginga þarf að fylgja dæmi um hvað gerist ef rof verður á iðgjaldagreiðslum á samningstímanum, t.d. eftir 5 eða 10 ár (útreikningur á uppsagnarvirði).
3. Tryggingafélög verði skylduð til að bjóða upp á flutning milli vörsluaðila viðbótarsparnaðar án kostnaðar. Það er þegar heimilt, en ekki tryggt að það gerist án taps. Óski neytandi eftir flutningi skuli greitt uppsagnarvirði að fullu inn á nýjan samning. Slíkt myndi auka samkeppni og þrýsta á tryggingafélög að halda uppsagnarvirði háu til að halda viðskiptavinum.
4. Bæta þarf upplýsingagjöf og samanburðartæki: Koma þarf á fót óháðum upplýsinga- og samanburðarvef fyrir lífeyrissparnað, með upplýsingum um heildarkostnað mismunandi valkosta og reiknivél áhrifa gjalda og kostnaðar á ávöxtun fyrir mismunandi sparnaðartíma.

Skaðabætur - ökutækjatryggingar

Eins og kemur fram í kaflanum *Skaðabætur líkamstjóna* á bls. 13 byggja bótauppgjör líkamstjóna í kjölfar umferðarslysa á skaðabótalögum nr. 50/1993.

Flest mál undir 15% örorku

Árið 2024 voru 92% allra bótaskyldra mála vegna umferðarslysa svokölluð minni mál, þ.e. mál þar sem örorka var metin undir 15%. Samkvæmt gögnum frá tryggingafélögunum hafa meðalbætur vegna tjóna undir 15% örorku hækkað um 16% að raunvirði frá 2020 til 2024, eða úr 6,2 m.kr. í 7,1 m.kr. á mál. Meðalbætur vegna alvarlegri tjóna (meira en 15% örorka) hafa hækkað enn meira – um 37% að raunvirði. Þetta sýnir að ferlið við bótagreiðslur er orðið kostnaðarsamara, jafnvel þótt fjöldi slysa hafi ekki aukist.

Heildarbætur vegna örorku undir 15% voru árið 2024 um 8 milljarðar króna, eða 80% af öllum örorkubótum, samanborið við 76% árið 2020. Á sama tíma hafa meðalbætur vegna alvarlegra slysa dregist saman um 14% að raunvirði. Sífelst stærri hluti bóta er því vegna minni háttar líkamstjóna sem vænta má að hafi takmörkuð áhrif á starfsgetu til framtíðar.

Taflan hér að neðan sýnir þróun bótagreiðslna vegna líkamstjóna í kjölfar umferðarslysa árunum 2020–2024 að raunvirði á verðlagi ársins 2024. Dálkurinn lengst til hægri sýnir því breytingu á tölunum milli 2020 og 2024 umfram almennt verðlag. Gögnin byggja á upplýsingum frá tryggingafélögunum og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Tafla 1 Þróun bótagreiðslna að raunvirði 2020–2024 (kr.)

	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting 2020–2024
Samtals bótagreiðslur	9.637.432	10.574.280	9.792.035	9.844.266	10.039.047	4,20%
Meðaltal mála undir 15%	6.154	6.981	6.816	6.949	7.121	15,60%
Meðaltal mála 15% og yfir	14.474	15.668	17.486	17.040	19.865	37,20%
Meðaltal allra mála	7.155	7.963	8.201	8.163	8.168	14,20%
Heildarörorku- greiðslur undir 15%	7.292.564	8.224.074	7.081.680	7.373.401	8.032.642	10,10%
Heildarörorku- greiðslur 15% og yfir	2.344.868	2.350.206	2.710.355	2.470.866	2.006.405	-14,40%
Heildarbótagreiðslur (muna- og líkams- bætur)	27.345.675	27.697.759	26.886.362	27.778.635	29.303.192	7,20%

Krónur að raunvirði 2024

Eins og áður segir eru langflest þessara skaðabótamála vegna örorku sem metin er undir 15%. Ekki er þó alltaf sýnt að einstaklingar með það litla örorku verði fyrir tekjutapi til framtíðar (Guðmundur Sigurðsson, 2020). Í Danmörku og í Noregi eru almennt ekki greiddar bætur fyrir varanlega örorku sem er undir 15%. Í Svíþjóð er lágmarkið 5%. Í Finnlandi og í Svíþjóð gilda sambærileg viðmið fyrir sjálfstæða slysatryggingu ökumanna.

Lágmark örorku svo greiddar séu bætur	
Ísland	Ekkert lágmark örorku
Danmörk	Almennt 15% lágmark örorku
Finnland	Almennt 5% lágmark örorku
Noregur	Almennt 15% lágmark örorku
Svíþjóð	Almennt 5% lágmark örorku

Fjöldi tilkynninga og umfang mála

Heildarfjöldi tilkynninga vegna ökutækjatjóna (munatjón + líkamstjón) hefur aukist um 26% á fimm árum, úr 28.878 tilkynningum árið 2020 og í 36.305 árið 2024. Af þessum málum voru aðeins 2.500–2.700 mál á ári líkamstjón, eða um 7% allra tilkynninga. Þessi tiltölulega fáu mál vega þó þyngst fjárhagslega; árið 2024 námu heildargreiðslur vegna líkamstjóna 14,4 milljörðum króna, sem er meira en 49% af öllum greiðslum váttryggingarfyrirtækjanna vegna ökutækjatrygginga.

Aðkoma lögmanna

Í skaðabótamálum sem varða líkamstjón í kjölfar umferðarslysa er nær algilt hér á landi að bæði tjónþolar og tryggingafélög nýti lögmannaaðstoð vegna fjárhagslegra hagsmuna og lagalegs eðlis málanna (Jónsson, 2020). Nokkuð mismunandi er hvernig þessum málum er háttað á hinum Norðurlöndum.

Ísland: Lögmenn koma nær alltaf að málum, sem varða líkamstjón í kjölfar umferðarslysa, fyrir hönd tjónþola. Tryggingafélög hafa jafnframt sína eigin lögmenn. Tryggingafélögin greiða lögmannskostnað sem fellur á tjónþola. Þóknun tjónþola til lögmanns er yfirleitt hlutfall af greiddum bótum.

Noregur: Tjónþolar nýta sér gjarnan lögmannaaðstoð. Norsk tryggingalöggjöf gerir ráð fyrir að tryggingafélög greiði að hluta lögmannskostnað tjónþola sem auðveldar aðgengi að lögfræðipjónustu. Margir tjónþolar reyna þó fyrst að leysa mál sín beint við tryggingafélög áður en lögmenn koma að málinu (Norges Forsikringsforbund, 2023).

Svíþjóð: Trafikskadenämnden (Umferðarslysaneftndin) dregur úr þörfinni fyrir lögmannaaðstoð. Neftndin er hlutlaus úrskurðaraðili sem tryggir samræmi í matsniðurstöðum og tryggingafélög fylgja yfirleitt álit neftndarinnar (Trafikskadenämnden, 2023). Þó fá margir tjónþolar ráðgjöf frá lögmönnum eða félagasamtökum áður en þeir samþykkja uppgjör við tryggingafélög (Försäkringskassan, 2023).

Danmörk: Í Danmörku eru kæruleiðir eins og Ankenævnet for Forsikring og Arbejdsmarkedets Erhvervssikring (AES) notaðar við úrlausn ágreiningsmála. Þrátt fyrir það ráða margir tjónþolar sér lögmann þegar um háar fjárkröfur er að ræða eða ef ágreiningur er um túlkun bótaákvæða. Lögfræðikostnaður er oft að hluta greiddur af tryggingafélögum ef tjónþoli vinnur málið.

Finnland: Finnska kerfið notar no-fault fyrirkomulag í umferðarslysaftryggingum, sem dregur verulega úr þörf fyrir lögmannsaðstoð í flestum málum. Tjónþolar geta þó skotið málum til óháðrar nefndar (Liikennevahinkolautakunta) eða dómstóla í alvarlegum ágreiningsmálum, þar sem lögmennt koma helst að flóknum málum (Liikennevahinkolautakunta, 2023). Almennt leysa tjónþolar mál sín milliliðalaust við tryggingafélög með tiltölulega einföldum hætti (Liikennevahinkolautakunta, 2023).

Lögmannskostnaður í umferðarslysum

Lögmannskostnaður í bótaskyldra líkamstjóna af völdum umferðarslysa umferðarslysamálum er verulega hár hjá íslensku váttryggingarfélagunum (sbr. töflu 2). Matskostnaður hefur vaxið að raunvirði um 2,3% og lögfræðikostnaður um 6,6%. Kostnaður vegna læknisfræðilegra gagna hefur hins vegar dregist saman um 1,5% að raunvirði.

Tafla 2
Kostnaðarliðir
mála vegna
líkamstjóna

Kostnaðarliður	2020	2024	Breyting
Matskostnaður vegna miska og örorku	651 m.kr.	865 m.kr.	33%
Kostnaður vegna læknisfræðilegra gagna	107 m.kr.	138 m.kr.	28%
Lögfræðikostnaður vegna hagsmunagæslu tjónþola	696 m.kr.	964 m.kr.	39%

Heimild: Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), 2025

Samkvæmt skaðabótalögum telst kostnaður tjónþola vegna lögmannsaðstoðar „annað fjártjón“, og er almennt talin nauðsyn að tjónþoli hafi lögmann sér við hlið við bótauppgjör. Þóknun lögmannna er þó yfirleitt hagsmunatengd, þ.e. reiknuð sem prósentu af bótum, sem veldur því að tengsl vinnuframlags og þóknunar rofna; þóknunin hækkar sjálfkrafa með hækkandi vísitölu bótafjárhæða, án þess að vinnan verði meiri.

Þrátt fyrir þessa sjálfvirku vísitöluhækkun hafa sumar lögmannsstofur einnig hækkað gjaldskrár sínar umfram vísitölu, eins og fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3965/2023. Ísland er þar með án samræmdra viðmiða um hæfilega lögmannspóknun og engin lögbundin gjaldskrá gildir.

Sum nágrannalönd hafa sett reglur til að tryggja fyrirsjáanleika og draga úr kostnaði.

- Í Englandi var árið 2021 tekið upp stafrænt ferli fyrir minni háttar umferðarslysakröfur (Whiplash Reforms), þar sem lögmannskostnaður er almennt ekki greiddur í slíkum málum, með það að markmiði að lækka kostnað og tryggingaiðgjöld.
- Í Þýskalandi gildir lögbundin gjaldskrá lögmannna (RVG), sem setur hámark á lögmannspóknun og tryggir fyrirsjáanleika og jafnræði milli tjónþola og tryggingafélaga.
- Í Noregi er lögmonnum óheimilt að taka að sér mál á grundvelli hlutdeildar í niðurstöðunni (Advokatforeningen, 2025 kafli 3.3.2.). Það sama á við um Svíþjóð en með undantekningum. Samkvæmt leiðbeinandi reglum sænska lögmannafélagsins er lögmonnum ekki heimilt að taka að sér mál á grundvelli hlutdeildar í niðurstöðunni, nema í sérstökum tilfellum, svo sem í hópálssóknum eða málum sem fara fram utan Svíþjóðar (Sveriges advokatsamfund, 2025 kafli 4.2.1)
- Í siðareglum dönsku lögmannasambandsins er þó ekki er að finna samþæfilegar takmarkanir og hjá sænskum og norskum kollegum þeirra (Advokatsamfundet, 2022).

Þörf á samræmingu

Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt í framkvæmd örorkumatskerfisins er skortur á samræmi í matsgerðum einstakra matsmanna. Algengt er að fyrsta örorkumat sé byggt á samkomulagi milli tryggingafélags og lögmanns tjónþola. Kerfið byggir að miklu leyti á sjálfstætt starfandi matsmonnum, einkum læknum og lögmonnum, sem tilnefndir eru af tryggingafélagi eða lögmanni tjónþola. Þessir matsmenn starfa sjálfstætt og gilda engar sérstakar verklagsreglur eða önnur fyrirmæli um störf þeirra, aðrar en það sem leiðir af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða af almennum óskráðum reglum skaðabótaréttar, svo sem sönnunarreglum.

Algengt er að lögmennt geri fyrir hönd tjónþola fyrirvara við uppgjör bóta. Í slíkum tilvikum hefur tjónþoli rétt á að sækja mál að nýju á eigin kostnað og fara aftur í matsferli. Matsferlið er dýrt og ef nýtt örorkumat leiðir til nýs bótauppgjörs, fellur kostnaðurinn á tryggingafélögin.

Ósamræmi í niðurstöðum – dæmi úr framkvæmd

Dóms- og matsmál undanfarinna ára sýna vel hversu mikill breytileiki getur verið í mati á sama tjóni eftir því hver framkvæmir matið og á hvaða stigi ferlið er statt.

Dæmi 1 – Vinnuslys, febrúar 2009

- Fyrsta matsgerð: bæklunarlæknir og endurhæfingarlæknir (2010) – 5% miski og 10% örorka.
- Örorkunefnd (2011) – 10% miski og 15% örorka.
- Dómkvatt mat (2012) – 8% miski og 20% örorka.
- Yfirmat (2012) – 10% miski og 35% örorka.

(Heimild: Skýrsla Samtaka fjármálafyrirtækja, 2013)

Þetta mál sýnir hvernig niðurstaða örorku getur margfaldast frá upphaflegu mati til endanlegs yfirmats, án þess að ný gögn hafi birst sem skýra slíkan mun.

Dæmi 2 – Umferðarslys, október 2004

- Matsgerð utan réttar (2007): heimilislæknir og lögfræðingur – 30% miski og 35% örorka.
- Mat Sjúkratrygginga Íslands (2007): 20% miski.
- Dómkvatt mat (2008): 35% miski og 65% örorka.
- Lífeyrissjóður hafnaði greiðslum þar sem starfsorkuskerðing var metin undir 50%.
- Yfirmat (2011): 30% miski og 50% örorka.

(Heimild: Skýrsla Samtaka fjármálafyrirtækja, 2013)

Hér má sjá mikla sveiflu í mati – allt frá 20% og upp í 65% örorku og mismunandi niðurstöður sem ættu að byggja á sömu gögnum.

Dæmi 3 – Bílslys, júní 2009

- Sameiginlegt mat utan réttar (2011): 10% miski og 10% örorka – bætur greiddar.
- Nýtt mat að beiðni tjónþola (2013): 10% miski og 15% örorka.
- Dómkvatt mat (2016): 25% miski og 40% örorka.
- Yfirmat (2018): 10% miski og 15% örorka.
- Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur (mál nr. E-263/2019): staðfesti niðurstöðu yfirmats.

Mikilvægt er að koma þessum málum í betri farveg og auka tiltrú á kerfinu. Í því felst ekki síst að tryggja vandað og faglegt mat á fyrstu stigum. Bent hefur verið á þá leið að setja á fót sérstaka stofnun sem myndi vinna matsgerðir sem byggja á skaðabótalögum en gæti einnig unnið mót á grundvelli laga um almannatryggingar og skv. samþykktum lífeyrissjóða. Þannig mætti samræma vinnulag og auka á formfestu við matsgerðir. Hér mætti horfa til AES í Danmörku og Trafikskadenämnden í Svíþjóð. Þá er mikilvægt er að þeir sem koma að slíkum mötum hafi sjálfstæða stöðu bæði gagnvart tryggingafélögum og bótaþegum.

Örorkumöt- fyrirkomulag og framkvæmd

Hér á eftir er lýsing á því hvernig málum er háttað í hverju Norðurlandanna: hvernig varanlegur miski og varanlegt tekjutap (örorka) vegna slysa er skilgreint og metið.

Noregur – „ménerstatning“

Í Noregi bera ökumenn lögboðna ábyrgðartryggingu sem nær yfir líkamstjón í umferð (Lov om skadeerstatning, 1969). Ef einstaklingur verður fyrir alvarlegu slysi í umferðinni fer mál hans venjulega þannig fram að tryggingafélag viðkomandi ökutækis greiðir fyrst tímabundnar bætur, svo sem vegna tímabundins tekjutaps eða kostnaðar vegna læknismeðferðar (Finans Norge, 2023). Þegar ástand tjónþola er orðið stöðugt óska tryggingafélögin eftir sérfræðimati læknis á varanlegum afleiðingum slyssins (Norsk Pasientskadeerstatning, 2021).

Í Noregi er notast við staðlaðar viðmiðunarreglur og töflur um mat á læknisfræðilegum miska (varanlegri læknisfræðilegri örorku) í prósentum. Sérfræðilæknar meta samkvæmt þessum stöðlum hversu hárrí prósentu varanlegs líkamstjóns slysið olli, til dæmis 5%, 15% eða 30% (Justis- og beredskapsdepartementet, 2018). Samkvæmt norskum skaðabótalögum þarf miski að vera að minnsta kosti 15% til þess að tjónþoli fái svokallaða ménerstatning, sem eru bætur fyrir varanlegan miska eða óþægindi (Skadeerstatningsloven, 1969).

Þessar bætur eru reiknaðar út frá grunnupphæð (grunnbelöp, G) almannatrygginga, sem endurspeglar almennar efnahagslegar aðstæður. Sem dæmi fær einstaklingur með 15% miska ákveðið hlutfall af grunnupphæðinni, en einstaklingur með 100% miska fær hlutfallslega mun hærri fjárhæð (NAV, 2023). Til viðbótar miskabótum geta slasaðir átt rétt á bótum vegna tapaðrar starfsgetu eða varanlegs tekjutaps (erhvervsevnetap). Þetta mat er ekki endilega það sama og læknisfræðilega prósentan, þar sem einstaklingur gæti haft 20% læknisfræðilegan miska en samt 100% tekjutap, ef hann getur ekki lengur sinnt fyrra starfi eða neinu öðru starfi (Finans Norge, 2023). Tryggingafélög meta þetta tekjutap venjulega þegar lengra líður frá slysinu og meta þá gjarnan hvort viðkomandi hafi fengið varanlegan örorkulífeyri frá NAV (Arbeids- og velferdsdirektoratet, 2023).

Ef tjónþoli fær varanlegan örorkulífeyri (uføretrygd) frá NAV er það sterk vísbending um að starfsgeta hans sé varanlega skert. Tryggingafélagið ber þá ábyrgð á að bæta þann mismun sem lífeyriskerfið greiðir ekki, til dæmis muninn á fyrri launum og greiddum örorkulífeyri (Norsk Pasientskadeerstatning, 2021).

Algenzt er að slík mál séu leyst með eingreiðslu sem nemur áætluðu tekjutapi tjónþola fram að eftirlaunaaldri, að teknu tilliti til örorkulífeyris frá NAV. Lögmenn bæði tryggingafélagsins og tjónþola koma oft að því að móta bótakröfuna og gera samkomulag um bætur (Finans Norge, 2023). Komi upp ágreiningur um miska- eða tekjutapsprósentu er hægt að vísa máli til Finansklagenemnda (tryggingakæruneftndar) eða höfða dómsmál. Oft er reynt að leysa slík mál með því að fá óháðan matslækni til að gefa álit sem síðan er notað sem grundvöllur fyrir samkomulagi (Finansklagenemnda, 2023).

Í Noregi er ekki til staðar sérstök sjálfstæð nefnd fyrir umferðarslys, heldur eru þar notaðar staðlaðar töflur og verklag líkt og Arbejdsmarkedets Erhvervssikring (AES) í Danmörku. Þetta tryggir ákveðið samræmi í framkvæmd örorkumats vegna bílslysa (Arbeids- og sosialdepartementet, 2023).

Svíþjóð –Trafikskadenämnden

Í Svíþjóð er ferlið við mat á varanlegum afleiðingum umferðarslysa mjög skipulagt og byggist á samræmdum stöðlum. Öll tryggingafélög nota svokallaðar „Tabeller för medicinsk invaliditet“ sem gefnar eru út og reglulega uppfærðar af Trafikskadenämnden (Umferðarslysaneftndinni). Þegar einstaklingur verður fyrir alvarlegu slysi fær hann fyrst greiddar bætur vegna tímabundins tekjutaps, sjúkradagpeninga og, fyrir tímabundin óþægindi, svokallaðan „sveda och värk“ (Trafikskadenämnden, 2023).

Þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, venjulega 1-2 árum eftir slysið, fer fram mat á varanlegum miska (medicinsk invaliditet). Miskinn er metinn í prósentum frá 1-100% samkvæmt fyrirfram ákveðnum töflum. Læknir, oftast

sérfræðingur í endurhæfingu eða skyldum greinum, framkvæmir þetta mat eftir stöðluðum leiðbeiningum. Trafíkskadenämnden kemur þó einungis beint að málum ef ágreiningur verður eða ef um mjög alvarlegar afleiðingar er að ræða (Trafíkskadenämnden, 2023).

Árlega er gefin út svokölluð „Mentabell“ eða miskatafla sem sýnir dæmi um hlutfallslegt miskastig fyrir ýmsa áverka. Sem dæmi má nefna að algjört sjónleysi á öðru auga samsvarar um 20% læknisfræðilegum miska samkvæmt töflunum (Trafíkskadenämnden, 2023).

Bætur fyrir varanlegan miska kallast „ersättning för lyte och men“ og eru þær skattfrjálsar. Upphæðin er ákvörðuð út frá miskapróscentunni og aldri tjónþola. Yngri tjónþolar fá hærri bætur en eldri vegna lengri tíma sem þeir þurfa að búa við afleiðingarnar (Försäkringskassan, 2022).

Í Svíþjóð fær einstaklingur sem missir varanlega getu til vinnu fyrst greiddan opinberan örorkulífeyri (sjukersättning) frá Försäkringskassan. Tryggingafélagið greiðir síðan mismun á fyrri launum og örorkulífeyri, svokallaða „ersättning för inkomstförlust“. Þessar greiðslur eru oftast reiknaðar út sem núvirt fjárhæð á muninum á launum og örorkulífeyri fram til 65 ára aldurs. Ef um hlutaörorku er að ræða miðast greiðslurnar við það hlutfall starfsgetu sem tapast hefur (Försäkringskassan, 2022).

Trafíkskadenämnden er hlutlaus úrskurðaraðili skipaður fulltrúum tryggingafélaga, dómurum og læknum. Nefndin kemur að málum þegar tryggingafélag eða tjónþoli óskar eftir álitni hennar vegna ágreinings. Nefndin notar sömu miskatöflur og tryggingafélögin en gefur aðeins ráðgefandi álit, þó tryggingafélögin fylgi yfirleitt álitni nefndarinnar. Með þessu fyrirkomulagi næst aukið traust og dregið er úr lögfræðilegum ágreiningi (Trafíkskadenämnden, 2023).

Þó Trafíkskadenämnden hafi dregið úr þörfinni á langvinnum lögfræðilegum deilum er enn mögulegt að höfða mál fyrir dómstólum ef tjónþoli er ósáttur. Í slíkum tilvikum kemur oft lögfræðingur við sögu. Hins vegar eru slíkar dómsmeðferðir tiltölulega sjaldgæfar vegna trausts á álitni nefndarinnar (Försäkringskassan, 2023).

Í hnotskurn er örorkumat vegna umferðarslysa í Svíþjóð kerfisbundið, miðlægt og byggt á stöðluðum matsaðferðum sem stuðla að samræmi og trausti.

Danmörk –AES

Í Danmörku gilda almenn skaðabótalög (Lov om erstatningsansvar) þegar um bílslys er að ræða. Þegar tjón verður tilkynntir tjónþoli það til ábyrgðartryggingar viðkomandi ökutækis. Tryggingafélög greiða fyrst svokallaðar bráðabætur, eins og tekjutap vegna fjarveru frá vinnu, en biða með greiðslu varanlegra bóta þar til ástand einstaklingsins hefur náð stöðugleika (Arbejdsmarkedets Erhvervssikring (AES), 2023).

Við ákvörðun varanlegra bóta þarf að meta annars vegar varanlegt líkamstjón (varigt mén) og hins vegar varanlegt atvinnutjón (tab af erhvervsevne) (AES, 2023).

Varanlegt líkamstjón (Varigt mén)

Við mat á varanlegu líkamstjóni nota Danir svokallaða „vejledende méntabel“, sem var upphaflega hönnuð fyrir vinnuslys en nú notuð almennt í persónutjónamálum.

Méntaflan listar upp hlutfall varanlegs miska fyrir tiltekna áverka, svipað og sænska örorkutaflan. Tjónþoli fer yfirleitt í skoðun hjá sérfræðilækni, til dæmis bæklunarlækni, sem gerir tillögu að prósentu varanlegs miska (méngrad) (AES, 2023).

Arbejdsmarkedets Erhvervssikring (AES) gegnir lykilhlutverki í örorkumatinu. AES, sem er ríkisstofnun, er gjarnan fengin til að úrskurða formlega um méngrad, sérstaklega ef ágreiningur ris milli tjónþola og tryggingafélags. Í reynd er mjög algengt að tryggingafélagið leggi fram tillögu um méngrad, en ef tjónþoli er ósáttur getur hann vísað málinu til AES sem tekur þá endanlega ákvörðun. Þannig gegnir AES hlutverki hlutlauss matsaðila með bindandi úrskurðarvald, sambærilegu hlutverki Trafikskadenämnden í Svíþjóð (AES, 2023).

Samkvæmt dönskum lögum þarf varanlegt líkamstjón að nema að minnsta kosti 5% méngrad til að miskabætur séu greiddar út. Sé mat AES undir því marki (0–4%) fær tjónþoli engar varanlegar miskabætur. Sé miski 5% eða hærri greiðast bætur samkvæmt fjárhæðatöflu sem tekur mið af stigum varanlegs miska. Til dæmis gæti 5% miski samsvarað um 50.000 dönskum krónum (DKK), en 100% miski gæti gefið allt að eina milljón DKK. Upphæðir þessar eru staðlaðar og óháðar tekjum tjónþola, en taka breytingum samkvæmt vísitölu (AES, 2023).

Varanleg skerðing á starfsorku (Tab af erhvervsevne)

Sé tjón slíkt að tjónþoli missir varanlega hluta af starfsorku sinni og getur ekki sinnt fyrra starfi eða þarf að sætta sig við lakari kjör, á hann rétt á bótum vegna varanlegs atvinnutjóns (erstatning for tab af erhvervsevne). Skilyrði fyrir greiðslu er að tjónið sé að minnsta kosti 15% eða meira. Þetta mat er flóknara og tekur mið af ýmsum persónulegum þáttum, svo sem menntun, hæfni og atvinnumöguleikum viðkomandi (AES, 2023).

Oft liða tvö til þrjú ár áður en hægt er að fullyrða um umfang varanlegs tekjutaps. AES sér almennt um slíkt mat í vinnuslysum en í bílslysum leggur tryggingafélagið oft fram tillögu um tekjutapsprósentu. Ef ekki næst samkomulag getur tjónþoli óskað eftir óformlegu mati frá AES eða farið með málið fyrir dómstóla. Í framkvæmd reyna tryggingafélög oft að taka mið af opinberum örorkumötum, svo sem ákvörðunum sveitarfélaga um hlutalífeyri eða örorkulífeyri (AES, 2023).

Bætur vegna varanlegrar skerðingar á starfsgetu eru reiknaðar út frá hlutfalli tekjutaps fram að 67 ára aldri. Hámarksbætur fyrir 100% tekjutap eru miðaðar við tiltekna upphæð á ári og taka breytingum milli ára samkvæmt vísitölu (AES, 2023).

Algengt matsferli eftir bílslys fer þannig fram að eftir að læknisfræðilegri endurhæfingu lýkur fær tryggingafélagið læknisfræðilega matsgerð. Tryggingafélagið metur síðan hvort tjónþoli snúi aftur til vinnu. Félagið gerir tillögu um niðurstöðu, til dæmis 10% varanlegt líkamstjón og ekkert tekjutap ef viðkomandi er aftur farinn að vinna. Ef tjónþoli er ósáttur getur hann fengið lögmann sem yfirfer málið. Komi fram ósætti um niðurstöðu tryggingafélagsins er málinu vísað til AES, sem skoðar öll gögn, kallar tjónþola e.t.v. í frekari skoðun og tekur endanlega ákvörðun um méngrad og tekjutap. Tryggingafélagið greiðir svo bætur samkvæmt þeirri niðurstöðu (AES, 2023).

Þetta fyrirkomulag hefur þann kost að matsferlið er að nokkru miðlægt og allir aðilar geta treyst því að sömu viðmið séu notuð óháð því hvaða tryggingafélag

kemur að málinu. Jafnframt dregur fyrirkomulagið úr kostnaði við matsferli og deilur. Rannsóknir hafa bent til þess að fjöldi nýrra örorkulífeyrisþega vegna slysa sé hlutfallslega lágur í Danmörku miðað við mörg önnur lönd, mögulega vegna áherslu á starfsendurhæfingu í gegnum sveigjanleg störf (fleksjob) og öflugt endurhæfingarkerfi sveitarfélaga (Weber, 2015).

Finnland – bílslys og haittaluokitus

Í Finnlandi er framkvæmd örorkumats í tengslum við bílslys með nokkuð skilvirkum og samræmdum hætti. Skylt er lögum samkvæmt að tryggja öll vélknúin ökutæki með líkamstjónatryggingu (f. liikennevakuutus), sem tryggir bætur til slasaðra án tillits til sakar, svokallað „no-fault“ kerfi (Finnish Motor Insurers' Centre, 2021). Í tilfelli bílslyss tekur tryggingafélagið sem ber ábyrgð á tryggingu ökutækisins að sér að greiða bráðabætur til tjónþola, líkt og tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.

Við mat á varanlegum afleiðingum slysa styðjast Finnar við sérstakan skaðastigaflokk, „haittaluokitus“, sem er skilgreindur í opinberri reglugerð. Þessi matsflokkur skiptir læknisfræðilegum miska í tuttugu stig (haittaluokka 1–20), þar sem hvert stig jafngildir 5% bilum í varanlegum miska. Til dæmis samsvarar 1. flokkur 5% miska og 20. flokkur fullum miska (100%) (Liikenne- ja viestintäministeriö, 2021). Kerfið er samræmt fyrir öll slysamál í Finnlandi, hvort sem um er að ræða bílslys, vinnuslys eða sjúklingatryggingamál (Finnish Motor Insurers' Centre, 2021).

Varanlegur miski gefur tjónþolum rétt til miskabóta („haittaraha“). Ef miski er á bilinu 1. til 5. flokkur eru bætur yfirleitt greiddar út í eingreiðslu, en ef miski er frá 6. til 20. flokks er algengt að greiðslur séu í formi ævilangs lífeyris, sérstaklega þegar um yngra fólk er að ræða (Finnish Motor Insurers' Centre, 2021). Upphæð bóta tekur mið af aldri tjónþola og er lögbundin samkvæmt reiknireglum.

Þegar kemur að tekjutapi („ansiotulojen menetys“) greiðir tryggingafélagið launatap einstaklingsins þegar ljóst er að hann getur ekki unnið eftir slys. Sé örorka varanleg vinnur tryggingafélagið náði með lífeyrissjóðum við mat á skerðingu starfsgetu. Þetta mat er í samræmi við niðurstöður atvinnutengdra lífeyrissjóða og almannatrygginga (Kela), þar sem niðurstaða lífeyriskerfisins er almennt notuð til viðmiðunar (Finnish Centre for Pensions, 2021). Tryggingafélagið greiðir svo þann hluta tekna sem ekki fæst úr lífeyrissjóðunum, en þessi greiðsla minnkar eða fellur niður ef einstaklingur getur að einhverju leyti snúið aftur til vinnu.

Ef ágreiningur kemur upp um niðurstöður örorkumats er hægt að vísa málinu til sérstakrar nefndar, Liikennevahinkolautakunta (umferðarslysa- og sjúklingatjónanefnd), sem hefur svipað hlutverk og Trafíkskadenämnden í Svíþjóð (Finnish Motor Insurers' Centre, 2021). Nefndin setur skýrar reglur og viðmið fyrir matsferlið og úrskurðar í ágreiningsmálum.

Þrátt fyrir skýrt verklag koma lögmenn yfirleitt ekki mikið við sögu nema í flóknum eða sérstaklega umdeildum málum. Finnska kerfið er almennt talið mjög neytendavænt og einfalt í notkun. Tjónþolar geta þó einnig leitað til óháðrar úrskurðarmiðstöðvar neytenda (FINE) eða farið með mál sitt fyrir dómstóla ef þeir telja að tryggingafélag hafi tekið ranga ákvörðun (Finnish Motor Insurers' Centre, 2021). Slík mál eru þó ekki algeng.

Kerfið í Finnlandi er skipulagt með þeim hætti að einstaklingar með sambærileg slys fá sambærilegar bætur, sem tryggir réttlæti, skilvirkni og fyrirsjáanleika.

Ísland – bílslys, miski og varanleg örorka

Á Íslandi eru líkamstjón vegna bílslysa bætt samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Ökutækjatryggingar eru skyldutryggingar sem greiða bætur óháð sök nema í sérstökum undantekningartilvikum.

Samkvæmt 6. grein skaðabótalaga nr. 50/1993 er varanlegur miski metinn þegar ástand tjónpola er orðið stöðugt. Miskann meta sérfræðilæknar, oftast bæklunarlæknar eða taugalæknar. Ef ágreiningur kemur upp er leitað til Örorkunefndar eða matsmaður/matsmenn dómkvaddir í samræmi við heimild í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Niðurstaða yfirmats er venjulega bindandi fyrir báða aðila.

Miskabætur eru reiknaðar þannig að 100% miski samsvarar ákveðinni krónutölu sem uppfærast með vísitölu. Árið 2019 var upphæðin sett við 12 milljónir króna og bætur lækka hlutfallslega með lægri miska. Lágmarksupphæð er einnig tilgreind fyrir miska undir 10%. Í framkvæmd meta oft sömu læknar bæði miska og tekjutap, en aðilar geta einnig kallað til vinnumarkaðssérfræðinga. Bætur reiknast með því að meta tekjur fyrir og eftir slys fram til 67 ára aldurs.

Ef slys veldur varanlegu tekjutapi á tjónpóli rétt á bótum samkvæmt 5. grein skaðabótalaga. Hér skipta menntun, starfsferill og möguleikar á vinnumarkaði miklu máli við matið. Sami áverki getur leitt til mismunandi tekjutaps hjá ólíkum einstaklingum. Í framkvæmd meta oft sömu læknar bæði miska og tekjutap, en aðilar geta einnig kallað til vinnumarkaðssérfræðinga. Bætur reiknast með því að meta tekjur fyrir og eftir slys fram til 67 ára aldurs.

Á Íslandi er framkvæmdin yfirleitt sú að vátryggingafélag og lögmaður tjónpola koma sér saman um matsaðila til að framkvæma frummat. Eins gæti slíkt mat verið gert fyrir tilstilli lögmanns tjónpola. Séu aðilar ósáttir við matið er hægt skjóta málinu til örorkunefndar eða leita til dómstóla og óska eftir því að dómskvaddir matsmenn geri nýtt örorkumat. Hvert slíkt skref hækkar kostnað og lengir ferlið. Fyrsta matið er yfirleitt ódýrast, en dómkvatt mat kostar langtum meira og yfirmat er enn kostnaðarsamara þar sem þrír matsmenn koma að málinu í stað tveggja. Ef nýtt mat leiðir til hækkunar bóta er sá kostnaður greiddur af tryggingafélögunum.

Á Íslandi fer ekki fram eitt samræmt örorkumat á varanlegum afleiðingum slysa jafnvel þótt um sé að ræða mat sem fylgir sömu reglum, svo sem miskatöflu örorkunefndar. Í raun er ekki að finna í skaðabótalögum neinar form- eða efnis-reglur um það hvernig framkvæma á örorkumat (Samtök fjármálafyrirtækja, 2023).

Heimildaskrá

Advokatfirmaet Unneland. (e.d.). Indvaliditetstabell – medisinsk invaliditet. <https://advu.no/trafikkskader/invaliditetstabell>

Advokatforeningen, 2025. „Regler for god advokatskikk med kommentarer“ kafli 3.3.2. Sótt af netinu 27.1.2026 (<https://www.advokatforeningen.no/advokatetikk/kommentarutgaven/>)

Advokatsamfundet, 2022. „De advokatetiske regler – kommenteret“ sótt af netinu 27.1.2026 (https://www.advokatsamfundet.dk/media/enzbc4k3/11432-aer_2022_digital_v2_pagineringsny.pdf)

AES. (2023). Arbejdsmarkedets Erhvervssikring. Sótt af <https://www.aes.dk>

Arbejdsmarkedets Erhvervssikring. (e.d.). Compensation for permanent injury. <https://www.aes.dk/english/industrial-injuries/compensation/compensation-permanent-injury>

Arbejdsmarkedets Erhvervssikring. Sótt 28.1.2026 af netinu (<https://www.aes.dk/selvbetjening/mentabel>)

Arbejds- og socialdepartementet. (2023). Arbejdsskade og yrkessygdom. Sótt af <https://www.regjeringen.no/no/tema/arbejdsliv/arbejdsmiljo-og-sikkerhet/arbejdsskade/id67060/>

Arbejdsmarkedets Erhvervssikring (AES). (2023). Méntabel og erhvervsevnetab. Sótt af <https://www.aes.dk>

Autotalo Järvi. (2025). Autovakuutusten hinnat Suomessa. Sótt af <https://www.autotalojarvi.fi>

„Á undan áætlun eftir arðgreiðslustorm.“ (2016, 18. maí). Mbl.is. https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2016/05/18/a_undan_aaetlun_eftir_ardgreiðslustorm/

Ásgeir Þórðarson, Hulda Dóra Styrmisdóttir, Jóhanna Ágústa Sigurðardóttir, Margrét Sveinsdóttir, Sigurður B. Stefánsson og Vilborg Lofts. (1994). Verðbréf og áhætta. VÍB (Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.).

Bilbasen. (2022, 13. janúar). Hvad koster forsikringer på en bil? Sótt 23. mars 2025 af <https://blog.bilbasen.dk/hvad-koster-forsikringer-paa-en-bil-448039>

Bilbolaget. (2025). Trafikförsäkring pris Sverige. Sótt af <https://www.bilbolaget.se>

Deloitte. (2022). IFRS Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar 2022. <https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/audit/ifrs-in-your-pocket-2022.pdf>

Eiopa. (e.d.). Insurance statistics. https://www.eiopa.europa.eu/tools-and-data/insurance-statistics_en?wt-search=yes#premiums-claims-and-expenses

Elrud, R. (2020). Sickness absence, disability pension, and permanent medical impairment among car occupants injured in a crash [Doktorsritgerð, Karolinska Institutet]. Karolinska Institutet. https://openarchive.ki.se/xmlui/bitstream/handle/10616/47016/Thesis_Rasmus_Elrud.pdf?sequence=3&isAllowed=y

European Commission. (e.d.-a). Denmark – Industrial injuries (accidents at work and occupational diseases). <https://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=1107&langId=en&intPageId=4492>

European Commission. (e.d.-b). Finland – Accidents at work and occupational diseases. <https://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=1109&langId=en&intPageId=4523>

Fernando, J. (2024). Return on equity (ROE) calculation and what it means. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/r/returnonequity.asp>

Félag íslenskra bifreiðaeigenda [FÍB]. (2022). Kostnaður vegna örorkumats. Sótt af <https://www.fib.is>

Finans Norge. (2023). Personskadeerstatning. Sótt af <https://www.finansnorge.no/fagomrader/forsikring/personskadeerstatning/>

Finansforbundet. (2020). Utenlandske aktørers påvirkning på norsk finansnæring. Emendor Advisors. Sótt af <https://www.finansforbundet.no>

Finansklagenemnda. (2023). Om Finansklagenemnda. Sótt af <https://www.finansklagenemnda.no>

Finnish Centre for Pensions. (2021). Disability pensions and rehabilitation. Sótt af <https://www.etk.fi/en/work-and-pensions-abroad/international-comparisons/disability-pensions-and-rehabilitation/>

Finnish Motor Insurers' Centre. (2021). Compensation for personal injury. Sótt af <https://www.lvki.fi/en/compensation/>

Fjármálaeftirlitið. (2016). Til glöggvunar varðandi váttryggingafélög og svokallaða „bótasjóði“. <https://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/til-glöggvunar-varðandi-vatryggingafelag-og-svokallada-botasjodi-1>

Fjármálaeftirlitið. (2019). Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum. <https://www.fme.is/media/vidmid-fme/SRP-vidmid-isl.-marsmanudur-2019.pdf>

Fjármálaeftirlitið. (e.d.). Gagnatöflur váttryggingafélaga [gagnasett]. <https://www.fme.is/utgefing-efni/tolulegar-upplýsingar/vatryggingamarkadur/>

Fjármálaeftirlitið. (2016). Ársskýrsla 2016. Reykjavík: Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið. (2019). Ársskýrsla 2018. Reykjavík: Fjármálaeftirlitið.

Försäkringskassan. (2023). Analys av bestämmelsen om övervägande skäl i sjukpenningen (Samantekt, Dnr FK 2023/003089, bls. 3). Stokkhólmur: Försäkringskassan.

Försäkringskassan. (2023). Om sjukersättning. Sótt af <https://www.forsakringskassan.se>

Forsikringsoplysningen. (e.d.). Erstatningsansvarsloven - hvad kan du få erstattet? <https://forsikringsguiden.dk/forsikringsoplysningen/vaerd-at-vide-om-forsikring/bolig-og-familie/ansvarsforsikring/erstatningsansvar-og-loven/>

Forskro. (2024). Gjennomsnittlig pris på bilforsikring i Norge. Sótt af <https://www.forskro.no>

Gjensidigestiftelsen. (2023). Om kundeutbytte. Gjensidigestiftelsen. Sótt af <https://www.gjensidigestiftelsen.no/kundeutbytte>

Gründl, H., Dong, M. og Gal, J. (2016). The evolution of insurer portfolio investment strategies for long-term investing. OECD Journal: Financial Market Trends, 2016(2), 1-55. <https://doi.org/10.1787/fmt-2016-5jln3rh7qf46>

Guðmundur Sigurðsson. (2020). Líkamstjón – varanleg fjárhagsleg örorka metin 15% eða minni. Tímarit lögfræðinga, 70(3), 409-446.

Guðmundsdóttir, S. (2017). Réttarstaða tjónpola í íslenskum skaðabótarétti. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Einkaneysla 1995-2023 [tafla]. www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Einkaneysla á föstu verðlagi og magnvísitala 1990–2023 [tafla]. www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands. (e.d.-c). Hlutfallsleg skipting og áhrifabættir vísitölu neysluverðs [tafla]. www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands. (e.d.-d). Landsframleiðsla og þjóðartekjur [tafla]. www.hagstofa.is

Harpa Hjartardóttir (2024) Er dýrt að tryggja á Íslandi? Tryggingar á Íslandi í norrænu samhengi [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.

<http://hdl.handle.net/1946/46835>

Hayes, A. (2020). Combined ratio: Definition, what it measures, formula, examples. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/c/combinedratio.asp>

Húsnæðismálastofnun. (2024, 12. apríl). Mesta umfang brunatjóna frá aldamótum. <https://hms.is/frettir/mesta-umfang-brunatjona-fra-aldamotum>

IFRS. (2017a). IFRS 17 Insurance Contracts. <https://www.ifrs.org/content/dam/ifrs/project/insurance-contracts/ifrs-standard/ifrs-17-project-summary.pdf>

IFRS. (2017b). The need for change – why change insurance contract accounting? <https://www.ifrs.org/content/dam/ifrs/project/insurance-contracts/current-stage/educational-materials/why-change-insurance-contracts-accounting.pdf>

International Monetary Fund [IMF]. (2024). GDP, current prices. <https://www.imf.org/external/datamapper/NGDPD@WEO/DNK/FIN/NOR/SWE>

Íslenskur tryggingamarkaður. (2003). Íslenskur tryggingamarkaður: Skýrsla Samkeppnisstofnunar. Reykjavík: Samkeppnisstofnun.

Jónsson, A. (2020). Skaðabótaréttur vegna líkamstjóna. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Justis- og beredskapsdepartementet. (2018). Forskrift om menerstatning ved yrkesskade. Sótt af <https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/1997-03-21-263>

KPMG. (2020). Insurance contracts first impressions: 2020 edition. <https://assets.kpmg.com/content/dam/kpmg/xx/pdf/2020/07/ifrs17-first-impressions-2020.pdf>

Landsbankinn og TM. (2020). Samrunaskrá vegna kaupa Landsbankans á TM. Reykjavík: Landsbankinn.

Liikenne- ja viestintäministeriö. (2021). Finnish Act on Motor Liability Insurance. Sótt af <https://www.finlex.fi/en/laki/kaannokset/2016/en20160460.pdf>

Liikennevahinkolautakunta. (2023). Lautakunnan toiminta. Sótt af <https://www.liikennevahinkolautakunta.fi>

Lov om skadeerstatning (Skadeerstatningsloven). (1969). Lovdata. Sótt af <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/1969-06-13-26>

Lífeyrismál.is (e.d.). Við andlát sjóðsfélaga. <https://www.lifeyrismal.is/is/spurt-og-svarad/vid-andlat>

Lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html>

Morgunblaðið. (2021, 19. maí). Af hverju er svona dýrt að tryggja á Íslandi? Sótt 23. mars 2025 af https://www.mbl.is/bill/frettir/2021/05/19/af_hverju_er_svona_dyrt_ad_tryggja_a_islandi/

Morgunblaðið. (2023, 5. febrúar). „lögjöld ökutækjatrygginga hækka langt umfram vísitölur“. Sótt af <https://www.mbl.is> (frétt um verðkönnun ASÍ og hækkan iðgjalda).

Motor Liability Insurance Act nr. 460/2016. <https://www.lvk.fi/document/86393/1781C8298192AEF5433EF73B34A229C489B0432F9B4C1957A8AFE81BA3E4DE8E>

Nadine Guðrún Yaghi og Birgir Olgeirsson. (2021, 13. maí). Áætla að þrír til sjö milljarðar tapist árlega vegna tryggingasvika. Vísir. <https://www.visir.is/g/20212108850d/aaetla-ad-thrir-til-sjo-milljardar-tapist-arlega-vegna-tryggingasvika>

NAV. (2023). Uføretrygd – Statistikk pr. 31. desember 2022. Sótt af <https://www.nav.no/no/nav-og-samfunn/statistikk/aap-nedsatt-arbeidsevne-og-uforetrygd-statistikk>

NAV. (2025). Uføretrygd og arbeidsevnevurdering i Norge. <https://www.nav.no>

Neytendasamtökin. (2003). Íslenskur tryggingamarkaður og tryggingar heimilanna. Reykjavík: Neytendasamtökin (skýrsla, október 2003).

Neytendasamtökin. (2006). Samkeppni á íslenskum tryggingamarkaði. Neytendasamtökin.

Norges Forsikringsforbund. (2023). Skadeerstatning. Sótt af <https://www.finansnorge.no>

Norsk Pasientskadeerstatning. (2021). Om ménerstatning. Sótt af <https://www.npe.no/erstatningstyper/menerstatning>

OECD. (2023). *Prospects for mutual and cooperative insurance in a changing world* [Skýrsla]. <https://www.oecd.org/finance/insurance/prospects-mutuals-fin-en.pdf>

OECD. (2023a). Global insurance market trends 2022. <https://www.oecd.org/daf/fin/insurance/Global-Insurance-Market-Trends-2022.pdf>

OECD. (2023b). Global insurance market trends 2023. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/e141d5ff-en>

OECD. (2024a). Density. [tafla]. <https://stats.oecd.org/index.aspx?queryid=25445>

OECD. (2024b). Gross claims payments. [tafla]. <https://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=PT7>

OECD. (2024c). Insurance spending [tafla]. doi: 10.1787/adb73055-en

OECD. (2024d). Population [tafla]. doi:10.1787/d434f82b-en.

PersonskadeAdvokat1. (e.d.). Compensation for permanent injury. <https://www.personskadeadvokat1.no/compensation-for-permanent-injury/>

Regjeringen. (2021). Konkurransopolitisk redegjørelse 2021. Oslo: Regjeringen.no. Sótt af <https://www.regjeringen.no>

Regjeringen. (2021). Prop. 234 L (2020–2021): Lov om endringer i finansforetaksloven mv. Sótt frá <https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/prop.-234-l-20202021/id2869855/>

Ross, M. L. (2022). Examples of Asset/Liability Management. Investopedia. <https://www.investopedia.com/articles/investing/041213/examples-assetliability-management.asp>

Sameyki stéttarfélag. (2023). Greining á váttryggingamarkaði á Íslandi. Reykjavík: Sameyki stéttarfélag.

Sameyki stéttarfélag. (2023). Sameyki, 2. tbl. 2023. Sótt af [https://www.sameyki.is/library/Skrar-a-vef/2023/Sameyki%202.%20tbl.%202023%20-%20Copy%20\(2\).pdf](https://www.sameyki.is/library/Skrar-a-vef/2023/Sameyki%202.%20tbl.%202023%20-%20Copy%20(2).pdf)

Samkeppniseftirlitið (2024). Samrunaskrá vegna kaupa Landsbankans á TM hf. (Skjal nr. 27/2024). Reykjavík: Samkeppniseftirlitið.

Sampo Group. (2024). P&C insurance markets by country. <https://www.sampo.com/group/market-overview/pc-insurance-markets-by-country/>

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu. (e.d.). Váttryggingar. <https://www.sff.is/vatryggingar>

Samtök fjármálafyrirtækja. (2023). Tillaga að miðlægri matsstofnun fyrir líkamstjón. Reykjavík: Samtök fjármálafyrirtækja. Sótt af <https://www.sff.is/utgefing-efni>

Santenac, I., Vermeulen, P., Bong, A. S., Fattibene, L., Majkowski, E. og Hurynovich, A. (2023). 2024 Global insurance outlook. EY. https://assets.ey.com/content/dam/ey-sites/ey-com/en_gl/topics/insurance/insurance-pdfs/ey-2024-global-insurance-outlook-report-v2.pdf

Seðlabanki Íslands. (2024a). Fjármálastöðugleiki 2024/1. https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2024/Fj%C3%a1rm%C3%a1last%C3%b6%C3%b0ugleiki%202024_1_vefur.pdf

Seðlabanki Íslands. (2024b). Tímaraðir úr efnahag í febrúar 2024 [gagnasett]. <https://www.seðlabanki.is/hagtolur/nanar/2024/04/17/Tryggingafelog/?stdID=14>

Sjóvá. (2019). Hvað er samsett hlutfall tryggingafélaga? <https://www.sjova.is/um-okkur/frettir/viskubrunnur/hvad-er-samsett-hlutfall-tryggingafelaga/>

Sjóvá. (2023). Ársreikningur samstæðunnar árið 2022. <https://www.sjova.is/media/7677/arsreikningur-samstaedunnar-arid-2022.pdf>

Sjóvá. (2024). Ársreikningur samstæðunnar 2023. <https://www.sjova.is/media/8185/arsreikningur-sjova-almennra-trygginga-2023.pdf>

Sjóvá (2024). Árs- og sjálfbæriskýrsla 2023. Reykjavík: Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Rekstrarniðurstöður Sjóvá fyrir 2023; samsett hlutföll, hagnaður váttrygginga og fjárfestingatekna, sundurliðun eftir tryggingagreinum).

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (2023). Ársreikningur 2023. Reykjavík: Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skaðabótalög nr. 50/1993. <https://www.althingi.is/altext/lagasofn/121a/1993050.html>

Slysabætur. (e.d.). Algengar spurningar. <https://slysabaetur.is/algengar-spurningar/>

Snorri Páll Gunnarsson. (2017, 9. mars). Reksturinn batnar. Viðskiptablaðið, 24-25.

Sveinn Ólafur Melsted. (2024, 17. febrúar 2024). Arion arðbærastur fjórða árið í röð. Viðskiptablaðið. <https://vb.is/frettir/arion-arbaserastur-fjorda-arid-i-rod/>

Sveriges advokatsamfund, 2025. „Regler för advokatverksamhet“ kafli 4.2.1. sótt af netinu 27.1. 2026 (https://www.advokatsamfundet.se/globalassets/advokatsamfundet_sv/advokatetik/regler-for-advokatverksamhet-2025.pdf)

Swiss Re Institute. (2016). *Mutual insurance in the 21st century: Back to the future?*(sigma No. 4/2016). <https://www.swissre.com/institute/research/sigma-research/sigma-2016-04.html>

TM. (2023). Ársreikningur samstæðunnar 2022. https://tmweb.cdn.prismic.io/tmweb/32f41dbf-9cf3-4d3b-b62e-3b46150c0f3f_TM+tryggingar+hf.+%C3%81rsreikningur+samst%C3%A6%C3%B0unnar+2022.pdf

TM. (2024). Ársreikningur samstæðunnar 2023. https://tmweb.cdn.prismic.io/tmweb/111fb4a6-b44a-43f6-b08b-ec005e47bcf5_TM+tryggingar+hf.+%C3%81rsreikningur+samst%C3%A6%C3%B0u+2023.pdf

Tort Liability Act, nr. 412/1974. https://www.finlex.fi/fi/laki/kaannokset/1974/en19740412_19990061.pdf

Trafikskadenämnden (TSN). (2023). Tabeller, cirkulärer och riktlinjer (útg. 2023). Stokkhólmur: TSN. (Sænskar leiðbeiningar um miska- og örorkumat í umferðarslysum).

Trafikskadenämnden. (2023). Medicinsk invaliditet och ersättning. Sótt af <https://www.trafikskadenamnden.se>

Trafikskadenämnden. (2023). Vår verksamhet. Sótt af <https://www.trafikskadenamnden.se>

TryghedsGruppen. (2025, 28. febrúar). „TryghedsGruppen opnår resultat på 1.525 mio. kr. og indstiller til medlemsbonus“. Sótt 12. júní 2025 af <https://www.tryghed.dk/viden/nyheder/2025/0228-tryghedsgruppen-opnaar-resultat-paa-1525-mio-kr-og-indstiller-til-medlemsbonus>

Viðskiptablaðið (2023). „Óheillandi að stiga inn á íslenskan tryggingamarkað“. Sótt af <https://www.vb.is>

Viðskiptablaðið (2024, 29. mars). „Samsett hlutfall númer eitt, tvö og þrjú“. Sótt af <https://www.vb.is>

Viðskiptablaðið. (2024). „Markaðshlutdeild tryggingafélaga 2022–2023.“ Sótt af <https://www.vb.is>

VÍS. (2022). Ársreikningur 2021. Reykjavík: Vátryggingafélag Íslands hf.

VÍS. (2023). Ársreikningur 2022. Reykjavík: Vátryggingafélag Íslands hf.

VÍS. (2022). Fundargerð aðalfundar Vátryggingafélags Íslands hf. https://vis-is.cdn.prismic.io/vis-is/43402d9a-e8bb-4813-b5d1-056cc9e1a19c_22+03+17+--+Fundarger%C3%B0+a%C3%B0alfundar+V%C3%8DS+--+undirritu%C3%B0.pdf

VÍS. (2023). Samandreginn árshlutareikningur samstæðu. https://vis-is.cdn.prismic.io/vis-is/f23f0270-8f30-4d2d-9e13-f6994eaab2a9_V%C3%8DS+--+Samst%C3%A6%C3%B0u%C3%A1rshlutareikningur+30.9.2023.pdf

VÍS. (2024). Samandreginn árshlutareikningur samstæðu 2023. https://vis-is.cdn.prismic.io/vis-is/f8565b79-4206-4baf-ba45-aa20e14631e4_%C3%81rsreikningur+samst%C3%A6%C3%B0u+2023.pdf

Vörður. (2023). Ársreikningur samstæðu fyrir árið 2022. <https://assets.ctfassets.net/peg304hr5cq3/7vM3WjjMRrBefmByPltjMH/69d2726e809e5b06fd81438f6ed515e2/Arskyrsla-samstaedu-samsett-web-3.pdf>

Vörður. (2024). Ársreikningur samstæðu fyrir árið 2023. https://downloads.ctfassets.net/peg304hr5cq3/29p6VDBBTWwXTG1yCNBHx/938431f64788a4c7c05a395307fa56c5/V_r_ur_-_rsreikningur_samst__u_2023__1_.pdf

Weber, T. (2015). Effekter af førtidspensions- og fleksjobreformen. København: Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.

Þingskjal 651, 2022–2023 153. löggjafarþing <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0651.pdf>

Örn Arnarson. (2019). Vátryggingar. Í SFF (annast útgáfu ritraðar), Hnotskurn: 4.bindi. https://sff.is/wp-content/uploads/2020/04/sff_hnotskurn04_net.pdf